



Ársreikningur | 2009



Landsbankinn

Ársreikningur NBI hf.

Skýrsla og áritun Bankaráðs og bankastjóra.....	5
Stofnun og eignarhald	5
Starfsemi tímabilsins.....	6
Áritun Bankaráðs og bankastjóra.....	7
Áritun endurskoðanda	8
Efnahagsreikningur 31. desember 2009	9
Rekstrarreikningur ársins 2009.....	10
Eiginfjárfirlit árið 2009.....	11
Sjóðstreymisfirlit ársins 2009.....	12
Skýringar við ársreikning samstæðu.....	14-78

Skýrsla og áritun bankaráðs og bankastjóra

Ársreikningur NBI hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“) fyrir árið 2009 hefur að geyma samstæðureikning bankans og dótturfélaga (saman nefnt „samstæðan“).

Stofnun og eignarhald

Þann 6. október 2008 óskaði bankaráð Landsbanka Íslands hf. eftir því við Fjármálaeftirlitið (FME) um að það hlutast til um málefni bankans á grundvelli nýrra laga sem Alþingi hafði samþykkt þann sama dag. Hin nýju lög heimiluðu fjármálaráðuneytinu, fyrir hönd ríkissjóðs, að reiða fram fjármagn til stofnunar nýs fjármálafyrirtækis eða til yfirtöku á fjármálafyrirtæki eða þrotabúi þess, að hluta eða í heild, vegna sérstakra og mjög óvenjulegra aðstæðna á fjármálamörkuðum.

Bankinn var stofnaður af fjármálaráðuneytinu þann 7. október 2008 og var stofnfé í upphafi 775 milljónir króna, greitt í reiðufé. Þann 9. október 2008 tók bankinn til starfa, á grundvelli ákvörðunar FME. Bankinn hlaut upphaflega heitið Nýi Landsbanki Íslands hf. en á hluthafafundi þann 21. október 2008 var samþykkt að breyta nafninu í NBI hf. Bankinn starfar engu að síður undir viðskiptaheitinu Landsbankinn. Megin starfsemi samstæðunnar er fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi, fjárfestingarbankastarfsemi, eignastýring og kaup- og rekstrarleigustarfsemi.

Við stofnun bankans var bankaráð kosið til bráðabirgða, en í því sátu fimm aðalmenn og jafn margir varamenn. Nýtt bankaráð var kosið á hluthafafundi 8. nóvember 2008. Ásmundur Stefánsson var kosinn formaður bankaráðs og Haukur Halldórsson varaformaður. Í febrúar 2009 sagði Elín Sigfúsdóttir upp stöðu bankastjóra og tók Ásmundur við starfinu til bráðabirgða og Haukur varð formaður bankaráðs. Erlendur Magnússon varð á sama tíma varaformaður bankaráðs. Ásmundur vék þá úr sæti sem bankaráðsmaður og sat varamaður hans fundi eftir það. Erlendur hætti störfum sem bankaráðsmaður 7. janúar 2010 og sat varamaður hans fundi eftir það. Hluthafafundur þann 18. febrúar 2010 kaus nýtt bankaráð þar sem skipt var um fjóra af fimm bankaráðsmönnum. Meirihluti meðlima þess bankaráðs sem undirritar skýrslu og áritun þessa tók því ekki þátt í stjórnun bankans árið 2009.

Að lokinni yfirfærslu eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til bankans skuldbatt ríkisstjórn Íslands sig til að leggja bankanum til eigið fé í samræmi við kröfur FME. Alþingi samþykkti útgreiðslu úr ríkissjóði í þessum tilgangi. Í ljósi þessa færði bankinn sem eign ógreitt hlutafjárframlag að fjárhæð 149.225 milljónir króna í árslok 2008. Hlutfé að fjárhæð 121.225 milljónir króna var greitt þann 30. desember 2009 í formi ríkisskuldabréfs að nafnvirði 121.225 milljónir króna, auk áfallinna vaxta frá 9. október 2008 að fjárhæð 18.588 milljóna króna sem greiddir voru í reiðufé.

Að loknum umfangsmiklum samningaviðræðum voru samningar undirritaðir 15. desember 2009 þar sem bankinn, ríkisstjórn Íslands og Landsbanki Íslands hf. komu sér saman um kaupverð þeirra eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. sem færðar voru til bankans. Greiðsla kaupverðsins felur í sér eftirfarandi: (i) veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum (EUR, GBP og USD) með heildarnafnvirði 260 milljarða króna og vaxtaberandi frá 9. október 2008, (ii) skilyrt skuldabréf að heildarnafnvirði allt að 92 milljörðum króna sem gefa skal út eigi síðar en 15. apríl 2013 og (iii) kröfur í reiðufé að fjárhæð 28 milljarðar króna sem breyta skal í hlutfé í samræmi við skilmála samningsins.

Á hluthafafundi þann 15. desember 2009 var hlutfé bankans aukið um 121.225 milljónir króna með útgáfu 18.745 milljóna nýrra hluta á genginu 6,47 krónur á hlut. Fjármálaráðuneytið skráði sig fyrir og greiddi í kjölfarið alla nýja hluti fyrir hönd ríkissjóðs.

Á hluthafafundi þann 22. janúar 2010 var hlutfé bankans enn aukið um 28.000 milljónir króna með útgáfu á 4.480 milljónum nýrra hluta á genginu 6,25 krónur á hlut. Landskil ehf., dótturfyrirtæki að fullu í eigu Landsbanka Íslands hf., skráði sig fyrir hlutunum. Greitt var fyrir hlutina með umbreytingu skulda að fjárhæð 28.000 milljónum króna í hlutfé. Að þessari hlutafjárukningu lokinni nemur nafnverð hlutafjár í NBI hf. 24.000 milljónum króna og á yfirverðsreikningi hlutafjár eru 126.000 milljónir króna.

Skýrsla og áritun bankaráðs og bankastjóra

Vegna núverandi efnahagsaðstæðna á Íslandi ríkir frekar mikil óvissa um getu lántaka til að endurgreiða lán sín til samstæðunnar, sér í lagi lán í erlendum gjaldmiðlum sem veitt voru lántakendum með litlar eða engar tekjur í erlendri mynt. Við bætist nýleg niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem úrskurðað var að lán Lýsingar hf. í erlendri mynt væru í raun gengistryggð lán. Héraðsdómur komst einnig að þeirri niðurstöðu að slík gengistrygging bryti gegn lögum. Úrskurðinum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands en þar til niðurstaða fæst er óvissa um raunverulegt virði slíkra útlána bankans og dótturfélaga hans.

Til að draga úr gengisáhættu vegna sveiflna á gengi íslensku krónunnar samþykkti bankinn að gefa út skuldabréf í EUR, USD og GBP til Landsbanka Íslands hf. Gjalddeyrisáhætta er engu að síður stór áhættuþáttur í starfsemi bankans. Frá dagsetningu stofnefnhagsreiknings bankans hafa stjórnendur hans gert ráðstafanir til að draga úr áhættu, til að mynda með því að umbreyta lánum í erlendri mynt í lán í íslenskum krónum.

Eins og fram kemur í skýringu 53 í ársreikningnum kunna hugsanlegar breytingar á kvótakerfinu sem nú eru til umræðu að hafa neikvæð áhrif á lánabók bankans. Sem stendur er ómögulegt að meta slík áhrif.

Stjórnendur bankans hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að bankinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn hefur því verið gerður í samræmi við þá forsendu að bankinn sé rekstrarhæfur. Engu að síður felast í eignum og skuldum bankans ákveðnar áhættur sem gætu hamlað rekstrarhæfi bankans. Að teknu tilliti til forsendna þeirra álagsprófa sem stjórnendur bankans framkvæma hefur bankinn nægilegt eigið fé til áframhaldandi starfsemi. Hættan á verulegum áföllum á markaði á þeim tíma sem endurskipulagning á áhættustöðu samstæðunnar stendur yfir veldur nokkurri óvissu. Aðgengi bankans að fjármagni til að standa straum af gjalddögum skammtímaskulda, sem og hvers konar þörf á endurfjármögnun eigna bankans, skiptir verulegu máli. Frekari upplýsingar um eðli og umfang áhættu tengdri fjáreignum og fjárskuldum og skuldbindingum utan efnahagsreiknings má finna í skýringum með samstæðuársreikningnum.

Starfsemi tímabilsins

Hagnaður samstæðunnar á árinu 2009 var 14.332 milljónir króna. Bankaráð leggur til að ekki verði greiddur út arður. Samanlagt eigið fé samstæðunnar var 157.592 milljónir króna í lok árs, þar með talið nafnverð hlutafjár að fjárhæð 24.000 milljónir króna. Eiginfjárlutfall (CAD-hlutfall) samstæðunnar samkvæmt eiginfjárákvæðum laga um fjármálafyrirtæki var 15,0% í árslok 2009. Í bréfi dagsettu 11. september 2009 gerði FME þá kröfu að bankinn viðhaldi 12% eiginfjárlutfalli undir eiginfjárbætti A og að CAD-hlutfall hans væri 16% til þess að teljast rekstrarhæfur. Þann 31. desember 2009 var eiginfjárlutfall undir eiginfjárbætti A 15,2% og CAD-hlutfallið 15,0%. Bankinn hefur átt í viðræðum við Bankasýslu ríkisins í þeim tilgangi að finna leiðir til að ná tilskildum hlutföllum.

Einstaklingum sem glíma við greiðsluerfiðleika hefur verið boðið upp á ýmiss úrræði. Aðstæður heimila eru mismunandi og því þarf að beita mismunandi úrræðum, sniðnum að aðstæðum hvers viðskiptavinar. Umtalsverður hluti útlána bankans var endurskipulagður árið 2009 og mun endurskipulagning halda áfram árið 2010. Bankinn bauð fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum einnig upp á úrræði og samstæðan hefur sett sér verklagsreglur með það að markmiði að gegnsæi sé tryggt við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Verulegur hluti lána Landsbanka Íslands hf. var yfirtekinn með töluverðum afföllum sem endurspeglar áorðið útlánatap þeirra. Frekari þörf á niðurfærslu lána í samstæðuuppgjörinu var byggð á atburðum sem áttu sér stað eftir að lánin voru færð yfir til bankans. Því endurspeglar staða afskriftarsjóðs útlána og krafna einungis virðisrýrnunartap sem metið hefur verið af samstæðu bankans. Hvers konar auknar endurheimtur af yfirfærðum lánum verða færðar sem tekjur í rekstrarreikningi samstæðunnar.

Vegna mismunandi fjárhagslegs styrkleika viðskiptavina verður bankinn að leggja mat á aukna áhættu af gengissveiflum í lánum bankans í erlendri mynt. Sumir viðskiptavinir bankans eru með allar eða hluta sinna tekna í erlendri mynt á meðan aðrir hafa takmarkaðar eða engar tekjur í erlendri mynt. Síðarnefndir viðskiptavinir munu í mörgum tilfellum lenda í vandræðum við að standa við skuldbindingar sínar ef gengi krónunnar fellur. Þar af leiðandi er gengishagnaður vegna lána og fyrirgreiðslna til þessara viðskiptavina fært í rekstrarreikning að frádregnum þeim hluta gengishagnaðarins sem ekki er talinn innheimtanlegur. Sú fjárhæð sem þannig er ekki talin innheimtanleg á árinu 2009 nemur 9.244 milljónum króna.

Skýrsla og áritun bankaráðs og bankastjóra

Áritun bankaráðs og bankastjóra

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2009 er gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Að okkar álit gefur samstæðuársreikningurinn glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2009, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009.

Ennfremur er álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla og áritun bankaráðs og bankastjóra gefi glögga mynd af þróun og frammistöðu í rekstri og fjárhagsstöðu samstæðunnar og lýsi þeim megin áhættu- og óvissupáttum sem að samstæðunni steðja.

Bankaráð og bankastjóri hafa í dag rætt ársreikning NBI hf. fyrir árið 2009 og staðfesta hann með áritun sinni. Bankaráð og bankastjóri mæla með því að aðalfundur NBI hf. samþykki ársreikninginn.

Reykjavík, 8. apríl 2010

Bankaráð

Gunnar Helgi Hálfðanarson

formaður

Haukur Halldórsson

Sigríður Hrólfsdóttir

Guðríður Ólafsdóttir

Friðrik Pálsson

Bankastjóri

Ásmundur Stefánsson

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa NBI hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning NBI hf. og dótturfyrirtækja („samstæðunnar“) sem samanstendur af skýrslu og áritun Bankaráðs, efnahagsreikningi þann 31. desember 2009, rekstrarreikningi samstæðunnar, breytingu á eigin fé samstæðunnar og sjóðstreymi samstæðunnar það ár og samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum og aðra skýringatexta.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáið um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðu NBI hf. þann 31. desember 2009, afkomu samstæðunnar og sjóðstreymi hennar á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 2 við samstæðuársreikninginn. Stjórnendur bankans hafa metið getu bankans til áframhaldandi reksturs og telja þeir að hann hafi burði til þess. En eins og rætt er um í skýringu 2 þá eru vissir áhættuþættir í eignum og skuldum bankans sem kunna að hindra getu hans til áframhaldandi reksturs.

Reykjavík, 8. apríl 2010

KPMG hf.

Reynir Stefán Gylfason

Helgi F. Arnarson

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Skýringar		2009	2008
Eignir			
7	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	26.174	30.071
6, 8	Skuldabréf og skuldagerningar	165.721	39.896
6, 8	Hlutabréf og eiginfjárgæðingar	23.411	39.681
6, 9	Afleiðusamningar	971	0
10	Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	83.129	8.845
11	Útlán og kröfur á viðskiptavinum	667.122	705.182
12	Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	2.945	2.518
13	Rekstrarfjármunir	6.030	6.864
14	Óefnislegar eignir	1.058	1.220
23	Skatteign	6.682	7.347
15	Ógreitt hlutafjárframlag	0	149.225
16	Aðrar eignir	13.980	38.958
		997.223	1.029.807
17	Eignir í sölumeðferð	63.878	7.584
	Eignir samtals	1.061.101	1.037.391
Skuldir			
18	Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	98.228	132.219
19	Innlán frá viðskiptavinum	452.655	431.006
6, 9	Afleiðusamningar og skortstöður	5.943	746
23	Skattskuldir	83	845
4, 20	Skuldbinding við Landsbanka Íslands hf.	0	305.057
21	Lántaka	306.493	0
4, 6, 22	Skilyrt skuldabréf	10.241	0
24	Aðrar skuldir	8.177	19.793
		881.820	889.666
17	Skuldir vegna eigna í sölumeðferð	21.689	4.440
	Skuldir samtals	903.509	894.106
25	Eigið fé		
	Hlutfé	24.000	24.000
	Yfirverðsreikningur hlutafjár	123.898	125.898
	Lögbundinn varasjóður	741	0
	Óráðstafað eigið fé (uppsafnað tap)	6.791	(6.945)
	Eigið fé hluthafa bankans	155.430	142.953
	Hlutdeild minnihluta	2.162	332
	Eigið fé samtals	157.592	143.285
	Skuldir og eigið fé samtals	1.061.101	1.037.391

Skýringarnar á blaðsíðum 14 til 78 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Rekstrarreikningur ársins 2009

Skýringar		2009	7.10–31.12. 2008*
	Vaxtatekjur	105.248	27.076
	Vaxtagjöld	(77.143)	(23.730)
26	Hreinar vaxtatekjur	28.105	3.346
27, 62	Hrein virðisrýrnun útlána og krafna	(6.577)	(1.256)
	Hreinar vaxtatekjur að frádreginni hreinni virðisrýrnun útlána og krafna	21.528	2.090
	Þjónustutekjur	6.835	1.710
	Þjónustugjöld	(2.622)	(723)
28	Hreinar þjónustutekjur	4.213	987
29	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	4.020	(39.664)
30	Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	2.876	805
31	Hreint gjaldeyrisgengis(tap) –hagnaður	(2.814)	32.869
32	Aðrar tekjur og gjöld	902	521
	Aðrar rekstrartekjur	4.984	(5.469)
	Rekstrartekjur samtals	30.725	(2.392)
33	Laun og launatengd gjöld	8.468	1.874
34	Annar stjórnunarkostnaður	6.064	2.481
13	Afskriftir	1.278	294
35	Kostnaður vegna yfirtöku eigna og skulda frá Landsbanka Íslands hf.	1.044	3.072
	Rekstrargjöld samtals	16.854	7.721
12	Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага, eftir skatta	383	193
	Hagnaður (tap) fyrir skatta	14.254	(9.920)
36	Tekjuskattur	(615)	2.941
	Hagnaður (tap) af áframhaldandi starfsemi	13.639	(6.979)
17	Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	693	43
	Hagnaður (tap) ársins	14.332	(6.936)
Hagnaður (tap) ársins tilheyrir:			
Hluthafar bankans			
	Hagnaður (tap) af áframhaldandi starfsemi	13.639	(6.979)
	Hagnaður af aflagðri starfsemi	838	34
	Hagnaður (tap) ársins sem tilheyrir hluthöfum bankans	14.477	(6.945)
Hlutdeild minnihluta			
	Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	0	0
	(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi	(145)	9
	Hlutdeild minnihluta í (tap) hagnaði ársins	(145)	9
	Hagnaður (tap) ársins	14.332	(6.936)

* Samanburðarfjárhæðirnar takmarkast við tímabilið 7.10. – 31.12.2008, enda var bankinn ekki stofnaður fyrr en 7. október 2008.

Skýringarnar á blaðsíðum 14 til 78 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit árið 2009

Skýringar

		Eigið fé hluthafa						
		Yfirverðs						
		reikningur	Lögbundinn	Óráðstafað			Hlutdeild	
		hlutafé	hlutafjár	varasjóður	eigið fé	Samtals	minnihluta	Samtals
Breytingar á eigin fé á tímabilinu 7.10 – 31.12.2008								
25	Innborgað hlutafé við stofnun bankans	775				775		775
15	Ógreitt hlutafjárloforð	23.225	126.000			149.225		149.225
	Kostnaður við útgáfu hlutafjár eftir skatta		(102)			(102)		(102)
4	Keyptur minnihluti í dótturfélagi					0	168	168
	Breytingar á hlutdeild minnihluta					0	155	155
	Tap ársins				(6.945)	(6.945)	9	(6.936)
Staða þann 31. desember 2008		24.000	125.898	0	(6.945)	142.953	332	143.285
Breytingar á eigin fé 2009								
	Hagnaður ársins			0	14.477	14.477	(145)	14.332
25	Lagt í lögbundinn varasjóð			741	(741)	0		0
4	Ígildi eiginfjárúthlutunnar		(2.000)			(2.000)		(2.000)
	Breytingar á hlutdeild minnihluta					0	1.975	1.975
Staða þann 31. desember 2009		24.000	123.898	741	6.791	155.430	2.162	157.592

Skýringarnar á blaðsíðum 14 til 78 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2009

Skýringar		2009	7.10–31.12. 2008*
Rekstrarhreyfingar			
	Hagnaður (tap) ársins	14.332	(6.936)
	Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	(25.654)	1.552
	Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(29.770)	5.725
	Innborgaðar vaxtatekjur	94.024	9.451
	Greiddir vextir	(56.303)	(17.861)
	Fenginn arður	785	0
	Greiddur tekjuskattur	(461)	(27)
	Handbært fé til rekstrar	(3.047)	(8.096)
Fjárfestingarhreyfingar			
4	Handbært fé sem var hluti af keyptum eignum frá Landsbanka Íslands hf.	0	29.829
12	Fjárfesting í hlutdildarfélögum	(44)	0
13	Keyptir rekstrarfjármunir	(299)	(203)
13	Seldir rekstrarfjármunir	129	4
14	Eignfærðar óefnislegar eignir	(112)	(66)
	Fjárfestingarhreyfingar	(326)	29.564
Fjármögnunarhreyfingar			
25	Innborgað hlutafé við stofnun bankans	0	775
	Innborgað hlutafé í dótturfélögum	88	162
	Fjármögnunarhreyfingar	88	937
	(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(3.285)	22.405
	Handbært fé í upphafi tímabils	22.897	0
31	Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1.554	492
	Handbært fé í árslok	21.166	22.897

* Samanburðarfjárhæðirnar takmarkast við tímabilið 7.10. – 31.12.2008, enda var bankinn ekki stofnaður fyrr en 7. október 2008.

Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar sem hreyfa ekki eigið fé			
15	Ógreidd hlutafjárloforð		149.225
25	Ógreitt hlutafé		149.225
4	Eignir og skuldir keyptar af Landsbanka Íslands hf.		274.968
4	Hlutdeild minnihluta		(168)
20	Skuldbinding við Landsbanka Íslands hf.		274.800
4, 25	Uppgjör hlutafjárframlags með viðtöku ríkisbréfa	121.225	
4, 20	Uppgjör á hlutafjárframlagi með nettun á móti skuldbindingu Landsbanka Íslands hf.	28.000	
20	Uppgjör á vöxtum af hlutafjárframlagi með nettun á móti skuldbindingu við Landsbanka Íslands hf.	4.270	
4, 20	Uppgjör á skuldbindingu við Landsbanka Íslands hf. með lántöku	312.168	

Skýringarnar á blaðsíðum 14 til 78 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2009 (framhald)

Skýringar		2009	7.10-31.12. 2008*
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi			
26	Hreinar vaxtatekjur	(28.105)	(3.346)
27	Virðisrýrnun	6.577	1.256
13	Afskriftir	1.278	294
36	Tekjuskattur	615	(2.941)
12	Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага, eftir skatta	(383)	(193)
29	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	(4.020)	39.664
30	Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	(2.876)	(805)
31	Hreint gjaldeyrisgengis(tap) -hagnaður	1.260	(32.377)
		(25.654)	1.552
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka		(719)	(918)
Breytingar á lánum og kröfum til fjármálafyrirtækja		(21.895)	3.934
Breytingar á lánum og kröfum til viðskiptavina		(6.172)	12.299
Breytingar á skuldabréfum og hlutabréfum		8.829	(45.447)
Breytingar á öðrum eignum		5.003	(25.636)
Breytingar á skuldum við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka		(31.019)	47.566
Breytingar á innlánum viðskiptavina		24.493	9.544
Breytingar á innheimtum veðum		(4.419)	0
Breytingar á öðrum skuldum		(3.871)	4.383
		(29.770)	5.725
Handbært fé í árslok			
7	Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	16.538	21.154
10	Innstæður hjá fjármálafyrirtækjum	4.628	1.743
Handbært fé í árslok		21.166	22.897

* Samanburðarfjárhæðirnar takmarkast við tímabilið 7.10. - 31.12.2008, enda var bankinn ekki stofnaður fyrr en 7. október 2008.

Skýringarnar á blaðsíðum 14 til 78 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Skýringar við ársreikning samstæðu

	Blaðsíða		Blaðsíða
Almennt		Áhættustýring eiginfjár	
1 Fyrirtæki sem reikningsskilin taka til.....	15	43 Áhættustýring eiginfjár	55
2 Grundvöllur reikningsskilanna.....	15-16	44 Eiginfjárgrunnur og eiginfjárlutfall.....	55
3 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir.....	17-29	Áhættustýring	
4 Sameining fyrirtækja – 2008.....	30-34	45 Mikilvægar fjárhagslegar áhættur	56
5 Starfsþættir.....	34	46 Áhættustýringarferli.....	56
Skýringar með efnahagsreikningi		47 Áhættustýringarrámmi.....	56-57
6 Flokkun og gangvirði fjáreigna og –skulda.....	35-38	48 Áhættustýringarsvið.....	57
7 Sjóður og innstæður í Seðlabanka.....	39	49 Áhættustefna og áhættuvilji.....	57
8 Skuldabréf og hlutabréf.....	39	50 Áhrif fjármálakreppunnar.....	58-59
9 Afleiðusamningar og skortstöður.....	40	Lánsáhætta	
10 Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki.....	40	51 Lánsáhætta.....	60
11 Útlán og kröfur á viðskiptavini.....	40	52 Stýring lánsáhættu.....	60
12 Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum.....	41	53 Varnir gegn lánsáhættu.....	60
13 Rekstrarfjármunir.....	41	54 Mæling lánsáhættu.....	61
14 Óefnislegar eignir.....	42	55 Virðisrýrnun útlána.....	61
15 Ógreitt hlutafjárframlag.....	42	56 Hámark lánsáhættu og samþjöppun miðað við atvinnugreinar.....	62-63
16 Aðrar eignir.....	42	57 Útlán og kröfur eftir atvinnugreinum.....	64
17 Eignir og skuldir í sölumeðferð.....	42	58 Lámsgæði fjáreigna.....	64
18 Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka.....	43	59 Útlán og kröfur sem eru hvorki í vanskilum né	
19 Innlán frá viðskiptavinum.....	43	sérstaklega virðisrýrð.....	65
20 Skuldbinding við Landsbanka Íslands hf.....	43	60 Útlán og kröfur í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð.....	65
21 Lántaka.....	43	61 Lán og kröfur á viðskiptavini með sérstaka virðisrýrnun.....	66
22 Skilyrt skuldabréf.....	43	62 Virðisrýrnun útlána og krafna á viðskiptavini	66
23 Skattainneignir og –skuldir.....	44-45	63 Útlán sem hefur verið endursamið um.....	66
24 Aðrar skuldir.....	45	64 Stórar áhættur	67
25 Eigið fé.....	46	65 Skuldabréf og skuldagerningar.....	67
Skýringar við rekstrarreikning samstæðunnar		Lausafjárahætta	
26 Hreinar vaxtatekjur.....	47	66 Lausafjárahætta.....	68
27 Hreinar vaxtatekjur án virðisrýrnunartaps.....	47	67 Stýring lausafjárahættu.....	68
28 Hreinar þóknunartekjur.....	48	68 Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda.....	69-70
29 Hreinar tekjur (tap) af fjáreignum færðum á gangvirði		69 Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda eftir myntum.....	71
í gegnum rekstrarreikning.....	48	Markaðsáhætta	
30 Hreinar tekjur af veltufjáreignum og –skuldum	48	70 Markaðsáhætta.....	72
31 Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap).....	49	71 Stýring markaðsáhættu.....	72
32 Aðrar tekjur og gjöld.....	49	72 Næmnisgreining veltubóka.....	73
33 Laun og launatengd gjöld.....	49	73 Vaxtaáhætta eigna utan veltubókar.....	74
34 Annar stjórnunarkostnaður.....	50	74 Næmnisgreining eigna utan veltubókar.....	75
35 Yfirtökukostnaður.....	50	75 Verðtryggingaráhætta (öll söfn).....	77
36 Tekjuskattur.....	50	Gjaldeyrisáhætta	
Aðrar skýringar		76 Gjaldeyrisáhætta (öll söfn).....	76
37 Málaferli.....	51	77 Gjaldeyrisstuðull.....	76
38 Veðsettar eignir.....	52	78 Samþjöppun gjaldeyrisáhættu	76-77
39 Kaupleiga.....	52	79 Næmni gagnvart gjaldeyrisáhættu.....	77
40 Fjárvarsla.....	53	Rekstraráhætta	
41 Viðskipti við tengda aðila.....	53-54	80 Rekstraráhætta.....	78
42 Atburðir eftir reikningsskiladag.....	54		

Skýringar við ársreikning samstæðu

Almennt

1. Fyrirtæki sem reikningsskilin taka til

Fjármálaráðuneytið stofnaði NBI hf. (hér eftir vísað til sem „bankinn“) 7. október 2008 fyrir hönd ríkissjóðs. Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Rekstrarleyfi bankans er samkvæmt lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME). Skráð aðsetur bankans er í Austurstræti 11, 155 Reykjavík. Samstæðuársreikningur bankans fyrir árið 2009 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd samstæðan og hvert fyrir sig „samstæðufyrirtæki“). Meginstarfsemi samstæðunnar er á sviði fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi og eignaumsýslu. Samstæðan starfar eingöngu á Íslandi.

Samkvæmt lögum nr. 125/2008, sem Alþingi setti 6. október 2008, og vegna óvenjulegra og sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði tók FME yfir starfsemi Landsbanka Íslands hf. þann 7. október 2008. Fjármálaeftirlitið ákvað formlega 9. október 2008 og með síðari breytingum að flytja tiltekna starfsemi ásamt eignum og skuldum frá Landsbanka Íslands hf. til bankans. Haft var að leiðarljósi að flytja megin hluta af innlendum rekstri Landsbanka Íslands hf. ásamt tengdum eignum og skuldum til bankans til að tryggja áframhaldandi bankastarfsemi fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Nánari upplýsingar eru veittar í skýringu 4 um eignirnar og skuldirnar sem fluttar voru í bankann og gagngjald bankans til Landsbanka Íslands hf.

Bankaráð bankans heimilaði útgáfu þessa samstæðuársreiknings þann 8. apríl 2010.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningurinn fylgir IFRS sem voru í gildi 31. desember 2009, að undanskildu því að samstæðan innleiddi nokkra staðla fyrir gildistökutíma þeirra (sjá skýringu 3).

Ársreikningurinn var saminn á ensku, samþykktur af stjórn og áritaður af endurskoðendum félagsins þann 8. mars 2010. Sé munur á enskri útgáfu og íslenski þýðingu, þá gildir enska útgáfan.

Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa metið hvort samstæðan hafi getu til áframhaldandi rekstrar og telja að svo sé. Af því leiðir að samstæðuársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi. Það felast þó ákveðnir áhættuþættir í eignum og skuldum samstæðunnar sem gætu hamlað getu bankans eða dótturfélaga hans til áframhaldandi rekstrar.

Óvissa um getu skuldara til að endurgreiða lán til samstæðunnar er frekar mikil vegna núverandi efnahagsaðstæðna á Íslandi. Sérstaklega er mikil óvissa vegna lána í erlendri mynt sem veitt voru lántökum með litlar eða engar tekjur í erlendri mynt. Til að draga úr áhættu sem stafar af sveiflum í gengi íslensku krónunnar samþykkti bankinn að gefa út skuldabréf til Landsbanka Íslands hf. í evrum, bandaríkjadollurum og breskum pundum. Gengisáhætta er engu að síður verulegur áhættuþáttur í starfsemi samstæðunnar. Frá því að stofnefnahagsreikningur var lagður fram hafa stjórnendur bankans gripið til aðgerða til að draga úr þeirri áhættu, til dæmis með því að breyta lánnum í erlendri mynt í lán í íslenskar krónur. Þessu til viðbótar hefur Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðað í tveimur málum um lögmæti lána í erlendum gjaldmiðlum með þeim hætti að úrskurðirnir stangast á. Báðum úrskurðum var áfrýjað til Hæstaréttar. Möguleiki er á að Hæstiréttur úrskurði að sum lán samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum til einstaklinga og fyrirtækja séu í raun lán í íslenskum krónum, en það gæti haft áhrif á önnur lán samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum.

Stjórnendur bankans telja að lán samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum séu samkvæmt íslenskum lögum. Það er skoðun stjórnenda að samstæðan sé nægilega fjármögnuð til áframhaldandi rekstrar miðað við mat þeirra á lögmæti lána í erlendum gjaldmiðlum og niðurstöður álagsprófa bankans. Hættan á verulegum áföllum á markaði á þeim tíma sem endurskipulagning á áhættustöðu samstæðunnar stendur yfir veldur nokkurri óvissu. Verulegu máli skiptir að samstæðan hafi aðgang að fjármögnun svo takast megi að standa við núverandi skammtímaskuldir og viðhalda fjármögnun eigna hennar. Nánari upplýsingar um eðli og umfang áhættunnar sem fylgir fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar og áhættu utan efnahagsreiknings er að finna í skýringum 37 og 45–79.

Matsgrundvöllur

Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverði að undanskildum:

- Fjáreignum og -skuldum sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sem metnar eru á gangvirði,
- Fastafjármunum til sölu og eignasamstæðna í sölumæðferð, og metin eru á því sem lægra reynist af bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Liðir í reikningsskilum hvers og eins fyrirtækis samstæðunnar eru færðir í gjaldmiðli þess efnahagsumhverfis sem það starfar (starfrækslugjaldmiðli þess). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum (ISK), sem er einnig starfrækslugjaldmiðill bankans, námundaðar að næstu milljón nema annað komi fram.

Skýringar við ársreikning samstæðu

2. Grundvöllur reikningsskilanna (framhald)

Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Í skýringu 3 er fjallað um mat og gefnar forsendur sem fela í sér talsverða áhættu sem gæti leitt til verulegra breytinga á bókfærðu verði eigna og skulda á næsta fjárhagsári.

Breytingar á reikningsskilaðferðum

Þann 1. janúar 2009 breytti samstæðan reikningsskilaaðferðum sínum hvað varðar eftirfarandi liði:

- Vaxtatekjur af veltufjáreignum eru nú færðar í rekstrarreikningi undir liðnum „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“ en var áður undir liðnum „Vaxtatekjur“.
- Vaxtatekjur af fjáreignum sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru nú settar fram í rekstrarreikningi undir liðnum „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði“ en voru áður færðar meðal vaxtatekna.
- Hreinn gjaldeyrisgengismunur af afleiðueignum og afleiðuskuldum, öðrum en framvirkum gjaldmiðlasamningum, er nú færður undir liðnum „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“ í rekstrarreikningi en var áður undir liðnum „Hreint gjaldeyrisgengis(tap) -hagnaður“. Hreinn gjaldeyrisgengismunur af framvirkum gjaldeyrisafleiðum er hins vegar enn færður undir liðnum „Hreint gjaldeyrisgengis(tap) -hagnaður“ í rekstrarreikningi.

Framsetning samanburðarfjárhæða í rekstrarreikningi hefur verið breytt til samræmis við ofangreindar breytingar. Liðirnir sem breytast og fjárhæðir eru sem hér segir:

- Liðurinn „Vaxtatekjur“ lækkar um 945 milljónir króna.
- Liðurinn „Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“ hækkaði um 338 milljónir króna.
- Liðurinn „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum á gangvirði“ hækkar um 321 milljónir króna.
- Liðurinn „Hreint gjaldeyrisgengis(tap) -hagnaður“ hækkar um 286 milljónir króna.

Breytt framsetning fyrrgreindra liða er vegna þess, að hún er talin eiga betur við en fyrri aðferð og veita betri upplýsingar um afkomu viðkomandi fjáreigna og fjárskulda.

Í upphafi árs 2009 tók gildi endurbættur staðall IAS 1 Framsetning reikningsskila (2007). Staðallinn bannar framsetningu tekna og gjalda (þ.e. breytingar á eigin fé sem ekki tilheyra hluthöfum) í yfirliti um breytingar á eigin fé, en krefst þess að breytingar á eigin fé sem ekki tilheyra hluthöfum skuli sýndar aðskildar frá breytingum á eigin fé vegna hluthafa í yfirliti um heildarafkomu. Innleiðing IAS 1 (endurbættur 2007) hafði ekki nein áhrif á ársreikning samstæðunnar vegna þess engar tekjur eða gjöld eru færð í annarri heildarafkomu. Því birtir samstæðan aðeins rekstrarreikning í samstæðuársreikningi sínum.

Aðrar reikningsskilabreytingar

Samstæðan hefur innleitt breytingar á upplýsingagjöf vegna fjármálagerna í samræmi við endurbætur sem gerðar voru á staðli IFRS 7 í mars 2009. Breytingarnar gera kröfu um aukna upplýsingagjöf varðandi ákvörðun gangvirðis og lausafjárhættu.

Breytingarnar krefjast þess að upplýsingagjöf um gangvirði byggist á þriggja þrepa stigskiptingu sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerna. Sérstakar kröfur eru gerðar til upplýsingagjafa þegar ákvörðun um gangvirði er flokkuð á þriðja stig (notast er við mikilvægar forsendur sem ekki byggjast á markaðsupplýsingum).. Breytingarnar krefjast þess að gerð verði grein sérstaklega fyrir sérhverjum flutningi á milli fyrsta og annars stigs gangvirðis, og greint verði á milli flutnings af og á hvert stig. Þess er einnig krafist að upplýsingar séu veittar, fyrir hvern flokk fjármálagerna, um breytingar á verðmatsaðferðum á milli tímabila ásamt ástæðum fyrir þeim.

Skilgreining á lausafjárhættu hefur verið endurbætt og telst nú vera sú hættu að fyrirtæki muni eiga í erfiðleikum við að standa við fjárskuldbindingar sem gerðar eru upp með afhendingu reiðufjár eða annarra fjáreigna. Breytingarnar krefjast eftirstöðvagreiningar bæði aleiðuskulda og annarra fjárskulda, en aðeins er krafist eftirstöðvagreiningar afleiðuskulda þegar samningsbundnir gjalddagar þeirraskipta verulegu máli varðandi skilning á tímasetningu sjóðstreymis. Hvað útgefnar ábyrgðir varðar, krefjast breytingarnar þess að hámarksfjárhæð ábyrgða sé færð á fyrsta tímabilinu sem hægt væri að krefjast þeirra.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram í samstæðuársreikningum, hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir lík viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaaðferðunum hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem fram koma. Eins og fram kemur í skýringu 2 voru ákveðnar breytingar gerðar frá þeim reikningsskilaaðferðunum sem samstæðan beitti við gerð samstæðuársreiknings síns fyrir tímabilið frá 7. október til 31. desember 2008. Þær breytingar varða framsetningu ákveðinna liða tekna og gjalda í rekstrarreikningi. Hér á eftir er gerð grein fyrir mikilvægustu reikningsskilaaðferðum sem beitt var við gerð þessa samstæðuársreiknings.

Grundvöllur samstæðu

(a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þeirra í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þeirra. Almenn fylgir slíku eignarhald á hlutum með meira en helmingi atkvæðaréttar. Við mat á því hvort samstæðan hafi yfirráð yfir félagi er tekið tillit til áhrifa mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur eða hægt er að breyta í virkan rétt. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferðinni er beitt við sameiningu fyrirtækja í samstæðunni. Gagngjald við kaup á dótturfélagi innifelur gangvirði yfirfærðra eigna, skulda sem stofnað er til og eigin fé útgefnu af samstæðunni. Gagngjaldið felur í sér gangvirði sérhverrar eignar eða skuldar sem eru tilkomnar vegna skilytrtra greiðslna. Kostnaður tengdur kaupum, annar en sá sem tilheyrir útgáfu skulda- og hlutabréfa, er gjaldfærður þegar hann fellur til. Aðgreinanlegar keyptar eignir og skuldir yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru upphaflega metnar á gangvirði á yfirtökudegi. Óvissar skuldbindingar hins yfirteknra félags eru aðeins færðar við sameiningu fyrirtækja ef slík skuldbinding er þegar til staðar og er til komin vegna liðsins atburðar, og hægt er að meta gangvirði hennar með áreiðanlegum hætti. Nánari upplýsingar eru veittar í þessari skýringu um hvernig samstæðan færir viðskiptavild sem til verður við sameiningu fyrirtækja.

Viðskipti á milli samstæðufélaga, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður af viðskiptum þeirra á milli eru felld út í samstæðuársreikningnum. Óinnleyst tap er einnig felld út nema að með viðskiptunum sé sýnt fram á virðisrýrnun yfirfærðrar eignar. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt eftir því sem við á til að tryggja samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

(b) Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti hagnaðar eða taps og eiginfjár sem bankinn á ekki beint eða óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi samstæðunnar og er talin með eigin fé í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðskilin frá eigin fé sem tilheyrir eigendum bankans. Samstæðan ákveður fyrir hver kaup fyrir sig hvort meta eigi eignarhlutar minnihlutareigenda í keyptu fyrirtæki á gangvirði eða miðað við hlutdeild þeirra í hreinum eignum keypta fyrirtækisins. Breytingar á eignarhlut bankans í dótturfélagi sem leiða ekki til að yfirráð tapist eru færðar sem eiginfjárhreyfingar. Þegar um þess háttar breytingar er að ræða er hlutdeild meirihluta- og minnihlutaeigenda í dótturfélaginu breytt til samræmis við fyrrgreindar breytingar. Þegar stöðu eignarhluta án yfirráða er breytt er mismuninum á stöðunni og gangvirði greiðslunnar sem greidd er eða móttækin færð beint undir eigið fé og tileinkuð eigendum bankans.

(c) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20 til 50 % atkvæðisréttar annars félags. Hlutdeildaraðferð er beitt vegna fjárfestinga í hlutdeildarfélögum frá og með þeim degi sem verulegum áhrifum er náð og eru fjárfestingarnar færðar á kostnaðarverði í upphafi. Viðskiptavild í tengslum við hlutdeildarfélög er innifalin í bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Óheimilt er að afskrifa viðskiptavild. Ef hlutdeild samstæðunnar í hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda hlutdeildarfélags er umfram kostnaðinn við fjárfestinguna er það sem umfram er fært sem tekjur við ákvörðun á hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins á því tímabili sem fjárfest er.

Þar sem viðskiptavild er ekki aðgreind frá bókfærðu verði fjárfestingar í hlutdeildarfélagi, er virðisrýrnun hennar ekki prófuð sérstaklega samkvæmt kröfum um virðisrýrnunarpróf í reikningsskilastaðlinum IAS 36 *Virðisrýrnun eigna*. Þess í stað er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á fjárfestingunni í heild sinni samkvæmt IAS 36, með því að bera saman endurheimtanlegt virði hennar og bókfært virði, í hvert sinn sem beiting reikningsskilastaðalsins IAS 39 *Fjármálagerningar: Skráning og ákvörðunaraðferðir* gefur til kynna að virðisrýrnun kunni að hafa átt sér stað.

Hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga sinna eftir yfirtöku er færð í rekstrarreikning og hlutdeild hennar í hreyfingum varasjóða þeirra er færð í varasjóðum samstæðunnar. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru færðar á móti bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags jöfn eða hærri en bókfært verð þess, að meðtöldum öllum öðrum óveðtrygðum kröfum, færir samstæðan ekki frekara tap, nema að hún hafi gengis í ábyrgðir fyrir félagið eða innt af hendi greiðslur fyrr hönd þess.

Óinnleystur hagnaður af viðskiptum á milli samstæðunnar og hlutdeildarfélaga hennar eru felld út, að því marki sem nemur hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögnum. Óinnleyst tap er jafnframt felld út nema að með viðskiptunum sé sýnt fram á virðisrýrnun eignarinnar sem flutt var. Reikningsskilaaðferðum hlutdeildarfélaga hefur verið breytt þar sem þarf til að tryggja samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil viðkomandi fyrirtækis samstæðunnar á stundargengi þess dags sem viðskiptin eiga sér stað. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum á uppgjörsdegi eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði, eftir því sem við á, í viðkomandi erlendum gjaldmiðli og umreiknuð í starfrækslugjaldmiðlinn á stundargengi þess dags. Gjaldmiðlagengishagnaður eða –tap af peningalegum liðum er munurinn á afskrifuðu kostnaðarverði í starfrækslugjaldmiðlinum við upphaf tímabilsins, leiðrétt fyrir virkum vöxtum og greiðslum á tímabilinu og afskrifaða kostnaðarverðinu í erlenda gjaldmiðlinum umreiknað á stundargengi í lok tímabilsins. Ópeningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem eru metnar á gangvirði, eru fyrst metnar á gangvirði í viðkomandi erlendum gjaldmiðli og síðan umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðlinn á stundargengi þess dags sem gangvirðið var ákvarðað. Allur gjaldeyrismunur sem verður til vegna umreiknings í starfrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikning.

Vegna þess hve viðskiptavinir standa misvel að vígi fjárhagslega hefur samstæðan metið aukna útlánahættu vegna gengissveiflna í því lánasafni sem er í erlendum gjaldmiðlum. Sumir viðskiptavinir eru með hluta eða allar tekjur sínar í erlendum gjaldmiðli; aðrir eru með mjög takmarkaðan eða engan hluta teknanna í erlendum gjaldmiðli. Í mörgum tilvikum munu viðskiptavinir með litlar eða engar tekjur í erlendum gjaldmiðli lenda í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar ef gengi íslensku krónunnar lækkar. Vegna viðskiptavina með litlar eða engar tekjur í erlendum gjaldmiðli er gengishagnaður vegna útlána og krafna til þeirra færður í rekstrarreikning án þess hluta hans sem talinn er óinnheimtanlegur.

Fjáreignir og fjárskuldir

(a) Skráning

Samstæðan færir útlán og kröfur, innlán og útgefin skuldabréf upphaflega á þeim degi þegar þau verða til. Allar aðrar fjáreignir og –skuldir eru upphaflega skráðar á þeim degi sem samstæðan verður aðili að samningsákvæðum gerningsins. Reglubundin kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina.

Fjáreign eða fjárskuld er upphaflega metin á gangvirði að teknu tilliti til viðskiptakostnaðar, sem rekja má beint til kaupa eða útgáfu, þegar um er að ræða fjáreign eða fjárskuld sem er ekki metin síðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

(b) Flokkun

Samstæðan flokkar allar fjáreignir ýmist sem útlán og kröfur eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Samstæðan flokkar allar fjárskuldir ýmist á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreign eða fjárskuld er flokkuð sem veltufjáreign eða veltufjárskuld ef hún er keypt eða til orðin aðallega í þeim tilgangi að selja eða kaupa hana aftur innan skamms tíma eða ef hún er hluti af safni skilgreindra fjármálagerninga sem er stýrt sameiginlega og gögn sýna nýlegt mynstur skammtímahagnaðar af því. Veltufjáreignir samanstanda af skuldargerningum, eiginfjárgerningum- og afleiðum, . Veltufjárskuldir eru afleiðuskuldir og skortstöður, þ.e. skuldbindingar um að láta af hendi fjáreignir sem samstæðan hefur fengið lánaðar og selt þriðju aðilum.

Samstæðan tilgreinir ákveðnar fjáreignir á gangverði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald þegar fjáreignirnar eru hluti af safni fjármálagerninga sem er stýrt á grundvelli gangvirðis og upplýsingagjöf til yfirstjórnenda byggir á gangvirði.

Útlán og kröfur eru fjáreignir með fastar eða útreiknanlegar greiðslur sem ekki eru á virkum markaði og eiga uppruna í samstæðunni eða samstæðan kaupir án þess að hafa í hyggju að eiga viðskipti með þær.

(c) Afskráning

Samstæðan afskráir fjáreign þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar samstæðan flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða samstæðan heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Samstæðan á viðskipti þar sem hún yfirfærir eignir sem skráðar eru í efnahagsreikningi sínum, en heldur eftir annaðhvort öllum eða verulegum hluta af áhættu og ávinningi eignanna sem fluttar eru, eða hluta þeirra. Í tilvikum þar sem öll eða verulegur hluti áhættu og ávinnings er haldið eftir er yfirfærð eign ekki afskráð. Til yfirfærslu eigna, þar sem öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinningi er haldið eftir, teljast til dæmis verðbréfalán og endurkaupaviðskipti.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnar skuldbindingar hennar eru uppfylltar, þær felldar niður eða renna út.

(d) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldbindingum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar, og aðeins þegar, til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera upp á nettógrunni, eða innleysa eignina og gera skuldbindinguna upp samtímis.

Tekjur og gjöld eru aðeins sett fram á nettógrunni þegar reikningsskilastaðlar leyfa slíkt, eða þegar hagnaður og tap er til kominn af hópi áþekkra viðskipta svo semviðskipta með veltufjáreignir og veltufjárskuldir.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

(e) Mat afskrifaðs kostnaðarverðs

Afskrifað kostnaðarverð fjáreign eða fjárskulda er sú upphæð fjáreignar eða fjárskuldar sem hún var metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum endurgreiðslum af höfuðstóli, plús eða mínus uppsöfnuð afskrift þar sem beitt er virkum vöxtum á mismun upphaflegu upphæðarinnar sem skráð var og innlausnarupphæðarinnar, að frádreginni virðisrýrnum.

(f) Mat gangvirðis

Gangvirði er sú upphæð sem hægt væri að skipta á fyrir eign eða jafna út skuld á milli aðila sem eru upplýstir og fúsir til óðháðra viðskipta á þeim degi sem virðið er ákvarðað.

Samstæðan ákvarðar gangvirði gernings með tilboðsverði á virkum markaði fyrir þann gerning, ef hann er til staðar. Markaður er talinn virkur ef tilboðsverð eru aðgengileg og tiltæk reglulega og teljast vera raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óháðra aðila. Þar sem það er tiltækt, er það lokaverð viðkomandi markaðar sem ákvarðar gangvirði veltufjáreignar og eigna sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í gegnum rekstrarreikning, en það verður almennt síðasta viðskiptaverð.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferð. Í verðmatsaðferð felst að styðjast við nýleg viðskipti á milli aðila sem eru upplýstir og fúsir til óðháðra viðskipta ef slíkt er tiltækt, visun í gildandi gangvirði annarra gerninga sem eru að miklu leyti eins, núvirðisgreiningu sjóðstreymi og verðmyndunarlíkön valréttarsamninga. Sú verðmatsaðferð sem valin er styðst eins mikið og hægt er við gögn af markaði, eins lítið og hægt er við áætlanir sem gilda sérstaklega um samstæðuna, tekur með alla þætti sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs og er í samræmi við viðteknar hagrænar aðferðir sem beitt er við verðlagningu fjármálagerninga. Gögn sem verðmatsaðferðin vinnur úr endurspeglar markaðsvæntingar með sanngjörnum hætti og meta áhættu- og arðsemisþætti þá sem felast í fjármálagerningnum. Bankinn er með verðmatsnefnd sem áætla gangvirði með því að beita líkönum og taka mið af greinanlegum markaðsupplýsingum og faglegri dómgreind. Samstæðan stillir af og prófar verðmatsaðferðina með verði af greinanlegum gildandi markaðsviðskiptum með sama gerning eða byggt á öðrum tiltækum og greinanlegum markaðsgögnum.

Ef viðskiptaverðið er ekki það sama og gangvirði annarra greinanlegra gildandi markaðsviðskipta með sama gerning eða byggt á verðmatsaðferð þar sem aðeins er stuðst við breytur með gögnum af greinanlegum mörkuðum, skráir samstæðan tafarlaust mismuninn á milli viðskiptaverðs og gangvirðis (fyrsta dags hagnaður eða tap). Í tilvikum þar sem gangvirði er ákveðið með gögnum sem ekki eru greinanleg, er mismunur viðskiptaverðs og verðs líkansins skráð í rekstrarreikningi eftir aðstæðum hvernna viðskipta en eigi síðar en þegar gögnin sem stuðst er við verða greinanleg eða þegar gerningurinn er afskráður.

(g) Virðisrýrnum fjáreigna

Virðisrýrnum lána og krafna

Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort einhver hlutlæg merki séu um að virði láns eða lánasafns hafi rýrnað. Virði láns eða lánasafns er talið hafa rýrnað og virðisrýrnumarkostnaður til orðinn aðeins þegar fyrir liggja hlutlæg merki um virðisrýrnum vegna eins eða fleiri atburða sem orðið hafa eftir upphaflega skráningu eignarinnar („tapatburður“) og slíkur eða slíkir atburðir hafa áhrif á framtíðarsjóðstreymi sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti fyrir lánið eða lánasafnið. Til hlutlegra merkja um rýrnum teljast greinanleg gögn um eftirfarandi tapatburði:

- verulegir fjárhagserfiðleikar lántakans,
- brot á samningi, eins og vanefnd afborgunar eða greiðslu vaxta eða höfuðstóls,
- samstæðan veitir lántakanum, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum sem varða fjárhagsvanda lántakandans, ívilnun með endurfjármögnun sem lánveitandi myndi ekki annars taka til greina,
- líklegt má teljast að lántakinn verði gjaldþrota eða gangist undir aðra fjárhagslega endurskipulagningu, eða
- gögn sýna mælanlega lækkun áætlaðs sjóðstreymis af útlánasafni frá upphaflegri tilurð þess jafnvel þó að enn sé ekki hægt að tengja lækkunina við einstök útlán í safninu, þar með taldar óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu eða almennt versnandi efnahagsleg skilyrði sem tengjast því safni lána.

Samstæðan skilgreinir einstök mikilvæg útlán og metur fyrst hvort hlutlæg merki séu um virðisrýrnum þeirra, og metur þetta síðan fyrir einstök eða mörg útlán og kröfur sem ekki hafa verið skilgreind sem mikilvæg hvert fyrir sig. Ef samstæðan ákvarðar að engin hlutlæg merki séu um virðisrýrnum fyrir mikilvæg útlán, telur hún það útlán með safni útlána með svipaða útlánaáættu og metur virðisrýrnum þeirra saman. Einstakar mikilvægar eignir sem hafa fengið virðisrýrnum eru ekki tekin með í sameiginlegu virðisrýrnumarmati.

Ef fyrir eru hlutlæg merki um að virðisrýrnumartap hafi orðið á útláni eða kröfum, er upphæð tapsins mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og endurheimtanlegu virði hennar. Endurheimtanlegt virði er núvirði áætlaðs framtíðarsjóðsflæðis að undanskildu ætluðu útlánatapi í framtíðinni, núvirt með upprunalegum virkum vöxtum fjáreignarinnar. Bókfært virði eignarinnar er lækkað sem nemur virðisrýrnuminni, með færslu á afskriftareikning og upphæð tapsins færð undir „Virðisrýrnum útlána og krafna“ í rekstrarreikningi. Fyrir lán með breytilega vexti er notast við gildandi raunvexti við núvirðinguna til að ákvarða virðisrýrnumartapið.

Útreikningur núvirðis áætlaðs framtíðarsjóðstreymis af veðsettri fjáreign sýnir sjóðstreymi sem gæti stafað af því að gengið sé að veði, að undanskildum kostnaðinum af að yfirtaka og selja veðið, hvort sem líklegt er að gengið verði að veðinu eða ekki.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

(g) Virðisrýrnun fjáreigna (framhald)

Virðisrýrnun lána og krafna (framhald)

Pegar meta á virðisrýrnun heildstætt, eru útlán flokkuð eftir svipuðum eiginleikum útlánahættu, út frá matsferlum samstæðunnar, sem taka tillit til tegundar eignar og veðs, atvinnugreinar, stöðu vanskila og annarra þátta sem máli skipta. Þessir eiginleikar eru viðeigandi til að áætla framtíðarsjóðstreymi í safni slíkra lána, með því að gefa til kynna getu skuldarans til að greiða hverja þá upphæð sem gjaldfallin er samkvæmt samningsskilmálum.

Virðisrýrnun útlánasafna er metin heildstætt á grunni væntanlegs sjóðstreymis og jafningjamati á eignum með svipaða eiginleika útlánaáættu. Slíkt jafningjamat er einnig lagað að gildandi greinanlegum gögnum, til að endurspegla áhrifin af gildandi aðstæðum sem höfðu ekki áhrif á tímabilið sem jafningjamatið var upphaflega byggt á og til að losna við áhrifin af fyrri tapþáttum sem ekki eru til lengur.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í safni eigna eru í samræmi við breytingar á greinanlegum gögnum á milli tímabila, til dæmis breytingar á fasteignaverði, greiðslustöðu, eða öðrum þáttum sem gefa til kynna leitni í líkum og stærð taps samstæðunnar. Samstæðan fer reglulega yfir aðferðir sínar og forsendur við að áætla framtíðarsjóðstreymi til að lágmarka ósamræmi á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Pegar lán er óinnheimtanlegt, er það afskrifað á móti framlagi til virðisrýrnunar útlána í efnahagsreikninginum. Lán eru afskrifuð eftir að öllum nauðsynlegum ferlum hefur verið lokið, eins og tilgreint er í lánareglum samstæðunnar og upphæð tapsins hefur verið fundin. Sérhver áður afskrifuð fjárhæð sem síðar er endurheimt er færð í rekstrarreikningi undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“.

Fari svo, á síðara tímabili, að upphæð virðisrýrnunartapsins lækki og ástæða þess megi tengja hlutlægt við atvik sem varð eftir að upprunalega virðisrýrnunin var skráð, þá er virðisrýrnunartapinu sem áður var skráð snúið við með leiðréttingu á afskriftarrekninginn. Upphæð leiðréttingarinnar er færð í rekstrarreikning undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“.

Útlán sem endursamið er um

Pegar hægt er reynir samstæðan að endurskipuleggja lán frekar en að ganga að veðum. Slíkt kann að fela í sér greiðsludreifingu og samning um nýja lánaskilmála. Virðisrýrð útlán sem samið er um upp á nýtt eru ekki talin ný útlán. Þegar búið er að semja aftur um þau útlán eru þau ekki lengur í vanskilum og öll síðari virðisrýrnun er metin út frá upphaflegum virkum vöxtum eins og þeir voru reiknaðir fyrir breytingu lánaskilmálanna. Stjórnendur fara stöðugt yfir útlán sem samið hefur verið um að nýju til að ganga úr skugga um að öll viðmið standist og að líklegt sé að framtíðargreiðslur muni berast. Virðisrýrnun þessara útlána verður metin áfram hver fyrir sig eða sameiginlega. Virði einstakra útlána sem hafa ekki rýrnað en þar sem samið hefur verið um skilmála að nýju eru skráð sem ný útlán. Þar af leiðandi eru upprunalegu útlánin afskráð og endurumsömdu útlánin skráð sem ný útlán.

Handbært fé og jafngildi handbærs fjár

Í sjóðstreymi er handbært fé og ígildi handbærs fjár skilgreint sem reiðufé, óbundar innstæður hjá Seðlabanka og óbundnar innstæður hjá fjármálafyrirtækjum.

Skuldabréf og hlutabréf

Skuldabréf og hlutabréf sem eru flokkuð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru skráð á gangvirði í efnahagsreikningi bæði í upphafi og eftir upphaflega skráningu. Viðskiptakostnaður er skráður beint í rekstrarreikning. Hagnaður og tap sem til verður af breytingum á gangvirði er færður beint í rekstrarreikning samstæðunnar undir viðkomandi lið, „Hreinar tekjur af veltufjáreignum“ eða „Hreinar tekjur (tap) af fjáreignum á gangvirði“. Með í hagnaði og tapi eru taldar vaxtatekjur skuldabréfa en undanskilinn er gengishagnaður og -tap, sem færð eru á liðinn „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“.

Skuldabréf sem flokkuð eru sem lán og kröfur eru upphaflega metnar á gangvirði auk viðskiptakostnaðar sem tengist þeim beint, og við síðar mat á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru með í bókfærðu verði skuldabréfanna og eru færðir undir „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi.

Afleiðugerningar

Afleiður eru upphaflega skráðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður skráður í rekstrarreikning. Við síðara mat eru afleiður skráðar á gangvirði, og allar breytingar á gangvirði færðar undir liðinn „Hreinar tekjur af veltufjáreignum“ í rekstrarreikningi, að undanskildum breytingum á framvirkum gjaldeyrisafleiðum sem færðar eru undir liðinn „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“ í rekstrarreikningi. Afleiður með jákvætt gangvirði eru færðar í efnahagsreikningi sem eignir og afleiður með neikvætt gangvirði eru færðar sem skuldir. Samstæðan beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru upphaflega metin á gangvirði auk viðskiptakostnaður sem tengist þeim beint og við síðara mat á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru taldir með í bókfærðu virði lána og krafna. Vaxtatekjur af lánum og fyrirframgreiðslum er skráð undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“.

Lán og kröfur keypt með miklum afslætti

Bankinn keypti lán af Landsbanka Íslands hf. með miklum afslætti sem endurspeglar áfallið útlánatap. Upphaflegt gangverð þeirra lána var ákveðið með ýmsum matsaðferðum eins og lýst er nánar í skýringu 4.

Vaxtatekjur sem til komu af lánum sem keypt voru með afslætti og eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði eru skráðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta, byggt á kaupverði lánanna og áætluðu framtíðarsjóðstreymi þeirra og með tilliti til afsláttar.

Á hverjum reikningsskiladegi ber stjórn samstæðunnar saman áætlað sjóðstreymi og raunverulegt sjóðstreymi. Ef mismunurinn er jákvæður og stafar af breytingum í efnahagsumhverfinu, til dæmis hækkun annað hvort á breytilegum vöxtum eða verðbólgu, er mismunurinn skráður sem vaxtatekjur. Ef jákvæður mismunur stafar hins vegar af breytingum í greiðslugetu skuldarans, það er vegna aukinnar geta lántaka til endurgreiðslu skuldar, þá leiðréttir samstæðan bókfærða stöðu lánsins til að endurspeglar væntanlega aukningu í sjóðstreymi, með því að reikna núvirði endurmetins áætlaðs framtíðarsjóðstreymis miðað við raunvexti á láninu. Leiðrétting á bókfærðri stöðu er skráð sem bakfærsla á virðisrýrnun sem samstæðan hefur áður skráð, og það sem umfram reynist er fært sem vaxtatekjur í rekstrarreikningi.

Greiðslur samningsbundinna krafna sem eru umfram upphaflegt kaupverð bankans, hvort sem er mismunur á kaupsverði og áætlaðs sjóðstreymis (e. *accrutable yield*) eða mismunur áætlaðs sjóðstreymis og samningsbundins sjóðstreymis (e. *non-accrutable difference*), fyrir tiltekið lán eða safn lána með eitt mengi sameiginlegra áhættueiginleika er ekki talið nothæft til að „jafna út“ breytingar í sjóðstreymi sem vænst er af öðru láni eða safni lána með annað mengi sameiginlegra áhættueiginleika.

Ef mismunur á milli væntanlegs og raunverulegs sjóðstreymis er óhagstæður og munurinn er til kominn vegna breytinga í efnahagsumhverfinu, eins og samdráttar eða lækkandi breytilegra vaxta, er mismunurinn jafnaður út á móti vaxtatekjum. Ef þessi óhagstæði mismunur stafar hins vegar af breytingum í greiðslugetu skuldarans sem tengjast virðisrýrnum, það er minnkandi geta lántaka til að endurgreiða skuldina sem leiðir til virðisrýrnunar, er lækkun í væntanlegu sjóðstreymi núvirt með virkum vöxtum lánsins og færð sem virðisrýrnun í rekstrarreikningi.

Vegna þess hve viðskiptavinir standa misvel að vígi fjárhagslega hefur samstæðan metið aukna útlánahættu vegna gengissveiflna í því lánasafni sem er í erlendum gjaldmiðlum. Sumir viðskiptavina eru með hluta eða allar tekjur sínar erlendum gjaldmiðli, aðrir eru með mjög takmarkaðan eða engar tekjur í erlendum gjaldmiðli. Í mörgum tilvikum lenda viðskiptavinir með litlar eða engar tekjur í erlendum gjaldmiðli í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar ef gengi íslensku krónunnar lækkar. Vegna viðskiptavina með litlar eða engar tekjur í erlendum gjaldmiðli er gengishagnaður vegna lána og krafna til þeirra færður í rekstrarreikning án þess hluta hans sem talinn er tapaður.

Sú upphæð gengismunar sem talin er óinnheimtanleg er reiknuð út frá áætluðu FX-delta á FX-lánabókinni. Bankinn beitti FX-delta aðferðum við mat á lánum keyptum af Landsbanka Íslands hf. Við það ferli greindi bankinn stærstu fyrirtækjaviðskiptavini sína ítarlega og áætlaði FX-delta með því að greina stóra viðskiptavini sem eru með lán í erlendum gjaldmiðli. Sérfræðingar í atvinnugreininni unnu áætlunina með því að fara yfir fjárhagslegan styrk, veð og gjaldmiðilssamsetningu sjóðstreymis. Samstæðan áætlaði getu viðskiptavina til að fá tekjur í erlendum gjaldmiðlum og til að uppfylla skuldbindingar sínar við lán í erlendum gjaldmiðlum. Samstæðan endurskoðar áætlað FX-delta fyrir hvern efnahagsreikning ef aðstæður sem FX-delta byggja á breytast vegna nýrra upplýsinga eða meiri reynslu.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádreginni afskrift og uppsafnaðri virðisrýrnun. Til kostnaðar teljast útgjöld sem rekja má beint til kaupa á eignunum.

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins talinn með bókverði eignar ef líklegt er að fjárhagslegur ábati af eigninni í framtíðinni muni renna til samstæðunnar og ef hægt er að meta kostnaðinn áreiðanlega. Allur annar kostnaður vegna viðgerða og viðhalds er gjaldfærður í rekstrareikning á því fjárhagstímabili sem hann fellur til.

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir með beinlínuaðferð. Aðferðin er notuð á afskrifanlegan hluta eignanna, en það er kostnaður þeirra að frádregnu hrakvirði deilt á áætlaðan nýtanlegan tíma þeirra, með eftirfarandi hætti:

Byggingar	25 – 50 ár
Tölvuvélbúnaður	3 ár
Annar búnaður og ökutæki	3 – 10 ár

Hrakvirði eignanna og líftími þeirra er endurskoðaður árlega og breytt þar sem við á.

Hagnaður og tap af sölu er fundið með því að bera söluverð eignar saman við bókfært verð hennar á söludegi. Hagnaður og tap eru talin með undir liðnum „Annar stjórnarkostnaður“ í samstæðurekstrareikningnum.

Óefnislegar eignir

(a) Hugbúnaðarleyfi

Keypt hugbúnaðarleyfi eru eignfærð miðað við kostnaðinn sem fellur til við kaup þeirra og sem til fellur við að koma þeim í notkun. Hugbúnaðarleyfi sem eru skráð sem óefnislegar eignir eru niðurfærð á líftíma þeirra sem er áætlaður 3 – 5 ár.

Kostnaður við að viðhalda hugbúnaði er færður sem útgjöld á þeim tíma sem hann fellur til.

(b) Viðskiptavild

Viðskiptavild er aðeins skráð sem eign ef hún er keypt við sameiningu fyrirtækja. Hún er skráð á kaupdegi og metin sem samtala (a) gangvirðis afhents endurgjalds, (b) skráð upphæð allra eignahluta án yfirráða í keypta fyrirtækinu, og (c) gangvirði alls eigin fjár sem kaupandi átti fyrir í keypta fyrirtækinu, að frádregnu hreinu skráðu virði (yfirléitt gangvirði) aðgreinanlegra keyptra eigna og yfirtekinna skulda, allt metið frá og með kaupdegi. Til afhents endurgjalds telst gangvirði afhentra eigna, áfallnar skuldir og eigið fé útgengið af samstæðunni. Þessu til viðbótar telst gangvirði alls skilyrts endurgjalds með sem hluti af afhentu endurgjaldi.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metinn á kostnaðarverði að frádregnu virðisrýrnunartapi. Almennt er gætt að virðisrýrnun viðskiptavildar árlega, en oftast ef atburðir eða breytingar á aðstæðum gefa til kynna mögulega rýrnun bókfærðs verðs. Vegna virðisrýrnunarprófa er viðskiptavild úthlutað frá og með kaupdegi til hvernar fjárskapandi einingar samstæðunnar eða hópa fjárskapandi eininga sem búið er við að njóti hagsbóta af samlegðaráhrifum sameiningarinnar, hvort sem þær einingar fá úthlutað öðrum eignum eða skuldum keypta fyrirtækisins eða ekki. Hver eining sem fær úthlutað viðskiptavild er lægsta stig innri stjórnnar innan samstæðunnar þar sem fylgst er með viðskiptavild. Þegar viðskiptavild er tengd ákveðnum hluta fjárskapandi einingar (eða hópi fjárskapandi eininga) og hluti af rekstri einingarinnar er seldur, er viðskiptavildin sem tengist selda rekstrinum innifalin í bókfærðu virði þess rekstrar þegar reiknaður er hagnaður eða tap af sölu rekstrarins.

Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Eignir með ótakmarkaðan líftíma eru ekki afskrifaðar en prófað er árlega hvort þær hafi rýrnað í virði. Farið er yfir eignir sem eru afskrifaðar til að gæta að virðisrýrnun í hvert sinn sem atburðir eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð kunni að vera óendurkræft. Skráð er virðisrýrnunartap sem nemur mismuninum á bókfærðu virði eignarinnar og endurheimtanlegu virði hennar. Endurheimtanlegt virði hennar er það sem hærra er af annað hvort gangvirði eignarinnar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði hennar. Vegna virðisrýrnunar eigna eru þær flokkaðar á lægsta stigi aðgreinanlegs sjóðstreymis (fjárskapandi einingar). Að undanskildri viðskiptavild er kannað á hverjum reikningsskiladegi hvort virðisrýrnun hafi snúist við hjá öðrum eignum en fjáreignum.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskiladferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Frestaður tekjuskattur

Frestaðar skatteignir eru skráðar þegar líklegt er að skattskyldur framtíðarhagnaður fáið sem jafna má gegn tímabundnum mismuni til frádráttar.

Frestaður tekjuskattur er skráður að fullu sem skuld, vegna tímabundins mismunar á skattagrunni eigna og skulda og bókfærðs virðis þeirra í samstæðuársreikningnum. Hins vegar er frestaði tekjuskatturinn ekki skráður ef hann er til kominn vegna upphaflegrar skráningu eignar eða skuldar við viðskipti önnur en sameiningu fyrirtækja, en það hefur hvorki áhrif á reikningsskil samstæðunnar eða skattanlegan hagnað eða tap þegar viðskiptin eiga sér stað. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með skattahlutföllum (og lögum) sem hafa tekið gildi eða tekið gildi að miklu leyti á reikningsskiladegi og búist er við að gildi þegar viðkomandi frestaður tekjuskattur fellur til og frestuð tekjuskattsskuld greidd.

Meginhluti tímabundins mismunar er til kominn vegna breytinga á gangverði ýmissa fjáreigna og -skulda og mismunar á gangvirði keyptra eigna og skattagrunni þeirra.

Eignir og skuldir í sölumeðferð

Samstæðan flokkar fastafjármuni (eða eignahópa ásamt tengdum skuldum) sem eignir í sölumeðferð þegar bókfært virði þeirra endurheimtist aðallega með sölu. Það á venjulega við um veð sem samstæðan hefur gengið að og hún heldur sem tryggingu fyrir lánum og kröfum, þar með taldar eignir og skuldir dótturfélaga sem samstæðan nær yfirráðum yfir með því að ganga að veði og/eða með fjárhagslegri endurskipulagningu.

Talið er að fastafjármunir (eða hópur eigna með tengdar skuldir) verði endurheimtir aðallega með sölu þegar sala eignarinnar er mjög líkleg og hún er tiltæk fyrir tafarlausa sölu í núverandi ástandi, með fyrirvara um venjulega og hefðbundna skilmála um sölu á slíkum eignum. Stjórnendur verða að vera einsettir að selja og verða að vinna með virkum hætti að sölu þess á verði sem er hæfilegt miðað við gildandi gangvirði hennar. Annað skilyrði er að búist sé við að skrá megi sóluna sem frágengna innan eins árs frá dagsetningu flokkunnar.

Eignir og eignasamstæður sem flokkuð eru í sölumeðferð eru metnar á því sem lægra reynist af bókfærðu virði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Hreinar eignir til viðbótar sem verða hluti af eignasamstæðu til sölu, til dæmis vegna hagnaðar sem eignasamstæðan skilar, auka bókfært verð eignasamstæðunnar, en þó ekki meira en sem nemur gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eignasamstæðunnar eins og það er ákvarðað á hverjum reikningsskiladegi.

Þegar um er að ræða stakar eignir sem samstæðan hefur flokkað í sölumeðferð, ákvarðar samstæðan gangvirði þeirra að frádregnum sölukostnaði með tilliti til gildandi markaðsverðs á hverjum reikningsskiladegi. Þegar um er að ræða dótturfélög sem flokkuð í sölumeðferð ákvarðar samstæðan gangvirði eignasafna á grunni aðferða við núvirðingu sjóðstreymis. Sölukostnaður er aðeins viðbótarkostnaður og kostnaður sem rekja má beint til sölu eignasamstæðna, að undanskildum fjármögnunarkostnaði og tekjuskatti.

Innstæður og lántökur

Fjármögnun samstæðunnar á skuldum felst í innstæðum, lántökum hjá fjármálafyrirtækjum og skuldabréfum.

Þegar samstæðan selur fjáreign og semur um leið um endurkaup á eigninni eða svipaðri eign á föstu verði í framtíðinni („endurkræf viðskipti“), er það fært sem skuld við fjármálafyrirtæki eða Seðlabanka og undirliggjandi eign er áfram skráð í reikningsskil samstæðunnar.

Samstæðan flokkar fjármálagerninga sem fjárskuldir eða hlutabréf samkvæmt inntaki samkomulagsins og skilgreiningu fjárskuldar, fjáreignar eða hlutabréfs.

Innstæður og lántökur eru í upphafi metin á gangvirði auk alls viðskiptakostnaðar sem rekja má beint til viðskiptanna. Eftir það eru þær metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Gangvirði fjárskulda með innlausnarákvæði eins og veltiinnlán, er ekki lægra en innlausnarupphæðin núvirt frá fyrsta degi sem krefjast mátti greiðslu upphæðarinnar.

Skilyrt skuldabréf

Skilyrta skuldabréfið er skilyrt skuldbinding bankans um að gefa út skuldabréf til Landsbanka Íslands hf. þann 31. mars 2013, sem viðbótargreiðslu fyrir eignir og skuldir sem fluttar voru úr Landsbanka Íslands hf. þann 9. október 2008. Útgáfa skuldabréfsins og nafnverð þess eru skilyrt af umframvirði ákveðinna safna eigna, sem ákvarðaða á þann 31. desember 2012, yfir framtíðarvirði kaupverðs þeirra eigna þann 9. október 2008, með fyrirvara um ákveðna leiðréttingar.

Skilyrta skuldabréf bankans er flokkuð sem fjárhagsleg skuld og upphaflega metin á gangvirði. Eftir það er hún metin á gangvirði, og allur hagnaður eða tap sem af leiðir skráð undir liðinn „Vaxtakostnaður“ í rekstrarreikningi.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Skortstöður

Skortstöður eru skuldbindingar samstæðunnar um að láta af hendi fjáreignir sem samstæðan hefur fengið að láni og selt þriðju aðilum. Þessar skuldbindingar eru upphaflega skráðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður skráður í rekstrarreikning. Eftir það eru þær skráðar á gangvirði og allar breytingar á gangvirði skráðar í rekstrarreikningi undir liðnum „Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum“.

Fjárhagslegar ábyrgðir

Samningar um fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem krefjast þess að útgefandi inni af hendi tiltekna greiðslur til að bæta samningshafa tap sem hann verður fyrir ef tiltekinn skuldari stendur ekki við greiðslur á tilskildum tíma, samkvæmt skilmálum skuldasamnings. Bankar, fjármálastofnanir og aðrir aðilar fá slíkar fjárhagslegar ábyrgðir frá viðskiptavinum til tryggingar á láni, yfirdrætti og öðru.

Fjárhagslegar ábyrgðir eru upphaflega færðar í reikningana á gangvirði þess dags sem samningurinn var gerður. Eftir upphaflega færslu eru skuldir samstæðunnar vegna slíkra ábyrgða metnar sem hærra gildið, annars vegar af upphaflegu mati, án afskrifta, sem skipt er línulega á tíma samningsins og fært meðal þjónustutekna í rekstrarreikningi, og hins vegar besta mati á útgjöldum vegna uppgjörs á hvers konar fjárhagslegum skuldbindingum sem stofnast á reikningsskiladegi. Slíkt mat ákvarðast á grundvelli reynslu af sams konar viðskiptum og tapi, ásamt mati stjórnenda.

Óvissar skuldir og skuldbindingar

Samstæðan skráir óvissar skuldir ekki sem skuldir í efnahagsreikningi, fyrir utan þær óvissuskuldir sem teknar eru yfir í sameiningu fyrirtækja og sem eru með gangvirði sem hægt er að meta áreiðanlega. Óviss endurgjald sem samstæðan afhendir í sameiningu fyrirtækja er skráð á gangverði yfirtökudags. Samstæðan flokkar skuldbindinguna um að greiða óviss endurgjald sem skuld eða eigið fé og gerir grein fyrir breytingum á gangvirði samkvæmt viðeigandi reglum IFRS.

Skuldbindingar eins og þær sem tengjast löglegum kröfum eða endurskipulagningu eru skráðar áfallnar þegar (i) í samstæðunni er, vegna liðinna atburða, lagaleg eða afleidd skuldbinding til að borga, (ii) líklegur er en ekki að veita þurfi fjármunum til að gera upp skuldbindinguna, og (iii) að upphæðin hafi verið áætluð með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding er metin á núvirði greiðslanna sem nota á til að gera upp skuldbindinguna. Notuð er ávöxtunarkrafa fyrir skatta sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættunni sem fylgir skuldbindingunni. Öll hækkun á skuldbindingunni vegna þess að tíminn liður er skráð sem vaxtakostnaður.

Starfskjör

Öll fyrirtæki samstæðunnar eru með iðgjaldatengd lífeyrisskerfi þar sem fyrirtækin greiða skyldu- og samningsbundinn sparnað með ákveðnu framlagi í séreignasjóði eða almenna sjóði. Samstæðan er ekki skuldbundin til frekari greiðslna þegar þessi framlög hafa verið greidd. Framlöggin eru færð sem kostnaður á gjalddaga. Samstæðan er ekki með neinn réttindatengdan lífeyrissjóð.

Hlutfé

(a) Kostnaður við útgáfu hluta

Kostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta er aðgreindur undir eigin fé sem frádráttur frá yfirverði hlutabréfa, að frádragnum öllum tengdum tekjuskattsávinningi.

(b) Arður á almenn hlutabréf

Arður á almenn hlutabréf er færður á eigið fé á tímabilinu sem hann er samþykktur af hluthafafundi félagsins.

Fjárvarsla

Samstæðan er fjárvörsluaðili, þar sem hún er handhafi eða sér um ráðstöfum fyrir hönd einstaklinga, stofnana og lífeyrissjóða, þar með talda ýmissa verðbréfasjóða sem samstæðan stýrir. Þessar eignir og tekjur sem af þeim fást eru undanþegnar þessum reikningsskilum, þar sem þær eru ekki eignir samstæðunnar.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Til vaxtatekna og vaxtagjalda sem færðar eru í rekstrarreikningi teljast:

- vextir af fjáreignum og fjárskuldum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði, reiknað með aðferð virkra vaxta,
- jákvæð og neikvæð breyting á bókfærðu virði lána og krafna metnum á afskrifuðu kostnaðarverði sem til er kominn vegna endurskoðunar áætlaðs sjóðstreymis sem ekki tengist virðisrýrnun,
- vextir á ógreidd eiginfjárframlög, reiknaðir á rekstrargrunni,
- vextir á bráðabirgðaskuldir, reiknaðir á rekstrargrunni, og
- breytingar á gangvirði skilyrta skuldabréfsins.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða –gjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afsláttum.

Hrein virðisrýrnun lána og krafna

Gjöld vegna virðisrýrnunar lána og krafna til fjármálafyrirtækja og viðskiptavina eru sett fram í samstæðurekstrarreikningi undir liðnum „Virðisrýrnun lána og krafna“. Eftir að virðisrýrnun hefur verið færð, eru vaxtatekjur færðar á þeim vöxtum sem notaðir voru við núvirðingu á því framtíðarsjóðstreymi sem notað var við að meta virðisrýrnunartapið

Þjónustutekjur og –gjöld

Þjónustutekjur og umboðslaun eru yfirleitt skráð á rekstrargrunni þegar viðkomandi þjónusta er veitt. Umsýslugjöldum er almennt frestað ásamt tengdum beinum kostnaði og þau skráð sem leiðrétting á virkum vöxtum lánsins. Umboðslaun og gjöld fyrir þátttöku í samningum um viðskipti fyrir þriðja aðila – eins og umsýsla viðskipta með hlutabréf eða önnur verðbréf eða kaup eða sala á fyrirtækjum – eru færð þegar undirbyggjandi viðskiptum er lokið. Þjónustutekjur fyrir umsjón með verðbréfasöfnum og aðra ráðgjöf og þjónustu eru færð samkvæmt viðkomandi þjónustusamningi, yfirleitt samkvæmt tímanotkun. Þjónustutekjur fyrir eignastýringu sem tengist fjárfestingasjóðum eru skráð hlutfallslega á það tímabil sem þjónustan er veitt. Sömu grunnreglu fyrir skráningu tekna er beitt fyrir aðra fjárvörsluþjónustu sem er veitt með samfelldum hætti til langs tíma.

Hreinar tekjur (tap) af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Hreinar tekjur (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning tengjast fjáreignum sem samstæðan tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og þar er með talið:

- allar skráðar og óskráðar breytingar á gangvirði,
- vaxtatekjur á rekstrargrunni, og
- arðstekjur, sem skráðar eru þegar samstæðan öðlast rétt til að fá greiðslu.

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og –skuldum

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og –skuldum tengjast fjáreignum og skuldum sem samstæðan flokkar sem veltufé og til þess teljast:

- allar skráðar og óskráðar breytingar á gangverði,
- vaxtatekjur á rekstrargrunni,
- arðstekjur sem skráðar eru þegar réttur samstæðunnar til greiðslu er til orðinn, og
- gengishagnaður og –tap af afleiðueignum og afleiðuskuldum, nema breytingar á gangvirði framvirkra gjaldeyrisafleiða, sem færðar eru undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“ í rekstrarreikningi.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)

Með hreinum gjaldeyrisgengishagnaði (tapi) er talinn allur hagnaður og tap vegna uppgjörs í erlendum gjaldmiðlum og yfirfærslu á árslokagengi peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum, þar með taldar óafleiddar fjáreignir og fjárskuldir sem flokkaðar eru sem veltufé og fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Gengishagnaður og tap af afleiddum fjáreignum og skuldum er talið með undir liðnum „Hreinar tekjur af veltufjáreignum og -skuldum“, að undanskildum breytingum á gangvirði framvirkra gjaldeyrissamninga, sem eru teknar með undir liðnum „Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)“ í rekstrarreikningi.

Aðrar tekjur og gjöld

Til annarra tekna og gjalda teljast tekjur af samingum um endurinnheimtu og hagnaður og tap af endurheimtum veðum og eignum og búnaði.

Leigusamningar

(a) Þegar fyrirtæki samstæðunnar er leigutaki

Leigusamningar sem samstæðan á aðild að eru aðallega rekstrarleigusamningar. Á leigutíma eru greiðslur fyrir rekstrarleigu færðar línulega í rekstrarreikning, undir liðinn „Annar stjórnunarkostnaður“.

Þegar rekstrarleigusamningi er rift áður en leigutíminn er útrunninn, er hver sú fjárhæð sem greidd er leigusala gjaldfærð á því tímabili sem riftun á sér stað.

(b) Þegar fyrirtæki samstæðunnar er leigusali

Þegar eignir eru með fjármögnunarleigu, er núvirði leigugreiðslnanna fært sem viðskiptakröfur, undir liðnum lán og kröfur til viðskiptavina. Fjármagnstekjur af slíkri kaupleigu eru færðar yfir leigutímann með aðferð sem endurspeglar stöðuga, reglubundna arðsemi af hreinni fjárfestingu samstæðunnar í leigunni.

Aflögð starfsemi

Samstæðan setur fram aflagða starfsemi undir sérstökum lið í samstæðurekstrarreikningi ef fyrirtæki eða hluti þess hefur verið seldur eða flokkað í sölumeðferð og:

- telst vera stór aðskilinn hluti rekstrar,
- er hluti af stakri samhfæðri áætlun um að selja stóran aðskilinn hluta rekstrar, eða
- er dótturfélag keypt sérstaklega til að selja aftur.

Hagnaður af aflagðri starfsemi sem kemur fram í samstæðurekstrarreikningi samanstendur af (a) hagnaði eftir skatta eða tap af rekstri af aflagðri starfsemi og (b) hagnaði eftir skatta eða tap sem færast við gangvirðismat að frádregnum kostnaði við sölu eða við sölu eignanna eða safns í sölumeðferð sem telst vera aflagða starfsemin. Hlutur fyrirtækis tekur til reksturs og sjóðstreymis sem hægt er að aðgreina með skýrum hætti, rekstrarlega og vegna reikningsskila, frá öðrum rekstri samstæðunnar og sjóðstreymi.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Mikilvægar reikningsskilaáætlanir og huglægt mat við að framfylgja reikningsskilareglum

(a) Virkir vextir á lánum og kröfum

Bankinn tók yfir lán og kröfur frá Landsbanka Íslands hf. með miklum afslætti sem endurspeglar áfallið útlánatap. Virkir vextir eru reiknaðir fyrir þau lán með því að áætla framtíðarsjóðstreymi þeirra og bera það saman við kaupverð þeirra. Til að meta sjóðstreymi þurfa stjórnendur að beita huglægu mati um fjárhagsstöðu skuldara og getu þeirra til að greiða skuldir sínar, hreint söluvirði allra undirliggjandi veða og tímasetningu alls mögulegs sjóðstreymis. Í þeim áætlunum felst veruleg áhætta á því að breyta þurfi bókfærðu virði lánanna innan næsta fjárhagsárs.

(b) Virðisrýrnun útlána og krafna

Samstæðan yfirfer útlánasöfn sín til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti ársfjórðungslega. Til að ákveða hvort virðisrýrnunartap skuli fært, þá metur samstæðan hvort til séu greinanleg gögn sem benda til þess að áætlað framtíðarsjóðstreymi af lánasafni hafi minnkað mælanlega áður en hægt verður að greina lækkun á einstökum lánum í því safni. Meðal merkja um það geta verið greinanleg gögn sem benda til að óhagstæð breyting hafi átt sér stað á greiðslustöðu lántakenda í tilteknum hópi, eða á að lands- eða staðbundnum efnahagslegum aðstæðum sem eru í gagnkvæmum tengslum við vanskil af eignum í safninu. Til að áætla framtíðarsjóðstreymi sitt nota stjórnendur áætlanir sem byggja á tapreynslu, ásamt hlutlægum merkjum um virðisrýrnun í einsleitum söfnum. Aðferðin og ályktanir sem notaðar eru við að áætla bæði upphæð og tímasetningu framtíðarsjóðstreymis eru endurskoðaðar reglulega til að draga úr mögulegum mismun á áætlunum um tap og raunverulegu tapi.

(c) Gjaldmiðlar útlána

Samstæðan keypti útlán frá Landsbanka Íslands hf. og eru sum þeirra í mismunandi erlendum gjaldeyri. Vegna andmæla viðskiptavina fyrir dómstólum er möguleiki á að Hæstiréttur úrskurði að sum eða öll útlán samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum til einstaklinga og fyrirtækja séu í raun útlán í íslenskum krónum. Engu að síður líta stjórnendur bankans svo á að útlán samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum séu samkvæmt íslenskum lögum. Stjórnendur bankans búast við að Hæstiréttur úrskurði í þessu lagaatriði á árinu 2010. Ef úrskurður Hæstaréttar verður óhagstæður mun það auka óvissuna um í hvaða gjaldmiðlum útlán samstæðunnar eru. Stjórnendur bankans áætla að ef öll útlán samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum verða talin vera í íslenskum krónum, gæti það lækkað bókfært virði þeirra um 30 til 100 milljarða króna, með samsvarandi neikvæðum áhrifum á eigið fé. Áhrifin væru háð því hvort vextirnir á þeim útlánum teldust hafa verið vextir erlendu gjaldmiðlanna eða íslenskir vextir frá því að útlánin urðu til og fram til ársloka 2009. Áætlað er að áhrifin á bókfært virði útlánanna verði minni ef þau hefðu borið fljóttandi íslenska vexti (þ.e. REIBOR auk samningsbundins álags) en ef talið er að þau hafi borið vexti erlendra gjaldmiðla.

(d) Gjalddeyrisgengismunur af útlánum og kröfum

Vegna þess hve viðskiptavinir standa misvel að vígi þarf bankinn að meta aukna áhættu í lánasafni í erlendum gjaldmiðlum vegna sveiflna í gengi erlendra gjaldmiðla. Sumir viðskiptavinir eru með hluta eða allar tekjur sínar erlendum gjaldmiðlum, en aðrir eru með mjög takmarkaðan eða engar tekjur í erlendum gjaldmiðli. Í mörgum tilvikum lenda viðskiptavinir með litlar eða engar tekjur í erlendum gjaldmiðli í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar ef gengi íslensku krónunnar lækkar. Vegna viðskiptavina með litlar eða engar tekjur í erlendum gjaldmiðli er gengismunurinn sem til er kominn vegna lána og krafna settur fram í rekstrarreikningi að frádregnum þeim gengismun sem talinn er tapaður.

(e) Mat fjármálagerninga

Gangvirði fjármálagerninga þar sem enginn virkur markaður er eða þar sem skráð verð er ekki tiltækt með öðrum hætti, er ákveðið með matsaðferðum. Í slíkum tilfellum er gangvirði áætlað út frá greinanlegum gögnum fyrir svipaða fjármálagerninga eða með því að nota líkön. Þar sem greinanleg markaðsgögn eru ekki tiltæk eru þau áætluð á grunni viðeigandi forsenda. Þegar matsaðferðir (til dæmis líkön) eru notaðar til að ákveða gangvirði, eru þau vottuð og endurskoðuð reglulega af til þess hæfum starfsmönnum sem eru óháðir því sviði sem bjó þau til. Öll líkön eru vottuð áður en þau eru notuð, og stillt til að tryggja að útkoman endurspegli raunveruleg gögn og sambærilegt markaðsverð. Alltaf þegar hægt er, eru aðeins notuð greinanleg gögn, en þættir eins og sveiflur, fylgni og útlánaáhætta, hvort sem hún er eigin eða gagnaðila, krefjast þess að stjórnendur styðjist við mat. Breyttar forsendur fyrir þessa þætti gætu haft áhrif á skráð gangvirði fjármálagerninga.

Stærsti flokkur eigna sem fluttur var úr Landsbanka Íslands hf. voru útlán og kröfur á viðskiptavini, þar sem mikilvægasta áhætta bankans felst í að þær kunni að hafa verið of hátt metnar við yfirtöku. Vegna áhrifa fjármálakreppunnar er nokkuð mikil óvissa um getu skuldara til að endurgreiða lán til bankans, einkum í tilvikum lána í erlendri mynt sem veitt voru lántökum með litlar eða engar tekjur í erlendri mynt. Aðrir þættir eru einnig mikilvægir fyrir endurheimt lánasafnsins. Fljótlega eftir að bankinn tók yfir lánin þann 9. október 2008, skipaði íslenska ríkið svo fyrir að lántakendum skyldi veittur greiðslufrestur á höfuðstól og/eða vexti. Margir lántakendur notfærðu sér þetta tækifæri. Upplýsingar um þennan áhrifaríka þátt á gangvirði lána var tiltækur við matsferlið og var tekið tillit til hans þar sem hægt var við gangvirðismatið þess 9. október 2008.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Mikilvægar reikningsskilaáætlanir og huglægt mat við að framfylgja reikningsskilareglum (framhald)

(f) Flokkun fjáreigna og fjárskulda

Bókhaldsreglur samstæðunnar veita svigrúm til að flokka eignir og skuldir við upphaflega skráningu í mismunandi flokka við tiltekna aðstæður:

- Þegar fjáreignir og fjárskuldir hafa verið flokkaðar sem „veltufé“ hefur samstæðan ákveðið að þær samræmist lýsingu slíkra eigna og skulda í bókhaldsreglum hennar.
- Þegar fjáreignir hafa verið tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, hefur samstæðan ákveðið að þær samræmist viðmiðunum í reikningsskilaaðferðum hennar.
- Þegar fjáreignir hafa verið flokkaðar sem útlán og kröfur, hefur samstæðan ákveðið að þær samræmist viðmiðunum í reikningsskilaaðferðum.

(g) Eignir í sölumeðferð

Samstæðan flokkar eignir (og eignasamstæður með tengdum skuldum) í sölumeðferð ef slíkar eignir eða eignasamstæður eru lausar tafarlaust til sölu í núverandi ástandi þeirra, með fyrirvara um venjulega og hefðbundna skilmála við sölu slíkra eigna eða eignasamstæðna, ef stjórnendur eru staðráðnir í að selja slíkar eignir og leita með virkum hætti eftir kaupanda, ef reynt er að markaðssetja eignirnar með virkum hætti á sanngjörnu verði miðað við gangvirði þeirra, ef búist er við að sölunni verði lokið innan eins árs og ef salan er talin mjög líkleg. Þó kunna atburðir og aðstæður lengja tímann til að ljúka sölunni umfram eitt ár. Lenging tímans sem þarf til að ljúka sölunni undanskilur ekki eign (eða eignasamstæðu) frá því að vera flokkuð í sölumeðferð ef töfin verður vegna atburða eða aðstæðna sem eru utan áhrifasviðs samstæðunnar og samstæðan er enn staðráðin í að selja eignina (eða eignasamstæðuna).

Þegar eignir eru flokkað í sölumeðferð hefur samstæðan ákveðið að flokkunarviðmið hafi verið uppfyllt.

(h) Frestaðar skatteignir

Frestaðar skatteignir eru skráðar í samstæðuefnahagsreikning. Frestaðar skatteignir eru skráðar að svo miklu leyti sem líklegt er að skattalegur hagnaður verði til staðar sem jafna má út á móti tapinu. Beita þarf huglægu mati við að finna hve mikið af frestuðum skatteignum skuli skrá, eftir því hvenær og hve mikill skattskyldur hagnaður er líklegur, ásamt aðferðum við skattskipulag.

(i) Greiðsluþol

Lykilviðmið samstæðunnar við að fylgjast með lausafjáráhættu er hlutfall grunn lausafjáreigna og innlána. Við útreikning þessa hlutfalls þarf að beita huglægu mati við að ákveða hvaða eignir eru seljanlegar. Ennfremur er lánstími sumra eigna, sem eru í lánstímagreiningu fjáreigna og skulda sem fram kemur í skýringunum, til dæmis lán fengin frá Landsbanka Íslands hf., byggð á væntanlegu sjóðstreymi frekar en samningsbundnum lánstíma. Til að áætla upphæðir og ákveða hvenær sjóðstreymi verður frá þessum fjáreignum verða stjórnendur að beita huglægu mati á fjárhagsstöðu skuldaranna og getu þeirra til að endurgreiða skuldir sínar, á hreint söluvirði allra undirliggjandi veða og hvenær sjóðstreymi kann að berast.

Nýir staðlar og breytingar á stöðlum sem samstæðan tók upp fyrir gildistökutíma þeirra

Samstæðuársreikningurinn var gerður í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu 31. desember 2009 að undanskildu því að samstæðan innleiddi eftirfarandi staðla fyrir gildistökutíma þeirra eins og heimilt var:

Breytingar á IFRS 5 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi (gefið út sem hluti af endurbótum á IFRS í maí 2008) skýra að samstæðan verður að flokka allar eignir og skuldir dótturfélaga sinna í sölumeðferð þegar viðmiðin í IFRS 5 eru uppfyllt og samstæðan er einsett í að fylgja eftir söluáætlun sem í felst að gefa eftir yfirráð í dótturfélagi, án tillits til þess hvort samstæðan heldur eftir hlut án yfirráða í fyrrverandi dótturfélagi sínu eftir sölu.

Samstæðan innleiddi fyrir gildistökutíma sinn IFRS 3 Sameining fyrirtækja (2008) og breytingarnar á IAS 27 Samstæðureikningsskil og aðskilin reikningsskil (2008) í samstæðureikningsskilum sínum fyrir tímabilið sem endaði 31. desember 2008. Í endurskoðaða staðlinum er ennþá beitt kaupaðferðinni við sameiningu fyrirtækja, með nokkrum umtalsverðum breytingum. Til dæmis eru allar greiðslur til að kaupa fyrirtæki skráðar á gangvirði á kaupdegi, og óvissar greiðslur flokkaðar sem skuld eru síðar endurmetnar í rekstrarreikningi. Velja má í hverju kauptilfelli á milli þess að meta eignarhlut án yfirráða á gangvirði eða á sama hlutfalli af hreinum eignum seljandans og sem nemur hlutfalli eignarhluts án yfirráða. . Allur kostnaður tengdur kaupum, annar en sá sem tilheyrir útgáfu skulda- og hlutabréfa, er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Skýringar við ársreikning samstæðu

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, mat og ákvarðanir (framhald)

Nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir sem hafa enn ekki verið innleiddar

Nokkrir nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir hafa ekki enn tekið gildi fyrir árið sem endaði 31. desember 2009, og þeim hefur ekki verið beitt við gerð þessa samstæðureikningsskila. Enginn þeirra mun hafa áhrif á samstæðuársreikning samstæðunnar að undanskildu:

IFRS 9 Fjármálagerningar, 1. hluti: Flokkun og mat. IFRS 9 var gefinn út í nóvember 2009 og kemur í staðinn fyrir þá hluta IAS 39 sem varða flokkun og mat fjáreigna. Helstu eiginleikar eru eftirfarandi:

- Fjáreignir þarf að flokka í tvo matsflokka: þær sem við síðara mat verða metnar á gangvirði og þær sem við síðara mat verða metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Ákvörðunina verður að taka við upphaflega skráningu. Flokkunin fer eftir viðskiptalíkani fyrirtækisins við stýringu fjármálagerninga sinna og samningsbundnum eiginleikum sjóðstreymis gerningsins.
- Gerningur er við síðara mat metinn á afskrifuðu kostnaðarverði eingöngu ef um er að ræða skuldagerning, og að bæði markmiðið með viðskiptalíkani fyrirtækisins sé að eiga eignina til að innheimta samningsbundna sjóðstreymið, og síðan að samningsbundið sjóðstreymi eignarinnar sé eingöngu greiðsla af höfuðstól og vöxtum (þ.e. að hann sé eingöngu með „grunneiginleika lána“) Alla aðra skuldagerninga á að meta á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.
- Alla eiginfjárgerninga á við síðara mat metnir á gangvirði. Eiginfjárgerningar veltufjár verða metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Um allar aðrar fjárfestingar í hlutafé gildir að velja má við upphaflega skráningu, þó þannig að slíkt val er endanlegt, hvort skrá skuli óinnleystan og innleystan hagnað og tap af gangvirði með öðrum heildartekjum, eða í rekstrarreikningi. Hagnað eða tap af gangvirði má ekki færa af öðrum heildartekjum yfir á rekstrarreikning. Velja má um þetta fyrir hvern qerning fyrir sig. Að skal setja fram í rekstrarreikning svo fremi að hann sé arður af fjárfestingu. Ef

IAS 24 Upplýsingar um tengdra aðila (endurskoðað 2009) lagar til skilgreininguna á tengdum aðila og breytir ákveðnum kröfum um upplýsingagjöf um tengda aðila fyrir ríkistengd fyrirtæki. Ef Evrópusambandi samþykkir hinn breytta IAS 24 staðal verður hann skylda í reikningsskilum samstæðunnar 2011 og beita þarf honum afturvirk. Heimilt er að beita honum fyrr, hvort sem er staðlinum í heild eða þeim hluta er undanþiggur ríkistengd fyrirtæki. Samstæðan er nú að meta möguleg áhrif þessara breytinga á samstæðureikningsskil sín.

Skýringar við ársreikning samstæðu

4. Sameining fyrirtækja – 2008

Þann 9. október 2008 gaf Fjármálaeftirlitið út ákvörðun sína, með síðari breytingum, um flutning innlendra eigna, skulda og reksturs Landsbanka Íslands hf. til bankans til að tryggja venjulega bankaþjónustu og innstæður á Íslandi. Ákvörðunin var byggð á lögum nr. 125/2008, sem Alþingi setti 6. október 2008, vegna óvenjulegra og sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Í samræmi við þessa ákvörðun eftirlitsins tók bankinn yfir eftirfarandi starfsemi Landsbanka Íslands hf. og dótturfélaga hans:

- Viðskiptabankaþjónusta, þar með talin þjónusta sem veitt var í gegnum útibúanet Landsbanka Íslands hf. á Íslandi til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ásamt eignaleiguþjónustu.
- Fyrirtækjaviðskipti, þar með talin þjónusta sem fyrirtækjasvið Landsbanka Íslands hf. í Reykjavík veitti stórum og meðalstórum fyrirtækjum.
- Eignastýring og einkabankaþjónusta fyrir einstaklinga, þar með talin stjórnun sjóða og eignastýring sem deildir Landsbanka Íslands hf. í Reykjavík veittu, sem og dótturfélag Landsbankans Landsvaki hf.
- Verðbréfavíðskipti, þar með talin viðskipta- og fjármögnunarstarfsemi Landsbanka Íslands hf. í Reykjavík.

Bankinn tók yfir skuldbindingar útibúa Landsbanka Íslands hf. á Íslandi vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum, Seðlabankanum og öðrum viðskiptavinum, sem og megnið af eignum hans sem tengjast rekstri á Íslandi, til dæmis útlán og aðrar kröfur. Meðal eignanna voru fasteignir, lausafjäreignir, reiðufé, hlutabréf í öðrum félögum og kröfur, auk óefnislegar eigna og réttinda, þar með talið vörumerki, skráð og óskráð, sameiginleg vörumerki, gagnagrunnar, hugbúnaður og tengd leyfi, sem og allur sambærilegur réttur hvort sem hann byggðist á samningi, skráningu, opinberum leyfum eða öðru.

Bankinn tók jafnframt við öllum tryggingaréttindum Landsbanka Íslands hf., þar með talin öll veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengjast kröfum bankans.

Ennfremur tók bankinn yfir skuldbindingar samkvæmt inn- og útflutningsábyrgðum, ábyrgðir vegnda efnda fyrirtækja og einstaklinga er tengjast reglubundinni starfsemi. Bankinn tók ekki yfir skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. vegna: a) skuldbindinga dótturfélaga erlendis, b) fyrirtækja í greiðslustöðvun, undir nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum, c) skuldbindinga eigenda Landsbanka Íslands hf. og tengdra aðila, d) skuldbindinga við íslensk fjármálafyrirtæki e) réttinda og skuldbindinga samkvæmt afleiðusamningum og f) skuldbindinga við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Bankinn ákvað að 9. október 2008 væri kaupdagur innlendra eigna, skulda og reksturs Landsbanka Íslands hf., samkvæmt IFRS 3 staðlinum (endurskoðaður 2008).

Aðgreinanlegar keyptar eignir og yfirteknar skuldir við sameiningu fyrirtækjanna þann 9. október 2008	Bókfært verð hins keypta*	Breytingar á gangvirði	Gangvirði
	keypta*	gangvirði	Gangvirði
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	37.827	-	37.827
Skuldabréf og skuldagerningar	31.838	(7.214)	24.624
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	65.707	(29.549)	36.158
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	5.813	(522)	5.291
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.241.307	(585.582)	655.725
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	2.565	(240)	2.325
Rekstrarfjármunir	8.065	(1.156)	6.909
Óefnislegar eignir	3.690	(2.484)	1.206
Skatteign	0	4.935	4.935
Aðrar eignir	1.369	(92)	1.277
Eignir í sölumeðferð	10.436	(3.938)	6.498
	1.408.617	(625.842)	782.775
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	(82.517)	-	(82.517)
Innlán frá viðskiptavinum	(418.045)	-	(418.045)
Ógreiddar skattskuldir	(1.218)	(202)	(1.420)
Aðrar skuldir	(2.785)	1.479	(1.306)
Skuldir vegna eigna í sölumeðferð	(4.519)	0	(4.519)
	(509.084)	1.277	(507.807)
Hreinar aðgreinanlegar eignir samtals			274.968
Hlutdeild minnihluta			(168)
Skuldbinding við Landsbanka Íslands hf.			274.800

*Óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar sem sýna bókfært verð eigna og skulda áður en þær voru yfirfærðar frá Landsbanka Íslands hf.

Skýringar við ársreikning samstæðu

4. Sameining fyrirtækja – 2008 (framhald)

	Þann 9. október 2008			
	Bókfærð verð hins keypta*	Samningsbund ið sjóðstreymi**	Sjóðstreymi sem búist er við að innheimtist**	Gangvirði
Lán og kröfur á viðskiptavini				
Félög og opinber fyrirtæki	1.003.957	1.222.767	778.278	497.337
Einstaklingar	237.350	368.613	283.677	158.388
Samtals	1.241.307	1.591.380	1.061.955	655.725
Lán og kröfur á fjármálafyrirtæki				
Bankareikningar	89	89	89	89
Peningamarkaðslán	1.501	1.569	1.371	1.304
Yfirdráttarlán	4.066	4.066	3.778	3.777
Önnur lán	157	219	168	121
Samtals	5.813	5.943	5.406	5.291
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum				
Fjármálafyrirtæki	4.681	5.966	5.966	3.575
Eignarhaldsfélög	3.659	4.469	1.370	902
Annað	23.498	27.602	27.602	20.147
Samtals	31.838	38.037	34.938	24.624

* Óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar sem sýna bókfært verð eigna og skulda áður en þær voru yfirfærðar voru frá Landsbanka Íslands hf.

**Sjóðstreymið sem fram kemur í töflunni að ofan samanstendur af ónúvirturum höfuðstóll og vaxtatekjum.

Keypt dótturfélög

Helstu dótturfélög sem keypt voru af Landsbanka Íslands hf. voru eftirfarandi:

Fyrirtæki	Eignahagsmunir	Starfsemi
Landsvaki hf. (Ísland)	100%	Umsjón með verðbréfasjóðum
Landsbankinn eignarhaldsfélag ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
SP-fjármögnun hf. (Ísland)	100%	Fjármögnunarfélag
Vörður tryggingar hf. (Ísland)	73%	Tryggingafélag
Vörður líftrygging ehf. (Ísland)	70%	Tryggingafélag
Verðbréfun hf. (Ísland)	100%	Verðbréfunarfélag
Landsbanki Vatnsafl ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Stofnlánadeild Samvinnufélaga (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Span ehf. (Ísland)	100%	Upplýsingatækniþjónusta
Landsbanki Holdings (Bretland) plc.	100%	Eignarhaldsfélag

Eignarhluturinn í SP-fjármögnun hf., sem tilheyrði Landsbanka Íslands hf. áður en hann var yfirfærður til bankans, nam 51 %. Hins vegar var ljóst að vegna fjárhagslegrar stöðu SP-fjármögnunar hf. í kjölfar efnahagshrunsins að nauðsynlegt var að endurfjármagna reksturinn félagsins og þar með að færa þyrfti 49 % minnihlutaeignina í SP-fjármögnun hf. niður í núll.

Bankinn lítur svo á að hann hafi í raun keypt allan eignarhluann í SP-fjármögnun hf. þann 9. október 2008 og færir því ekki hlutdeild minnihluta í félaginu. Formlega var 49 % hluturinn sem eftir var í SP-fjármögnun hf. keyptur á hluthafafundi SP-fjármögnunar hf. þann 13. mars 2009.

Tap sem tengist yfirfærðri starfsemi Landsbanka Íslands hf. á Íslandi og tengdum eignum og skuldum er frá kaupdegi það sama og tap samstæðunnar á samburðartímabili eins og fram kemur í rekstrarreikningi samstæðunnar.

Skýringar við ársreikning samstæðu

4. Sameining fyrirtækja – 2008 (framhald)

Matsaðferðir fyrir keyptar eignir og yfirteknar skuldir bankans frá Landsbanka Íslands hf.

Mat eigna og skulda sem yfirfærðar voru frá Landsbanka Íslands hf. til bankans er byggt á mati stjórnenda bankans, en það var yfirfarið og endurmetið í samningaferlinu milli bankans og Landsbanka Íslands hf. sem laum með undirritun samninga þann 15. desember 2009.

Stærsti eignaflokkurinn sem metinn var voru útlán og kröfur til viðskiptavina. Það er frekar mikil óvissa um endurheimtur í þessum eignaflokki vegna sérstakra aðstæðna í efnahag Íslands. Óvissa um endurheimtanlegt virði og takmarkaður aðgangur bankans að fjármálaafurðum skapar óvissu í ýmsum áhættuþáttum eigna og skulda, eins og til dæmis áhættu af ójafnvægi í erlendum gjaldmiðlum, í verðtryggingu og lausafjárahættu.

Aðferðir sem notaðar voru við mat stærsta eignaflokksins, lán og kröfur til viðskiptavina, er hægt að skipta í þrjá flokka: a) lán til viðskiptavina – fyrirtækjalán; b) lán til viðskiptavina – einstaklingslán, og c) aðrar eignir.

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum voru metin á genginu þann 30. september 2008 (sjá skýringu 79).

(a) Fyrirtækjalán

Fyrirtækjalánum var skipt í tvo flokka, stór fyrirtæki þar sem hvert lán var skoðað, og síðan lítil og meðalstór fyrirtæki þar sem lánið voru metin á grundvelli safna. Stór fyrirtæki í viðskiptum voru skilgreind sem viðskiptavinir með skuldbindingar yfir 500 milljónir króna og lítil og meðalstór fyrirtæki voru skilgreind sem viðskiptavinir með skuldbindingar á bilinu 50 til 500 milljónir króna.

Stærstu fyrirtækjalán voru metnir sjóðstreymiaðferðum og mati á undirliggjandi tryggingum:

- Aðferð byggð á sjóðstreymi: Sjóðstreymisaðferðin, var beitt á fyrirtæki sem voru með jákvætt sjóðstreymi og að sjóðstreymismatið gaf hærri virði en verðmæti trygginga, greinir getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart bankanum. Endanlegt virði útlána var fengið með ítrun. Upphaflega var verðmæti útlána byggt á EBITDA margföldurum sem voru ákvarðaðir fyrir fjóra flokka atvinnugreina: fiskveiðar, almennan iðnað, fasteignir og þjónusta. Fyrir hvert fyrirtæki valdi matstreymi bankans EBITDA-margfaldara sem endurspeglar best stöðu fyrirtækis og greiðslusögu. Síðan var upphaflegt verðmæti útlána borið saman við niðurstöður úr aðferðinni um virkra vexti og leiðrétt ef niðurstaðan var lægri en lágmarksávöxtunarkrafa bankans. Tölur þær sem notaðar eru í útreikning bankans á virkum vöxtum eru áætlað EBITDA, viðurkenndur fjárfesingartími hverrar atvinnugreinar og skilmálar samningsbundinna lána.
- Aðferð byggð á mati trygginga: Aðferðin byggir á því að meta verðmæti útlána á grundvelli undirliggjandi trygginga sem bankinn er með þegar fyrir liggur að verðmæti útlána er hærri byggt á tryggingamati en sjóðstreymismati. Við mat á verðmæti tryggingaandlaga var horft til leiðréttis markaðsverðs og það síðan margfaldað með veðstuðlum (afslætti) sem byggðu á tegund trygginga. Algengustu tegundir trygginga eru fiskveiðiskip með veiðirétti, fasteignir, hlutabréf, birgðir og kröfur.

Verðmæti lána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í lánasafninu var metið út frá einsleitum söfnum semskipt var aðhluta til eftir atvinnugreinum og lánategund og það síðan borið saman við mat á tryggingaverðmætum sem fengið var með því að taka úrtök úr úr lánasafninu.

(b) Einstaklingslán

Einstaklingslán eru lán sem taka til lána til einstaklinga og lítilla fyrirtækja (með lánafyrirgreiðslu undir 50 milljónum króna) voru virt sem einsleitur pottur, skipt í hluta eftir atvinnugreinum og tegundum, og stuðst við virði veða út frá sýnishornum úr lánasafninu. Eðli viðskiptavinanna var talið besta vísbendingin við að meta greiðslugetu þeirra, ásamt því að líta til viðmiðunarsafnsins og mats sérfræðinga á hverri atvinnugrein.

(c) Aðrar fjáreignir

Aðrar fjáreignir voru metnar út frá skráðu verði á virkum mörkuðum ef þeir voru til staðar. Annars voru þær metnar með ýmsum matsaðferðum sem bankinn hefur þróað, áætlunum þriðja aðila eða mati sérfræðinga. Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum voru metnar út frá heildarvirði hvers fyrirtækis fyrir sig. Lán til lánastofnana voru metin með svipuðum aðferðum og fyrirtækjalán.

(d) Aðrar eignir

Varanlegur rekstrarfjármunir voru metnir miðað við afskrifað endurstofnverð. Óefnislegar eignir voru metnar miðað við endurstofnverð. Frestaðar skatteignir felast aðallega í skattalegu tapi dótturfélaga sem stjórnendur bankans telja endurheimtanlegar.

(e) Eignarhlutir án yfirráða

Eignarhlutir án yfirráða voru metnir á hlutfallslegum eignarhluta í greinanlegum hreinum keyptum eignum.

Skýringar við ársreikning samstæðu

4. Sameining fyrirtækja – 2008 (framhald)

Endurgjald af hendi bankans

Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um flutning eigna og skulda frá Landsbanka Íslands hf. þann 9. október 2008 ásamt síðari breytingum, var gerð krafa um að bankinn greiddi Landsbanka Íslands hf. mismuninn á milli virði eigna og skulda og gæfi út skuldabréf sem greiðslu. Fjármálaeftirlitið skipaði viðurkennda matsmenn til að meta raunverulegt virði eigna og skulda og lauk matsgerð þeirra 20. apríl 2009. Að því loknu hófst samningaferlið á milli bankans og Landsbanka Íslands hf. Þann 10. október 2009 undirrituðu bankinn og fjármálaráðherra „rammasamning“ við Landsbanka Íslands hf. varðandi útgáfu skuldabréfa til Landsbanka Íslands með tilliti til hreinna eigna sem fluttar voru til bankans. Ákvæði rammasamningsins komu formlega fram í endanlegum samningum sem undirritaðir voru 15. desember 2009 á milli bankans, fjármálaráðherra og Landsbanka Íslands hf.

Hluti af samkomulaginu voru nokkrir samningar undirritaðir 15. desember 2009 er varða ákveðna þætti fjárhagslega uppgjörnsins á milli bankans og Landsbanka Íslands hf. í því skyni að tilgreina hvernig fara skuli með sameiginleg veð, kröfur innan fyrirtækja og kröfur sem verða jafnaðar út. Samningurinn um skuldajöfnun tekur á tilteknum raunverulegum og mögulegum kröfum þriðju aðila um skuldajöfnun og Landsbanki Íslands hf. skuldbindur sig til að greiða bankanum upphæð sem nemur því tapi sem bankinn verður fyrir vegna skuldajöfnunar við viðurkenndan þriðja aðila fram til 15. desember 2010. Eftir 15. desember 2010 og fram til 31. desember 2012 skal draga allt tap sem bankinn verður fyrir vegna skuldajöfnunar við viðurkenndan þriðja aðila frá höfuðstól skilyrta skuldabréfsins, ef slíkt skuldabréf verður gefið út. Eftir 31. desember 2012 mun allt tap vegna krafna um skuldajöfnun við þriðja aðila verða bankans.

Gerð ofangreindra samninga er háð því að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt: að engin vanskil séu, að ráðgjafar ríkisstjórnarinnar hafi veitt Landsbanka Íslands hf. viðunandi lögfræðilálit og að bankinn og Landsbanki Íslands hf. hafi gert samning um veð til að tryggja gilt og aðfararhæft veð í tilteknum eignum. Hafi skilyrðin ekki verið uppfyllt fyrir 15. apríl 2010, geta báðir aðilar rift samningunum.

Skuldbinding við Landsbanka Íslands hf.

Þann 15. desember 2009, um það bil 14 mánuðum eftir kaupdagsetninguna, var samið um hvaða snið skyldi vera á endurgjaldi því sem bankinn mun gefa út til Landsbanka Íslands hf. Vegna þess að samningurinn var gerður utan 12 mánaða matstímabilsins sem tilgreint er í IFRS 3 (endurskoðaður 2008), er bankanum ekki heimilt að gera grein fyrir raunverulegu sniði endurgjaldsins sem samþykkt var 15. desember 2009 eins og það hafi verið gefið út á kaupdegi þann 9. október 2008. Áhrif samninga sem gerðir voru utan matstíma IFRS 3 eru að í stað þess að gera grein fyrir skuldinni út frá raunverulegu sniði endurgjaldsins sem samið var um (þ.e. tryggð forgangsskuldabréf, að upphæð 246.800 milljónir króna og almenn hlutabréf í bankanum fyrir 28.000 milljónir króna), þá færir bankinn hlut sinn í gangvirði hreinna eigna eins og það er 9. október 2008 (þ.e. 274.800 milljónir króna) sem bráðabirgðaskuld samkvæmt IAS 37 fram til 15. desember 2009. Eftir 15. desember 2009 færir bankinn skuldina í samræmi við raunverulegt snið endurgjaldsins í samræmi við samningana.

Skuldbindingin er metin samkvæmt bestu áætlun stjórnenda bankans á útgjöldunum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna á hverjum reikningsskiladegi. Vegna þessa er gert ráð fyrir að skuldin sé í gjaldmiðlum í sama hlutfalli og tryggðu forgangsskuldabréfin og almennu hlutirnir sem bankinn gaf út. Gert er ráð fyrir að skuldin beri markaðsvexti í viðkomandi gjaldmiðlum, sem færðir eru í rekstrarreikning sem vaxtagjöld.

Tryggð forgangsskuldabréf

Í uppgjörssamningnum sem undirritaður var 15. desember 2009 samþykkti bankinn að gefa út tryggð forgangsskuldabréf að jafngildi 246.800 milljóna króna að gangvirði, sem bæru vexti frá 9. október 2008. Þau skuldabréf verða í evrum, sterlingspundum og bandaríkjadöllum og á þeim verða vextir frá og með 9. október 2008 og eru að nafnvirði 871 milljónir evra, 275 milljónir sterlingspunda og 734 milljónir bandaríkjadala. Gjaldldagi skuldabréfanna er í október 2018 en í þeim er kveðið á um að ekki verður greiddar afborganir af þeim fyrstu 5 árin. Vextirnir eru 3ja mánaða EURIBOR fyrir skuldabréfið í evrum og 3ja mánaða LIBOR vextir fyrir skuldabréfin í sterlingspundum og bandaríkjadöllum, auk 1,75 % álags fyrstu 5 árin og 2,90 % álag þau 5 ár sem eftir eru.

Þann 30. júní 2010 eða síðar eiga handhafar skuldabréfanna rétt á að krefja bankann um að breyta skuldabréfunum í Eurobond. Við slíka breytingu mun bankinn reyna með sanngjörnum hætti að skrá slík Eurobond í viðurkennda kauphöll, um leið og unnt er eftir breytingu.

Almenn hlutabréf

Hluti endurgjaldsins sem samið var um 15. desember 2009 var greiðsla reiðufjár upp á 28.000 milljónir króna sem breytt var í 4.480 milljónir almennra hluta í bankanum á nafnverðinu 1 króna á hlut. Útgáfa hlutanna var skilyrt við samþykki Fjármálaeftirlitsins á Landsbanka Íslands hf. sem formlegum eiganda í bankanum, sem barst 20. janúar 2010.

Samkvæmt skilmálum samninganna sem undirritaðir voru 15. desember 2009 verður Landsbanki Íslands hf. að láta af hendi til ríkisstjórnar Íslands alla eða hluta af hlutunum í bankanum þegar skilyrta skuldabréfið verður gefið út. Sá fjöldi hluta sem láta þarf af hendi fer eftir og er í beinu hlutfalli við nafnvirði skilyrta skuldabréfsins.

Skýringar við ársreikning samstæðu

4. Sameining féлага – 2008 (framhald)

Endurgjald frá bankanum (framhald)

Skilyrt skuldabréf

Samkvæmt ákvæðum uppgjörssamingsins sem undirritaður var 15. desember 2009 þarf bankinn hugsanlega að gefa út skuldabréf til Landsbanka Íslands hf. þann 31. mars 2013, sem viðbótargreiðslu fyrir eignir og skuldir sem fluttar voru úr Landsbanka Íslands hf. þann 9. október 2008. Fjárhæð skilyrta skuldabréfsins getur verið að nafnvirði allt að 92 milljarðar króna. Upphæðin er skilyrt af umframvirði ákveðinna eignasafna, ákvarðað þann 31. desember 2012, yfir framtíðarvirði kaupverðs þeirra eigna þann 9. október 2008, með fyrirvara um ákveðnar leiðréttingar. Virðið mun verða ákvarðað af óháðum matsaðila út frá viðurkenndum matsaðferðum. Umframvirði í árslok 2012 sem kann að vera umfram framtíðarvirði kaupverðsins frá 2008 skal skipt á milli Landsbanka Íslands hf., sem myndi fá 85% (en þó ekki hærri upphæð en 92 milljarða krónur) og bankans, sem fær 15%. Ef til útgáfu slíks skuldabréfs kemur mun það gefið út í evrum eða þeim myntum sem bankinn og Landsbanki Íslands hf. koma sér saman um og mun nafnverði bréfsins þá umreiknað úr krónum í evrum miðað við gengið 31. desember 2012. Bréfið myndi bera fljótandi vexti og vera á gjalddaga í október 2018. Ársfjórðungslegar afborganir myndu hefjast árið 2014.

Innslegin („knock-in“) framvirk afleiða

Við útgáfu skilyrta skuldabréfsins er Landsbanki Íslands hf. skuldbundinn samkvæmt ákvæðum samningsins sem undirritaður var 15. desember 2009 að framselja ríkinu öll eða hluta hlutabréfa í bankanum sem Landsbanki Íslands hf. fékk sem endurgjald fyrir þær eignir og skuldir sem færðar voru til bankans. Fjöldi hlutanna sem framselja skal er í réttu hlutfalli við nafnvirði skilyrta skuldabréfsins. Stjórn bankans hefur ákveðið að réttindi ríkisins til viðtöku á hlutabréfum frá Landsbanka Íslands hf. skuli skilgreind sem innslegin framvirk afleiða sem bankinn greiðir óbeint sem hluti af endurgjaldi til handa Landsbanka Íslands hf. Því færir bankinn greiðsluna sem ríkið hefði greitt í viðskiptum milli ótengdra aðila sem ígildi útgreiðslu fjármagns að upphæð 2 milljarðar króna.

Yfirtökukostnaður

Veigamikill hluti samningaferlisins var samkomulag milli bankans og Landsbanka Íslands hf. um heildarupphæð þeirrar kröfu sem bankinn gerði á Landsbanka Íslands hf. vegna stofnefnahagsreiknings bankans. Niðurstöður samkomulagsins voru þær að 2 milljarðar króna voru gjaldfærðar í samstæðuársreikning 2008 sem kostnaður vegna yfirtöku (sjá skýringu 35).

Bónusakerfi byggt á frammistöðu starfsmanna

Samningurinn sem undirritaður var 15. desember 2009 kveður á um að bankinn skuli koma á bónusakerfi byggt á frammistöðu fyrir alla starfsmenn bankans. Upphæð slíkra bónusa byggir á virði þeirra hlutabréfa í bankanum sem Landsbanki Íslands hf. er skuldbundinn til að framselja íslenska ríkinu, og miðast við virði fyrirfram skilgreindra eignasafna. Þó hámarksfjöldi þeirra hluta sem færa á m.t.t. þessa bónusakerfis sé 500 milljónir hluta fer lokafjöldi hlutanna eftir auknu virði eignasafnsins.

Ekki hafði verið komið á bónusakerfi til handa starfsmönnum á útgáfudegi samstæðureikningsskilanna. Stjórn bankans hefur enn fremur komist að þeirri niðurstöðu að stofndagur bónusakerfis hafi enn ekki runnið upp, enda hefur Starfskjaranefnd talsvert svigrúm til að ákvarða skipulag bónusakerfisins.

5 Starfspættir

Sjórnendur vinna nú að skipulagningu helstu starfseininga bankans út frá fimm viðskiptaæiningum:

- Viðskiptabankastarfsemi, m.a. þjónusta útibúanets bankans við einstaklinga og smærri og meðalstór fyrirtæki, sem og eignaleigubjónustu í gegnum dótturfélagið SP-fjármögnun hf.
- Fyrirtækjabankastarfsemi, sem er m.a. þjónusta við stór og meðalstór fyrirtæki í gegnum Fyrirtækjasvið bankans.
- Eignastýring og einkabankaþjónusta, m.a. stýring sjóða og eignastýring í gegnum deildir bankans og dótturfélagið Landsvaka hf.
- Fjárfestingabankastarfsemi, m.a. markaðsviðskipti og fyrirtækjaráðgjöf. Þar með talið dótturfélagið Horn fjárfestingarfélag ehf.
- Fjárfestýring sem sér um fjármögnun samstæðunar, miðlæga áhættustýringu í gegnum lántöku, útgáfu skuldabréfa, notkun afleiða til áhættustýringar og fjárfestingu í lausafjármunum á borð við skammtímaskuldbindingar og skuldabréf fyrirtækja og ríkis.

Frá stofnun bankans hafa fjárhagsupplýsingarnar sem aðgengilegar eru stjórnendum til að nota við ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna og mat á árangri verið fyrir fyrirtækið í heild. Því hefur samstæðan einn starfspátt á tímabilinu 7. október 2008 til 31. desember 2009.

Skýringar við ársreikning samstæðu

Skýringar með efnahagsreikningi

6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og –skulda

Samkvæmt IAS 39 falla fjáreignir og –skuldir í sérstaka flokka sem segja til um hvernig meta skuli þær eftir upphaflega skráningu þeirra. Um síðara mat hvers flokks fer sem hér segir:

- Lán og kröfur, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- Veltufjáreignir og veltufjárskuldir, metnar á gangvirði;
- Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metnar á gangvirði;
- Aðrar fjárskuldir, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og –skulda samstæðunnar í sarmræmi við IAS 39 og gangvirði þeirra 31. desember 2009:

Fjáreignir	Lán og kröfur	Veltufjáreignir/skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu		Samtals bókfært virði	Gangvirði
				kostnaðar verði	Aðrar skuldir á gangvirði*		
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	26.174	-	-	-	-	26.174	26.174
Skuldabréf og skuldagerningar	100.661	32.305	32.755	-	-	165.721	165.721
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	-	1.615	21.796	-	-	23.411	23.411
Afleiðusamningar	-	971	-	-	-	971	971
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	83.129	-	-	-	-	83.129	83.129
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	667.122	-	-	-	-	667.122	684.118
Aðrar fjáreignir	6.990	-	-	-	-	6.990	6.990
Samtals	884.076	34.891	54.551	0	0	973.518	990.514

Fjárskuldir

Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	-	-	-	98.228	-	98.228	98.228
Innlán frá viðskiptavinum	-	-	-	452.655	-	452.655	452.655
Afleiðugerningar og skortstöður	-	5.943	-	-	-	5.943	5.943
Lántaka	-	-	-	306.493	-	306.493	306.493
Skilyrt skuldabréf	-	-	-	-	10.241	10.241	10.241
Aðrar fjárskuldir	-	-	-	2.138	-	2.138	2.138
Samtals	0	5.943	0	859.514	10.241	875.698	875.698

* Skilyrta skuldabréfið hefur verið fært fyrir árið 2009 sem hluti af uppgjörinu í tengslum við keyptar eignir og yfirteknar skuldir sem færðar voru til bankans frá Landsbanka Íslands hf. (sjá skýringu 4). Skuldabréfið er fjárskuld sem samstæðan metur á gangvirði í sarmræmi við reglur IFRS 3 (2008) og er allur hagnaður eða tap sem af því leiðir fært í rekstrarreikning.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og –skulda samstæðunnar út frá IAS 39 og gangvirði þeirra 31. desember 2008:

Fjáreignir	Lán og kröfur	Veltufjáreignir/skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu		Samtals bókfært verð	Gangvirði
				kostnaðar verði	Aðrar skuldir á gangvirði*		
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	30.071	-	-	-	-	30.071	30.071
Skuldabréf og skuldagerningar	-	3.523	36.373	-	-	39.896	39.896
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	-	2.582	37.099	-	-	39.681	39.681
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	8.845	-	-	-	-	8.845	8.845
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	705.182	-	-	-	-	705.182	705.182
Aðrar fjáreignir	34.579	-	-	-	-	34.579	34.579
Samtals	778.677	6.105	73.472	0	0	858.254	858.254

Fjárskuldir

Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	-	-	-	132.219	-	132.219	132.219
Innlán frá viðskiptavinum	-	-	-	431.006	-	431.006	431.006
Afleiðugerningar og skortstöður	-	746	-	-	-	746	746
Aðrar fjárskuldir	-	-	-	15.319	-	15.319	15.319
Samtals	0	746	0	578.544	0	579.290	579.290

Skýringar við ársreikning samstæðu

6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og –skulda (framhald)

Gagnvirði fjáreigna og –skulda var ákvarðað út frá eftirfarandi aðferðum og forsendum. Hvað varðar fjáreignir og –skuldir tekur gengi allra helstu gjaldmiðla mið af greinanlegum mörkuðum með stundarviðskipti og framvirka samninga og staðlaða framvirka samninga.

Innstæður í Seðlabanka

Bókfært virði innstæðna í Seðlabanka er eðlilegt mat á gangvirði þeirra.

Skuldabréf og skuldagerningar

Alla jafna fæst uppgengið verð á ríkisskuldabréfum og ákveðnum skuldabréfum fyrirtækja. Þar sem slíkar upplýsingar eru ekki tiltækar er gangvirði metið með því að leggja skuldarálag við markaðsverð svipaðra bréfa eða viðeigandi vaxtaferla.

Fyrir skuldabréf útgefin af aðilum sem eiga í miklum erfiðleikum eða eru gjaldþrota er gangvirði metið út frá heimtarstaðli. Heimtarstaðall er birtur af skiptastjórn eða svipuðum stjórnenda hins gjaldþrota útgefanda og byggir á upplýsingum úr efnahagsreikningi, eða sérfræðiáliti.

Vextir eru einkum grunnvextir á borð við LIBOR vexti (London Inter-Bank Offered Rate) og vexti á mörkuðum með skiptasamninga, skuldabréf og framvirka samninga.

Þar sem því verður komið við er skuldatryggingarálag byggt á verðum afleiða („credit default swap“) eða öðrum skuldabréfagerningum, svo sem skuldabréfum. Í öðrum tilfellum er skuldatryggingarálag fengið frá matsfyrirtækjum. Skuldatryggingarálag mótaðila er metið út frá lánshæfi mótaðilans ef hann er annar en gert er ráð fyrir á markaði.

Hlutabréf og eiginfjárgæringar

Almennt er auðvelt að nálgast verð á hlutum fyrirtækja sem skráð eru í helstu kauphallir heims og helstu vísitölur slíkra hlutabréfa. Ef ekki er hægt að nálgast slíkar upplýsingar er gangvirði metið út frá markaðsvirði og tekjukennitölum svipaðra verðbréfa, nýlegum viðskiptum eða núvirtum sjóðstreymisgreiningum.

Afleiðugæringar

Gangvirði afleiðugæringa er ákvarðað með matsaðferðum sem byggja aðallega á flökt- og fylgnistuðlum sem fengnir eru hjá verðbréfamiðlurum, verðlagningaraðilum eða reiknaðir út frá kaupréttarverði.

Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki

Útlán og kröfur á banka eru m.a. millibankaviðskipti og kröfur sem eru í innheimtuferli. Bókfært virði fjárhæða sem bera fljótandi vexti og innan dags innstæðna telst eðlilegt mat á gagnvirði þeirra.

Útlán og kröfur á viðskiptavinum

Áætlað gangvirði útlána og krafna stendur fyrir niðurfærða upphæð áætlaðs framtíðarsjóðstreymis sem búist er við að heimist af lánunum í framtíðinni. Endurheimtuhlutfall og tap af gefnum vanskilum skuldara er notað sem inntak í matslíkön sem vísir um stærð taps eða vanskila. Lánin eru hópuð eftir tegund og áætlað mánaðarlegt sjóðstreymi af hverju láni til loka ársins 2011 er metið og reiknað er með að greiðslur eftir 2011 berist í lok júní á hverju ári. Gangvirðið er fengið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með núverandi markaðsvöxtum. Vextir eru einkum grunnvextir á borð við LIBOR vexti (London Inter-Bank Offered Rate) og vextir á mörkuðum með skiptasamninga, skuldabréf og framvirka samninga eða núverandi vexti samstæðunnar fyrir ný lán.

Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka

Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka eru endurverðlagðar minnst mánaðarlega og því er áætlað gangvirði þeirra það sama og bókfært virði.

Innlán frá viðskiptavinum

Innlán viðskiptavina eru endurverðlögð minnst mánaðarlega í samræmi við breytingar á vöxtum Fjárfstýringar bankans. Áætlað gangvirði innlána er því hið sama og bókfært virði þeirra.

Skýringar við ársreikning samstæðu

6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og –skulda (framhald)

Skortstöður

Skortstöður eru teknar í íslenskum ríkisskuldabréfum þar sem auðvelt er að nálgast markaðsverð.

Lántaka

Gangvirði tekinnna lána í árslok 2009 er jafnt bókfærðu virði þeirra, enda voru lánin færð með afslætti í upphafi þann 15. desember 2009 út frá markaðsvöxtum.

Skilyrt skuldabréf

Gangvirði skilyrta skuldabréfsins byggir á væntu virði undirliggjandi lánasafna og því að hve miklu leyti virði þess mun fara umfram vænta ávöxtun sem er skilgreind sem 400 grunnpunktur yfir viðeigandi millibankavexti. Metið vænt virði byggir á „log-normal“ dreifingu þar sem lágmarksgreiðsla er 0 krónur og hámarksgreiðsla er 92 milljarðar krónur. Helstu gögn og forsendur notaðar í matslíkaninu þann 31. desember 2009 eru m.a. vænt 7,0% flökt í lánasafninu og 7,6% áhættulausir vextir. Hins vegar er útgáfa og upphæð skuldabréfsins háð umtalsverðri umframávöxtun undirliggjandi lánasafns. Því er skuldbinding bankans skilgreind sem vijkjandi.

Prepskipting gangvirðis

Samstæðan notaði þrepaskiptingu til að greina frá inntaki í mati notað við að ákvarða gangvirði. Þrepaskiptingin raðar inntökum í þrjú yfirgripsmikil þrep, á eftirfarandi hátt:

- 1. þrep: Uppgefin verð (óleiðrétt) á virkum markaði með eins eignir eða skuldir;
- 2. þrep: Matsaðferð sem notar greinanlegt inntak annað en uppgefin verð sem falla í 1. þrep og er greinanlegt fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleitt af verði); og
- 3. þrep: Matsaðferð sem byggir á verulegu ógreinanlegu inntaki fyrir eignina eða skuldina sem ekki byggir á greinanlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegt inntak). Í þriðja þrep falla allir gerningar sem metnir eru út frá uppgefnu verði fyrir svipaða gerninga þar sem gera þarf verulegar ógreinanlegar leiðréttingar eða forsendur til að gera grein fyrir mismuninum á milli gerninganna.

Flokkun fjáreignar eða –skuldar í þrep fer eftir inntakinu á lægsta þrepi sem skiptir verulegu máli við heildarmat á gangvirði.

Taflan hér fyrir neðan sýnir það þrep sem gangvirði fjáreigna og –skulda færðar á gangvirði í samstæðuársreikning eru flokkuð í þann 31. desember 2009.

Fjáreignir	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Skuldabréf og skuldagerðingar	6.304	122.046	37.371	165.721
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	6.154	13.702	3.555	23.411
Afleiðusamningar	-	971	-	971
Samtals	12.458	136.719	40.926	190.103

Fjárskuldir

Afleiðusamningar	-	675	-	675
Skortstöður	5.268	-	-	5.268
Skilyrt skuldabréf	-	-	10.241	10.241
Samtals	5.268	675	10.241	16.184

Taflan hér fyrir neðan sýnir það þrep sem gangvirði fjáreigna og –skulda færðar á gangvirði í samstæðuársreikning eru flokkuð í þann 31. desember 2008.

Fjáreignir	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Skuldabréf og skuldagerðingar	4.068	9.082	26.746	39.896
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	22.029	12.645	5.007	39.681
Samtals	26.097	21.727	31.753	79.577

Fjárskuldir

Afleiðugerningar	0	746	0	746
------------------	---	-----	---	-----

Árið 2009 voru engar tilfærslur inn eða úr 1. þrepi og engar færslur inn í 2. þrep.

Fjáreignir og –skuldir voru færðar úr 2. þrepi í 3. þrep vegna þess mikilvægt inntak notað við mat á gangvirði þeirra varð ógreinanlegt árið 2009, svo sem markaðsverð eða vextir. Ein tilfærsla átti sér stað innan 3. þreps, úr skuldabréfum og skuldabréfagerningum í hlutabréf og eiginfjárgerninga vegna umbreytingu á breytanlegu skuldabréfi í hlutabréf árið 2009.

Skýringar við ársreikning samstæðu

6. Flokkun og gangvirði fjáreigna og –skulda (framhald)

Taflan hér fyrir neðan sýnir afstemmingu á mati á gangvirði innan 3. þreps fyrir árið 2009:

	Skuldabréf og skulda- gæringar	Hlutabréf og eiginfjárgæringar	Samtals fjáreignir	Skilyrt skuldabréf
Bókfært verð 1. janúar 2009	26.746	5.007	31.753	-
Samtals hagnaður (tap) færður í rekstrarreikning	8.572	202	8.774	(10.241)
Kaup	20.313	3.144	23.457	-
Sala	(17.000)	(5.361)	(22.361)	-
Uppgjör	(1.697)	-	(1.697)	-
Fært í 3. þrep	962	563	1.525	-
Fært úr 3. þrepi	(525)	-	(525)	-
Bókfært verð 31. desember 2009	37.371	3.555	40.926	(10.241)

Taflan hér fyrir neðan sýnir liði rekstrarreiknings þar sem heildar hagnaður (tap) var færður árið 2009 vegna mats á gangvirði á 3. þrepi:

	Skuldabréf og skulda- gæringar	Hlutabréf og eiginfjárgæringar	Skilyrt skuldabréf	Samtals
Vaxtagjöld	-	-	(10.241)	(10.241)
Hreinar tekjur (tap) af fjáreignum færðum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	7.733	174	-	7.907
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og –skuldum	665	28	-	693
Hreinn gengishagnaður (gengistap)	174	-	-	174
Samtals	8.572	202	(10.241)	(1.467)

Breyting á gangvirði metið með matsaðferðum sem færð var í rekstrarreikning árið 2009 nam tapi að upphæð 46.597 milljónum króna.

Taflan hér fyrir neðan sýnir liði rekstrarreiknings sem hagnaður (tap) af fjáreignum og –skuldum samstæðunnar þann 31. Desember 2009 í 3. þrepi er færður:

	Skuldabréf og skulda- gæringar	Hlutabréf og eiginfjárgæringar	Skilyrt skuldabréf	Samtals
Vaxtagjöld	-	-	(10.241)	(10.241)
Hreinar tekjur (tap) af fjáreignum færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	10.505	351	-	10.856
Hreinar tekjur af fjáreignum og –skuldum í sölumæðferð	665	(90)	-	575
Hreinn gengishagnaður (gengistap)	187	-	-	187
Samtals	11.357	261	(10.241)	1.377

Þó að samstæðan telji að mat hennar á gangvirði sé viðeigandi gæti notkun á öðrum matsaðferðum og forsendum skilað öðrum niðurstöðum fyrir mat á gangvirði. Taflan hér fyrir neðan sýnir þau áhrif sem sæmilega raunhæfar breytingar á einu eða fleiri inntökum við mat á gangvirði í 3. þrepi myndi hafa á hagnað (tap) fyrir skatta:

Fjáreignir	Áhrif á hagnað (tap) fyrir tekjuskatt	
	Hagstæð	Óhagstæð
Skuldabréf og skuldagæringar	1.674	(1.584)
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	756	(474)
Samtals	2.430	(2.058)
Fjárskuldir		
Skilyrt skuldabréf	2.800	(6.400)

Áhrifin á hagnað (tap) var reiknað með aðferðum sem henta þeim líkönum sem notuð voru. Hagnaður hlutabréfa sem eru verðmetin út frá núvitu sjóðstreymi breyttist um +/-300 grunnpunkta og þegar hliðstæður eða nýleg viðskipti eru notuð breyttist verðið um +/-10%. Fyrir skuldabréf var endurheimtuhlutfalli breytt um +/-10%. Fyrir skilyrta skuldabréfið var virði undirliggjandi eigna breytt um +/-500 grunnpunkta.

Skýringar við ársreikning samstæðu

7. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

	2009	2008
Handbært fé	1.506	1.916
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	15.032	19.238
Samtals handbært fé og óbundnar innstæður í Seðlabanka	16.538	21.154
Bindiskylda við Seðlabanka	9.636	8.917
Samtals sjóður og innstæður í Seðlabanka	26.174	30.071

Bankinn er með lögbundinn varasjóð á reikningi hjá Seðlabanka. Meðalinnstæða á reikningnum í hverjum mánuði má ekki vera lægri en ákvæði laga um lögbundinn varasjóð kveða á um. Innstæða umfram þau mörk er laus til nota fyrir samstæðuna. Samstæðan hefur óhindraðan aðgang að öðrum sjóðum og innstæðum í Seðlabanka.

8. Skuldabréf og hlutabréf

Skuldabréf og skuldagerningar	2009				2008			
	Lán og kröfur	Veltufjáreignir	Fjáreignir á gangvirði	Samtals	Lán og kröfur	Veltufjáreignir	Fjáreignir á gangvirði	Samtals
Innlend								
Skráð	-	10.953	9.272	20.225	-	3.523	8.909	12.432
Óskráð	100.661	21.352	17.761	139.774	-	-	21.420	21.420
	100.661	32.305	27.033	159.999	0	3.523	30.329	33.852
Erlend								
Skráð	-	-	3.958	3.958	-	-	5.787	5.787
Óskráð	-	-	1.764	1.764	-	-	257	257
	0	0	5.722	5.722	0	0	6.044	6.044
Skuldabréf samtals	100.661	32.305	32.755	165.721	0	3.523	36.373	39.896
Hlutabréf og eiginfjárgerningar								
Innlend								
Skráð	-	774	9.198	9.972	-	586	5.843	6.429
Óskráð	-	-	2.864	2.864	-	108	601	709
	0	774	12.062	12.836	0	694	6.444	7.138
Erlend								
Skráð	-	841	9.482	10.323	-	1.557	22.733	24.290
Óskráð	-	-	252	252	-	331	7.922	8.253
	0	841	9.734	10.575	0	1.888	30.655	32.543
Hlutabréf samtals	0	1.615	21.796	23.411	0	2.582	37.099	39.681
Samtals skuldabréf og hlutabréf	100.661	33.920	54.551	189.132	0	6.105	73.472	79.577

Skuldabréf og hlutabréf eru flokkuð sem „innlend“ eða „erlend“ eftir því í hvaða landi útgefandinn er skráður í félagaskrá.

Skuldabréf og skuldagerningar flokkuð sem lán og kröfur í árslok 2009 samanstanda að hluta til af ríkisskuldabréfunum sem bankinn fékk afhent sem hluta af uppgjöri á hlutafjárframlaginu (sjá skýringu 15). Unnið er að því að skrá bréfin í Kauphöll.

Skýringar við ársreikning samstæðu

9. Afleiðusamningar og skortstöður

	2009			2008		
	Nafnvirði	Gangvirði		Nafnvirði	Gangvirði	
Gjaldeyrisafleiður		Eignir	Skuldir		Eignir	Skuldir
Framvirkir gjaldeyrissamningar	9.323	262	1	-	-	-
Gjaldmiðlavaxtaskiptasamningar	2.415	-	672	2.923	-	746
OTC valréttarsamningar með gjaldeyri*	59.703	700	-	-	-	-
	71.441	962	673	2.923	0	746
Vaxtaafleiður						
Vaxtaskiptasamningar	3.318	9	2	-	-	-
	3.318	9	2	0	0	0
Skortstöður – skráð skuldabréf	-	-	5.268	-	-	-
Samtals	74.759	971	5.943	2.923	0	746

* Bankinn hefur keypt OTC valréttarsamninga með gjaldeyri í tapi sem áhættuvörn gegn stórum neikvæðum sveiflum í gengi helstu gjaldmiðla á gjaldeyrisójöfnuð bankans. Deltastuðull þessara valréttarsamninga nam 9.989 milljónum króna þann 31. desember 2009.

10. Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki

	2009	2008
Bankareikningar hjá fjármálafyrirtækjum	4.628	1.743
Peningamarkaðslán	58.488	1.447
Yfirdráttarlán	6.247	4.774
Önnur útlán	13.766	881
Samtals	83.129	8.845

11. Útlán og kröfur á viðskiptavini

	2009	2008
Opinberir aðilar	10.582	11.529
Einstaklingar	177.561	170.052
Fyrirtæki	486.739	524.784
Frádregið: Framlag vegna virðisrýrnunar	(7.760)	(1.183)
Samtals	667.122	705.182

Á uppgjörstímabilinu var samstæðunni óheimilt að selja eða framselja veð nema til kæmu vanskil af hálfu eiganda veðsinsr.

Frekari upplýsingar um útlán og kröfur má finna í skýringunum í kaflanum um áhættustýringu.

Skýringar við ársreikning samstæðu

12. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Bókfært verð í upphafi tímabils	2.518	0
Viðbætur með sameiningu fyrirtækja	0	2.325
Önnur kaup	44	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga eftir skatta	383	193
Samtals	2.945	2.518

	Samtals eignir	Samtals skuldir	Hagnaður/ (tap)	Eignar hlutur	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
31. desember 2009						
Valitor Holding hf.	37.699	32.554	1.008	38%	383	1.955
Kreditkort hf.	8.365	7.514	2	20%	-	170
Borgun hf.	15.340	14.325	177	20%	34	206
Reiknistofa bankanna	1.772	254	0	34%	-	515
Intrum hf.	795	506	(108)	33%	(34)	99
Samtals	63.971	55.153	1.079		383	2.945

31. desember 2008						
Valitor Holding hf.	33.780	29.643	2.222	38%	155	1.572
Kreditkort hf.	4.068	3.219	77	20%	11	170
Borgun hf.	9.980	9.341	71	20%	(19)	128
Reiknistofa bankanna	1.855	337	0	34%	27	515
Intrum hf.	992	599	28	33%	19	133
Samtals	50.675	43.139	2.398		193	2.518

Ekkert hlutdeildarfélaganna er skráð á markað. Tekjur af hlutdeildarfélögum eru fyrir árið 2009 og tímabilið 9. október til 31. desember 2008.

13. Rekstrarfjármunir

	2009			7.10 – 31.12.2008		
	Innbú, tækja- búnaður og			Innbú, tækja- búnaður og		
	Fasteingir	bifreiðar	Samtals	Fasteingir	bifreiðar	Samtals
Bókfært verð í upphafi tímabils	3.422	3.442	6.864	0	0	0
Viðbætur með sameiningu fyrirtækja	-	-	0	3.418	3.491	6.909
Viðbætur á tímabilinu	125	174	299	25	178	203
Selt á tímabilinu	(24)	(105)	(129)	-	(4)	(4)
Afskriftir	(76)	(928)	(1.004)	(21)	(223)	(244)
Bókfært verð 31. desember	3.447	2.583	6.030	3.422	3.442	6.864
Bókfært verð alls	3.529	3.521	7.050	3.443	3.665	7.108
Uppsafnaðar afskriftir	(82)	(938)	(1.020)	(21)	(223)	(244)
Bókfært verð 31. desember	3.447	2.583	6.030	3.422	3.442	6.864

Afskriftarhlutföll	2–4%	10–33%	2–4%	10–33%
--------------------	------	--------	------	--------

Opinbert verðmat bygginga 31. desember	2009	2008
Fasteignamat notað í skattalegum tilgangi	3.913	4.163
Brunabótamat	7.179	7.049

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Afskriftir og niðurfærsla færð í rekstrarreikning samanstandur af:		
Afskriftir rekstrarfjármuna	1.004	244
Niðurfærsla á óefnislegum eignum	274	50
Samtals	1.278	294

Skýringar við ársreikning samstæðu

14. Óefnislegar eignir

	7.10-31.12.	
Hugbúnaðarleyfi	2009	2008
Bókfært verð í upphafi tímabils	1.220	0
Viðbætur með sameiningu fyrirtækja	0	1.206
Viðbætur	112	66
Sala	0	(2)
Niðurfærsla	(274)	(50)
Bókfært verð 31. desember	1.058	1.220
Niðurfærsluhlutföll	20-33%	20-33%
Bókfært verð samtals	1.335	1.270
Uppsöfnuð niðurfærsla	(277)	(50)
Bókfært verð 31. desember	1.058	1.220

15. Ógreitt hlutafjárframlag

Árið 2008 skuldbatt ríkið sig til að fjármagna bankann með hlutafjárframlagi að upphæð 149.225 milljónum króna. Gengið var frá hlutafjárframlaginu með fjármögnunarsamningi milli ríkis og bankans þann 15. desember 2009. Samkvæmt samningnum gaf ríkið út ríkisskuldabréf og afhenti bankanum þann 30. desember 2009. Ríkisskuldabréfið var 121.225 milljónir króna að nafnvirði en að auki reiknuðust vextir frá 9. október 2008, að upphæð 18.588 milljónir króna. Eftirstandandi 28.000 milljónir króna, auk áfallinna vaxta frá 9. október 2008 að upphæð 4.279 milljónir króna, var jafnað gegn skuldbindingu við Landsbanka Íslands hf. (sjá skýringu 20). Áfallnir vextir í lok árs vegna ógreidda hlutafjárframlagsins eru færðir undir liðinn "Aðrar eignir" í efnahagsreikningi.

16. Aðrar eignir

	2009	2008
Kröfur á Landsbanka Íslands hf.	5.167	18.652
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	1.089	9.323
Áfallnir vextir á ógreitt hlutafjárframlag	0	5.699
Óinnheimtar kröfur og fyrirframgreiðslur	734	905
Ýmsar eignir	6.990	4.379
Samtals	13.980	38.958

17. Eignir og skuldir í sölumeðferð

Eignir í sölumeðferð	2009	2008
Innheimtar ábyrgðir	33.673	2.150
Eignir í eignasamstæðum í sölumeðferð	30.205	5.434
Samtals	63.878	7.584

Innheimtar ábyrgðir eru aðallega fastafjármunir sem samstæðan hefur eignast við að ganga að veðum fyrir útlánum og kröfum. Það er stefna samstæðunnar að selja slíkar eignir fljótt og á skipulegan hátt. Samstæðan notar innheimtar ábyrgðir á öðru formi en reiðufé almennt ekki í starfsemi sinni.

	7.10-31.12.	
Innheimtar ábyrgðir	2009	2008
Bókfært verð í upphafi tímabils	2.150	0
Eignast við sameiningu fyrirtækja	-	1.433
Innheimt á tímabilinu	33.626	869
Virðisrýrnun	-	(25)
Selt á tímabilinu	(2.103)	(127)
Samtals	33.673	2.150

Eignasamstæður í sölumeðferð

Eignasamstæður skilgreindar sem ætlaðar til sölu samanstanda af eignum og skuldum dótturfélaga sem samstæðan hefur eignast með endursölu í huga. Þar sem þessi dótturfélög uppfylla skilyrði IFRS 5 um aflagða starfsemi hefur samstæðan fært uppgjör þeirra þannig í samstæðuársreikningnum, í samræmi við kröfur IFRS 5 og IAS 1.

Skýringar við ársreikning samstæðu

18. Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka

	2009	2008
Skuldir og endurkaupasamningar við Seðlabanka	66	18.655
Skuldir við og innlán fjármálafyrirtækja	98.162	113.564
Samtals	98.228	132.219

19. Innlán frá viðskiptavinum

	2009	2008
Óbundin innlán	317.330	320.837
Bundin innlán	135.325	110.169
Samtals	452.655	431.006

20. Skuldbinding við Landsbanka Íslands hf.

	Bókfært verð
Fært vegna kaupa á eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. þann 9. október 2008	274.800
Áfallnir vextir	6.611
Gjaldeyrsgengismunur	23.646
31. desember 2008	305.057
Viðbót við skuldbindinguna á tímabilinu	2.000
Áfallnir vextir	13.148
Gjaldeyrsgengismunur	24.233
Uppgjör með lántöku	(312.168)
Uppgjör greiðslujafnað með hlutfjárframlagi	(28.000)
Uppgjör greiðslujafnað með vöxtum á hlutfjárframlagi	(4.270)
31. desember 2009	0

Frekari upplýsingar um skuldbindinguna við Landsbanka Íslands hf. má finna í skýringu 4.

21. Lántaka

Senior secured bonds	Nafnverðsfjárhæðir		Samningsbundnir vextir (%)	Bókfært verð	
	Erlend mynt	ISK		2009	2008
EUR	871 million	156.519	EURIBOR + 1.75/2.90	158.573	-
GBP	275 million	55.316	LIBOR + 1.75/2.90	56.086	-
USD	734 million	91.456	LIBOR + 1.75/2.90	91.834	-
Total		303.291		306.493	0

Forgangsbréfin eru á gjalddaga í október 2018 og eru engar afborganir af þeim fyrstu 5 árin. Vextir eru 3ja mánaða EURIBOR á evruskuldbréfinu og 3ja mánaða LIBOR vextir eru á skuldabréfunum í sterlingspundum og dollurum, auk 1,75% álags fyrstu 5 árin og 2,90% álags síðustu 5 árin. Frá og með 30. júní 2010 geta eigendur bréfanna farið fram á það að bankinn breyti bréfunum í Eurobond. Við umbreytinguna mun bankann leitast við að skrá slík bréf í viðurkennda kauphöll eins fjótt og unnt er eftir breytinguna.

Samstæðan hefur staðið skil á öllum greiðslum af höfuðstóli og vöxtum og staðið við allar samningsbundnar skuldbindingar sínar á uppgjörstímabilinu.

22. Skilyrt skuldabréf

Samkvæmt skuldbindingu í samningnum frá 15. desember 2009 þarf bankinn hugsanlega að gefa út skuldabréf til Landsbanka Íslands hf. þann 31. mars 2013, sem viðbótargreiðslu fyrir eignir og skuldir sem fluttar voru úr Landsbanka Íslands hf. þann 9. október 2008. Fjárhæð skilyrta skuldabréfsins getur verið að nafnvirði allt að 92 milljarðar króna. Upphæðin er skilyrt af umframvirði ákveðinna eignasafna, ákvarðað þann 31. desember 2012, yfir framtíðarvirði kaupverðs þeirra eigna þann 9. október 2008, með fyrirvara um ákveðnar leiðréttingar. Virðið mun verða ákvarðað af óháðum mattsðila út frá viðurkenndum matsaðferðum. Umframvirði í árslok 2012 sem kann að vera umfram framtíðarvirði kaupverðsins frá 2008 skal skipt á milli Landsbanka Íslands hf., sem myndi fá 85% (en þó ekki hærri upphæð en 92 milljarða krónur) og bankans, sem fær 15%. Ef til útgáfu slíks skuldabréfs kemur mun það gefið út í evrum eða þeim myntum sem bankinn og Landsbanki Íslands hf. koma sér saman um og mun nafnverði bréfsins þá umreiknað úr krónum í evrur miðað við gengið 31. desember 2012. Bréfið myndi bera fljótandi vexti og vera á gjalddaga í október 2018. Ársfjórðungslegar afborganir myndu hefjast árið 2014.

Skilyrt skuldabréf bankans er flokkað sem fjárskuldbinding og upphaflega metin á gangvirði. Eftir það er hún metin á gangvirði, og allur hagnaður eða tap sem af henni leiðir færður undir liðinn „Vaxtakostnaður“ í rekstrarreikningi.

Skýringar við ársreikning samstæðu

23. Skattainneignir og –skuldir

Skattainneignir og –skuldir eru sem hér segir:

Skattainneignir	2009	2008
Frestaðar skattainneignir	6.682	7.347
Skattaskuldir		
Ógreiddir skattar	83	762
Frestaðar skattaskuldir	0	83
Samtals	83	845

Bókfærðar frestaðar skattainneignir og –skuldir tengjast eftirfarandi liðum:

	2009			2008		
	Eignir	Skuldir	Nettó	Eignir	Skuldir	Nettó
Rekstrarfjármunir	-	(2.342)	(2.342)	-	(173)	(173)
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	-	-	0	-	(45)	(45)
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	-	(140)	(140)	-	(57)	(57)
Aðrar eignir	6.382	(321)	6.061	441	-	441
Afleiðugæringar og skortstöður	-	-	0	112	-	112
Frestaður gengismunur	357	-	357	-	(83)	(83)
Aðrir liðir	-	-	0	-	(102)	(102)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	2.746	-	2.746	7.171	-	7.171
	9.485	(2.803)	6.682	7.724	(460)	7.264
Skattainneignum jafnað á móti skattaskuldum hjá sama skattaðila	(2.803)	2.803	0	(377)	377	0
Samtals	6.682	0	6.682	7.347	(83)	7.264

Frestaðar skattainneignir og –skuldir eru reiknaðar út frá skattaprósentum og skattalögum sem voru í gildi í lok árs 2009, en þá var tekjuskattshlutfall lögaðila 18,0%. Hlutfallið var hækkað úr 15,0% í 18,0% í desember 2009. Breytingin tók gildi fyrir fjárhagsárið sem hófst 1. janúar 2010.

Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2009 nam 15.256 milljónum króna (2008: 47.807 milljónum króna). Tapið varð til fjárhagsárið 2009 og rennur út 1. janúar 2010. Bókfærð frestað skattainneign vegna yfirfæranlega skattalega tapsins nam 2.746 milljónum króna (2008: 7.171 milljónum króna), en þar af eru 1.192 milljónir króna (2008: 2.148 milljónir króna) rekjanlegar til bankans og 1.554 milljónir króna (2008: 4.930 milljónir króna) rekjanlegar til dótturfélagsins SP-fjármögnunar hf. Færsla þessarar skattainneignar er í samræmi við viðskiptaáætlun samstæðunnar sem gengur út frá því að líklegt sé að skattskyldur hagnaður muni verða til í framtíðinni og að honum megi ráðstafa gegn inneigninni áður en hún rennur út.

Breytingar á tímabundnum mismuni á tímabilinu voru eftirfarandi:

	Fært í rekstrarreikning (gjöld)				Staðan 31.12.2009
	Staðan 1.1.2009	tekjur vegna tekjuskatts	Breytingar frá fyrra ári	Fært beint á eigið fé	
2009					
Rekstrarfjármunir	(173)	(2.169)	-	-	(2.342)
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	(45)	45	-	-	0
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	(57)	(83)	-	-	(140)
Aðrar eignir	441	5.874	-	-	6.315
Afleiðugæringar og skortstöður	112	(112)	-	-	0
Frestaður gengismunur	(83)	458	(18)	-	357
Aðrir liðir	(102)	(119)	(32)	-	(253)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	7.171	(4.426)	-	-	2.745
Samtals	7.264	(532)	(50)	0	6.682

Skýringar við ársreikning samstæðu

23. Skattainneignir og –skuldir (framhald)

	Eignast við sameiningu fyrirtækja	Fært í rekstrarreikning (gjöld)		Fært beint á eigið fé	Staðan 31.12.2009
		tekjur vegna tekjuskatts	Breytingar frá fyrra ári		
2008					
Rekstrarfjármunir	-	(173)	-	-	(173)
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	(883)	837	1	-	(45)
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	-	(57)	-	-	(57)
Aðrar eignir	-	441	-	-	441
Afleiddar skuldir	-	112	-	-	112
Frestaður gengismunur	-	(83)	-	-	(83)
Aðrir liðir	-	(120)	-	18	(102)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	4.935	2.236	-	-	7.171
Samtals	4.052	3.193	1	18	7.264

* Gengismunur sem er til kominn vegna þýðingar frestaðra skattainneigna og –skulda í erlendum gjaldmiðlum í krónur er færður undir liðinn „Hreint gengishagnaður (gengistap)“.

** Frestaðar skattainneignir sem reiknast sem hluti af eigin fé tengjast viðskiptakostnaði vegna útgáfu hlutafjár.

Samanlögð upphæð tímabundins mismunar vegna fjárfestinga bankans í dótturfélögum þar sem engin skattaskuldbinding er færð í samstæðuársreikning var 3.882 milljónir króna í árslok 2009 (2008: 993 milljónir króna). Ef bankinn seldi dótturfélög sín á bókfærðu verði þeirra myndi hagnaðurinn af sölunni verða notaður til að jafna hvers konar skattalegt tap sem bankinn yfirfærði á söluárinu. Núverandi skattalög kveða hins vegar á um að hagnaður sé frádráttarbær frá skatti ef bankinn hefur ekki orðið fyrir skattalegu tapi á söluárinu eða á ekki yfirfæranlegt tap á þeim tíma

24. Aðrar skuldir

	2009	2008
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	872	10.368
Afdráttarskattur	3.927	3.511
Víðskiptaskuldir	586	775
Ógreitt framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta*	680	665
Ýmsar skuldir	2.112	4.474
Samtals	8.177	19.793

Óuppgerð verðbréfavíðskipti voru gerð upp innan við þrjá daga frá reikningsskiladegi.

*Samkvæmt lögum nr. 98/1999, um Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta, þarf bankinn fyrir 1. mars ár hvert að reiða af hendi upphæð sem samsvarar 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í bankanum til Tryggingasjóðsins ef heildareignir sjóðsins eru minni en 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í víðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Á sama tíma skal bankinn einnig afhenda sjóðnum ábyrgðaryfirlýsingu þar sem kemur að bankinn skuldbindi sig til að reiða af hendi sérstakt framlag til sjóðsins ef sjóðurinn þarf að endurgreiða innlán víðskiptavina. Ábyrgðaryfirlýsingin tekur til þess hluta upphæðarinnar sem út af stendur til að jafna 1% af meðaltali tryggðra innstæðna. Hins vegar skulu kröfur um framlög til sjóðsins út frá ábyrgðaryfirlýsingunni ekki vera hærri en sem nemur einum tíunda af lágmarks heildareignum sjóðsins.

Stjórn bankans hefur ákveðið að skuldin sem færa skal vegna 0,15% ársframlags til Tryggingasjóðs skuli einungis nema þeirri fjárhæð sem bankinn á ekki val um annað en að greiða á reikningsskiladegi samkvæmt lögnum. Þetta er 0,15% framlagið sem bankinn skal greiða á næsta almanaksári vegna yfirstandandi almanaksárs. Önnur regluleg framlög bankans til sjóðsins í framtíðinni eru háð framtíðarstarfsemi bankans og eru því ekki núverandi skuldbinding á reikningsskiladegi. Þar af leiðandi eru framtíðarframlög til sjóðsins ekki færð sem skuld. Því er upphæðin sem færð er sem skuld 31. desember 2009 þær 680 milljónir króna sem bankinn greiddi sjóðnum í mars 2010 (665 milljónir króna þann 31. desember 2008, sem bankinn greiddi sjóðnum í september 2009).

Vegna ábyrgðaryfirlýsingar bankans hefur stjórn hans ákveðið að skuld skuli einungis færð í efnahagsreikning í samræmi við þá upphæð yfirlýsingarinnar sem er ógreidd á hverjum reikningsskiladegi ef útstreymi eigna bankans á þeim reikningsskiladegi er talið líklegt en ekki til að eiga sér stað. Þar sem bankinn skuldaði enga upphæð í tengslum við ábyrgðaryfirlýsinguna þann 31. desember 2008 var engin skuld færð í samstæðureikningsskilin fyrir tímabilið 7. október til 31. desember 2008. Bankinn gaf í fyrsta sinn út ábyrgðaryfirlýsingu til sjóðsins í nóvember 2009, að hámarksupphæð 3.769 milljónir króna, en þar af getur sjóðurinn einungis gert kröfu um sérstakt framlag að hámarki 1.610 milljóna samkvæmt ákvæðum laganna. Bankinn gaf út nýja ábyrgðaryfirlýsingu til sjóðsins árið 2010, að hámarksupphæð 3.851 milljónir króna, en þar af getur sjóðurinn einungis gert kröfu um sérstakt framlag að hámarki 1.611 milljóna samkvæmt ákvæðum laganna. Samstæðan færir enga skuld í samstæðuársreikning þennan vegna útistandandi upphæðar samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu í árslok 2009.

Ríkisstjórn Íslands vinnur nú að því að breyta lögnum og hefur frumvarp þess efnis verið lagt fyrir Alþingi. Miðað við frumvarpsdrögin gerir stjórn bankans ráð fyrir að árlegt framlag til sjóðsins muni aukast í kjölfar lagabreytingarinnar.

Skýringar við ársreikning samstæðu

25. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé samþykkt og útgefið af bankanum eru 24 milljarðar hluta að nafnvirði 1 króna á hlut. Hverjum einnar krónu hlut fylgir eitt atkvæði og eiga hluthafar þannig rétt á einu atkvæði á hlut á félagsfundum bankans. Greitt var fyrir hluti sem útgefnir voru á íslenska ríkið í tveimur hlutum: með reiðufé að upphæð 775 milljónir króna þann 7. október 2008 og með ríkisskuldabréfi að nafnvirði 121.225 milljónir króna þann 30. desember 2008. Bankinn hefur einnig gefið út hlutfé að upphæð 28.000 milljónir á Landsbanka Íslands hf. sem hluta af endurgjaldi bankans fyrir eignir og skuldir sem færðar voru frá Landsbanka Íslands hf. (sjá skýringu 4).

Takmarkanir á arðgreiðslum

Bankinn gaf út tryggð forgangsskuldabréf að upphæð 290 milljarðar króna sem hluti af kaupverðinu á íslenski starfsemi Landsbanka Íslands hf. Komi til arðgreiðslna skal bankinn innleysa bréfin í réttu hlutfalli við arðgreiðsluna. Bréfin eru á gjalddaga árið 2018 (sjá skýringu 4).

Samkvæmt lögum um hlutfélög nr. 2/1995 má einungis úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa af hagnaði fyrri ára og frjálsum sjóðum.

Yfirverð

Yfirverð er munurinn á greiðslum í krónum sem bankinn fékk við útgáfu á hlutfé og nafnverðs útgefinna hluta, mínus beinn kostnaður við útgáfu nýrra hluta að teknu tilliti til tengdra skattaívilnanna.

Lögbundinn varasjóður

Lögbundni varasjóðurinn er stofnaður í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995 sem kveða á um að minnst 10% af hagnaði bankans, sem ekki er ráðstafað gegn tapi fyrri ára eða lagt í aðra sjóði í samræmi við lög, skuli leggja í varasjóð þar til virði sjóðsins nemur 10% af hlutfé í bankanum. Þegar þeim mörkum hefur verið náð skal framlag í varasjóð vera minnst 5% þar til virði hans nemur fjórðungi af hlutfé í bankanum.

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er óráðstafaður hagnaður og tap samstæðunnar frá stofnun bankans, að frádregnum framlögum í lögbundinn varasjóð bankans.

Skýringar við ársreikning samstæðu

Skýringar við rekstrarreikning samstæðunnar

26. Hreinar vaxtatekjur

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Vaxtatekjur		
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	3.344	782
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	1.749	808
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	58.518	19.779
Hreinar leiðréttingar á bókfærðu virði útlána og krafna*	23.772	0
Ógreitt hlutafjárframlag	17.796	5.699
Aðrar vaxtatekjur	69	8
Samtals	105.248	27.076
Vaxtagjöld		
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	(10.243)	(1.882)
Innlán frá viðskiptavinum	(43.005)	(15.186)
Skuldbinding við Landsbanka Íslands hf.	(13.148)	(6.611)
Lántaka	(445)	0
Gangvirðisbreyting skilyrts skuldabréfs	(10.241)	0
Önnur vaxtagjöld	(61)	(51)
Samtals	(77.143)	(23.730)
Hreinar vaxtatekjur	28.105	3.346

* Hreinar leiðréttingar á bókfærðu virði útlána og krafna visar í leiðréttingu sem gerð er til að endurspeglar raun- og uppfært sjóðstreymi.

Vaxtamunur (sem hlutfall hreinna vaxtatekna og bókfærðs meðalvirðis heildareigna á tímabilinu). **2,8%** **1,5%**

Áfallnar vaxtatekjur af virðisrýrðum fjáreignum voru 24 milljónir króna árið 2009 (2008: 21 milljónir króna).

Heildar vaxtatekjur af fjáreignum sem ekki eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning námu 89.407 milljónum króna (2008: 22.377 milljónum króna).

Heildar vaxtatekjur af fjárskuldum sem ekki eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning námu 68.902 milljónum króna (2008: 17.119 milljónum króna).

27. Hreinar vaxtatekjur án virðisrýrnunartaps vegna útlána og krafna

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Hreinar vaxtatekjur	28.105	3.346
Virðisrýrnunartap á útlánnum og kröfum	(6.577)	(1.256)
Hreinar vaxtatekjur án virðisrýrnunartaps vegna útlána og krafna	21.528	2.090
Vaxtamunur (sem hlutfall hreinna vaxtatekna að frádregnu virðisrýrnunartapi á útlánnum og kröfum og bókfærðs meðalvirðis heildar eigna á tímabilinu). 2,1% 0,9%		

Skýringar við ársreikning samstæðu

28. Hreinar þóknunartekjur

Þóknunartekjur	7.10–31.12.	
	2009	2008
Fjárfestingabankastarfsemi og markaðsviðskipti	943	437
Eignastýring	878	360
Útlán	1.266	282
Greiðslukort	1.402	148
Millibankaviðskipti	859	104
Innheimtu- og greiðsluþjónusta	704	103
Erlend viðskipti	471	180
Aðrar þóknanir	312	96
Samtals	6.835	1.710
Þóknunargjöld	7.10–31.12.	
	2009	2008
Fjárfestingabankastarfsemi og markaðsviðskipti	(230)	(44)
Millibankaviðskipti	(832)	(142)
Önnur gjöld	(1.560)	(537)
Samtals	(2.622)	(723)
Hreinar þóknunartekjur	4.213	987

Hreinar þóknunartekjur eins og þær eru sýndar hér fyrir ofan innihalda ekki upphæðir sem eru hluti af útreiknuðum virkum vöxtum fjáreigna og –skulda sem ekki eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þóknunartekjur af slíkum fjáreignum og –skuldum eru heldur ekki hluti af upphæðunum hér fyrir ofan.

29. Hreinar tekjur (tap) af fjáreignum færðum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Skuldabréf og skuldagerningar	850	(42.833)
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	3.170	3.169
Samtals	4.020	(39.664)

Arðstekjur af hlutabréfum og eiginfjárgerningum færðum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning námu 730 milljónum króna (2008: 0 milljónir).

Þann 28. október 2008 keypti bankinn skuldabréf nokkurra peningamarkaðssjóða sem voru í umsjá Landsvaka hf., dótturfélags bankans, þegar sjóðunum var slitið. Útgefendur þessara skuldabréfa eru aðallega innlend fyrirtæki, sem sum er komin í þrot, og var kaupvirði skuldabréfanna 61,6 milljarðar króna. Nettótap af þessum skuldabréfum að upphæð 38,2 milljörðum króna var gjaldfært á núvirði í rekstrarreikning tímabilsins 7. október til 31. desember 2008, fyrst og fremst vegna breytingar á útlánaáættu mótaðilans. Tapið var mest í tengslum við þrjá aðila, Baug Group hf., Kaupþing hf. og Eimskipafélag Íslands hf. Að auki varð 5,0 milljarða króna tap af skuldabréfum vegna leiðréttingar á gangvirði kröfu bankans á Landsbanka Íslands hf. sem er til komin vegna greiðsluöfnunarsamnings á milli Landsvaka hf. og Landsbanka Íslands hf.

30. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og –skuldum

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Skuldabréf og skuldagerningar	3.646	706
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	(670)	385
Afleiðusamningar	(100)	(286)
Samtals	2.876	805

Arðstekjur af hlutabréfum og eiginfjárgerningum skilgreint sem veltufjárgjörningar námu 55 milljónum króna (2008: 2 milljónir).

Skýringar við ársreikning samstæðu

31. Hreinn gjaldeyrisgengishagnaður (tap)

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Eignir		
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	38	(21)
Skuldabréf og skuldagerningar	1.017	2.875
Hlutabréf og eiginfjárgæðingar	1.719	2.049
Afleiðusamningar	1.486	0
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	2.783	1.260
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	17.975	59.099
Aðrar eignir	(260)	728
Samtals	24.758	65.990
Skuldir		
Skuldir við fjármálafyrirtæki og Seðlabanka	0	13
Innlán frá viðskiptavinum	(9.436)	(9.447)
Skuld við Landsbanka Íslands hf.	(24.233)	(23.646)
Lántaka	6.119	0
Aðrar skuldir	(22)	(41)
Samtals	(27.572)	(33.121)
Hreinn gjaldeyrishagnaður (tap)	(2.814)	32.869

Gengismunur færður í rekstrarreikning og sem er til kominn vegna fjáreigna sem ekki eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning nam 20.535 milljónum króna hagnaði af fjáreignum (2008: 60.167 milljón króna hagnaður) og 9.465 milljón króna tapi af fjárskuldum (2008: 32.984 milljón króna tapi). Eins og fram kemur í skýringu 3 leiðrétti samstæðan gjaldeyrismun af skuldum og kröfum á viðskiptavinum sem keyptar voru af Landsbanka Íslands hf. þann 9 október 2009 með meðalgjaldeyrisstuðli. Gengismunur vegna lána og fyrirgreiðslna til viðskiptavina á tímabilinu sem lauk 31. desember 2009, sem er talinn tapaður og því leiðréttur með gengisstuðlinum, skilaði hagnaði að upphæð 9.244 milljónum króna (2008: 43.372 milljóna króna hagnaður).

32. Aðrar tekjur og gjöld

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Útlagður endurheimtanlegur kostnaður	965	450
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	23	0
(Tap) hagnaður af sölu á innheimtum tryggingum	(132)	54
Annað	46	17
Samtals	902	521

33. Laun og launatengd gjöld

	7.10–31.12.	
	2009	2008
Launagreiðslur	6.969	1.519
Framlög í lífeyrissjóði	955	232
Annar starfsmannakostnaður	544	123
Samtals	8.468	1.874
Stöðugildi í árslok	1.161	1.182

Skýringar við ársreikning samstæðu

34. Annar stjórnunarkostnaður

	7.10-31.12.	
	2009	2008
Auglýsingar og markaðssetning	355	71
Framlög í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	680	665
Kostnaður vegna hugbúnaðarleyfa og við aðra upplýsingatækni	727	326
Endurskoðun og tengd þjónusta	116	8
Önnur sérfræðiþjónusta	613	89
Rekstrarleiga	484	126
Annar stjórnunarkostnaður	3.089	1.196
Samtals	6.064	2.481

	7.10-31.12.	
	2009	2008
Endurskoðun og tengd þjónusta		
Endurskoðun ársreikninga	96	0
Önnur þjónusta	20	8
Samtals	116	8

35. Yfirtökukostnaður

	7.10-31.12.	
	2009	2008
Kostnaður vegna kaupa á eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf.	886	1.072
Kröfur á Landsbanka Íslands hf., afskrifaðar vegna uppgjörssamnings við Landsbanka Íslands hf.	158	2.000
Samtals	1.044	3.072

Veigamikill hluti samningaferlisins var samkomulag milli bankans og Landsbanka Íslands hf. um heildarupphæð þeirrar kröfu sem bankinn gerði á Landsbanka Íslands hf. vegna stofnefnahagsreiknings bankans. Niðurstöður samkomulagsins voru þær að 2 milljarðar króna voru gjaldfærðar í samstæðuársreikning 2008 sem kostnaður vegna yfirtöku.

36. Tekjuskattur

Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning sem hér segir:

	7.10-31.12.	
	2009	2008
Tekjuskattur ársins	(83)	(252)
Áhrif skattahækkunar	295	-
Frestuð skatteign	(827)	3.193
Samtals	(615)	2.941

Frekari upplýsingar um skatteign má finna í skýringu 23. Skattur á tap samstæðunnar er frábrugðinn skatti sem reiknaður væri með skatthlutfalli tekjuskatts lögaðila, sem hér greinir:

	2009		7.10-31.12.2008	
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		14.254		(9.920)
Tekjuskattur reiknaður út frá skatthlutfalli tekjuskatts lögaðila á Íslandi	15,0%	(2.138)	15,0%	1.488
Áhrif skattahækkunar	(2,1%)	296	-	-
Áhrif mismunandi skatthlutfalls í öðrum löndum	0,3%	(38)	(7,4%)	(737)
Óskattskyldar tekjur	(9,0%)	1.289	20,5%	2.032
Ófrádráttarbær gjöld	0,8%	(110)	(0,4%)	(37)
Annað	(0,6%)	86	2,0%	195
Virkur tekjuskattur samtals	4,4%	(615)	29,7%	2.941

37. Málaferli

Fyrir utan þær kröfur og málaferli sem teljast hluti af venjulegri starfsemi bankans, eru engin yfirvofandi málaferli er varða samstæðuna önnur en þau sem tilgreind eru hér eftir:

1) Í janúar 2009 voru þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur mál gegn Landsvaka hf., dótturfyrirtæki bankans, og Landsbanka Íslands hf. Stefnendur fóru fram á að stefndu greiddu upphæð sem nam skerðingu greiðslna til hlutdeildarskírteinishafa Peningamarkaðssjóðs Landsbankans við slitameðferð sjóðsins. Þegar sjóðurinn var leystur upp, fengu stefnendur greitt 68% af virði fjárfestinga sinna í sjóðnum, eins og þær voru 3. október 2008. Til vara fóru stefnendur fram á að dómurinn viðurkenndi skyldu stefndu til að greiða skaðabætur á vegna þess tjóns sem stefnendur töldu sig hafa orðið fyrir. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að fjárfestingar sjóðanna hefðu verið innan þeirra marka sem reglur sjóðanna og gildandi lög settu. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að markaðssetning sjóðanna hefði ekki verið villandi hvað varðaði áhættu eða öryggi fjárfestingarinnar, markaðsefni hefði verið aðgengilegt og að kynning á sjóðunum hefði verið í samræmi við reglur, skráningarlýsingar og gildandi lög. Dómurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að Landsvaki og Landsbanki Íslands hf. bæru skaðabótaábyrgð á tjóni hlutdeildarskírteinishafa vegna þess að þeir sem seldu hlutdeildarskírteini sín milli 10. september og 6. október 2008 höfðu fengið greiðslu sem var hærri en sem nam raunvirði fjárfestinganna. Stjórn Landsvaka hefur ákveðið að áfrýja þessum þætti málsins til Hæstaréttar, á grundvelli þess að þótt úrskurður Héraðsdóms verði staðfestur, verði vandkvæðum bundið að ákvarða raunverulegan skaða sem hver fjárfestir hefur orðið fyrir. Ákvörðun Hæstaréttar verður fordæmisgefandi fyrir sambærileg málaferli sem áætlað er að hefjist innan tíðar. Þótt Landsvaki muni fylgja málinu eftir af krafti er ekki útséð um hver endanleg niðurstaða verður.

2) Í mars 2009 höfðaði spænskur banki, Aresbank, mál gegn bankanum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Stefnandi fór fram á að bankinn greiddi EUR 30 milljónir, auk vaxta og málskostnaðar. Til vara var Fjármálaeftirlitinu og ríkisstjórn Íslands stefnt til viðurkenningar á skyldu til að greiða skaðabætur. Málið varðar tvö peningamarkaðslán að upphæð EUR 15 milljón hvort sem komin eru á gjalddaga. Auk þess varðar málið þriðja peningamarkaðslánið að upphæð GBP 7 milljónir. Í stuttu máli gerir Aresbank þá kröfu að líta skuli á peningamarkaðslán sem innlán í skilningi laga um innistæðutryggingar nr. 98/1999. Stefnandi vísar til yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands frá 6. október 2008 um að allar innstæður í innlendum bönkum og útibúum þeirra á Íslandi væru tryggðar að fullu. Dómur um þetta álitaefti verður að öllum líkindum fordæmisgefandi. Mál þetta er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Það er álit bankans að krafan gegn sér sé tilhæfulaus og hefur varist kröftuglega. Samt sem áður er ekki hægt að segja til um endanlega niðurstöðu málsins.

3) Í september 2009, höfðaði sænski bankinn Handelsbanken AB mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn bankanum þar sem gerð er krafa um greiðslu SEK 42,4 milljónum auk vaxta. Krafan stefnanda byggir á bakábyrgð sem var gefin út af Landsbanka Íslands hf. árið 2003. Árið 2007 var ábyrgðin framlengd til 2013. Því er haldið fram að samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun réttinda og skyldna frá Landsbanka Íslands hf. til bankans þann 9. október 2008 beri bankanum nú að greiða samkvæmt ábyrgðinni. Bankinn heldur því fram að bakábyrgðin hafi ekki flust yfir með ákvörðun FME. Jafnvel þó að bankinn telji kröfuna vera tilhæfulausa og að henni skuli beint að Landsbanka Íslands hf., er ekki hægt að segja til um endanlega niðurstöðu málsins.

4) Þann 3. desember 2009 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í máli á milli SP-fjármögnunar hf., dótturfyrirtækis bankans, og eins viðskiptavinar þess. Dómurinn féllst á þa lánið sem SP-fjármögnun hf. veitti umræddum viðskiptavini í erlendri mynt væri löglegt. Viðskiptavinurinn áfrýjaði dómnum ekki til Hæstaréttar.

Þann 12. febrúar sl. komst héraðsdómur Reykjavíkur að þeirri niðurstöðu að þeirri niðurstöðu að tiltekin ákvæði í lánasamningum Lýsingar hf., lánaþyrftæki sem tengist ekki samstæðu bankans, sem vísuðu til gengistryggingar væru ekki í samræmi við lög nr. 38/2001. Máli þessu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og ef dómur héraðsdóms verður staðfestur gæti það haft viðtækar afleiðingar á önnur fjármálaþyrftæki, þar með talið bankann og sum dótturfélaga hans, sem eru með sambærileg lán til einstaklinga og félaga. Það er álit yfirstjórnar bankans að lán samstæðunnar í erlendri mynt séu í samræmi við íslensk lög og, verði það véfengt, er það ætlunin að halda uppi vörnum af krafti. Hins vegar er ekki enn hægt að segja til um endanlega niðurstöðu varðandi þetta álitaefti.

5) Í desember 2009 voru birt fyrir NBI hf. gögn frá svissneska bankanum Basler Kantonalbank (BKB). Birtingin er fyrsta skref í málarekstri gegn NBI hf. fyrir verslunarrétti svissnesku kantónunnar Zurich. Krafa BKB er að fjárhæð CHF 19.186.393,- auk 5% vaxta frá 9. október 2008, vegna gjaldeyrisþrasamninga bankans við Landsbanka Íslands hf. BKB heldur því fram að samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008 hafi NBI tekið yfir réttindi og skyldur Landsbanka Íslands hf. samkvæmt afleiðusamningum. Einnig er því haldið fram að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 12. október 2008 þar sem ákvörðuninni frá 9. október var breytt með þeim hætti að afleiðusamningar færðust ekki yfir til NBI hf. eigi aðeins við um samninga sem gerðir voru eftir 12. október 2008. Bankinn telur kröfuna tilhæfulausa og að henni skuli beint til Landsbanka Íslands hf., Bankinn mun verja stöðu sína af krafti þótt ekki hægt sé enn að segja til um endanlega niðurstöðu málsins.

6) Í athugasemdum með 9 mánaða uppgjöri sínu fyrir 2009, sem birt var 10. desember, tilkynnti Reykjavíkurborg um ætlun sína að höfða mál á hendur bankanum til viðurkenningar kröfu að upphæð 1,223 milljónir króna. Reykjavíkurborg heldur því fram að bankinn sé ábyrgur fyrir mistökum sem tengjast eignastýringu. Bankinn heldur því fram að krafan sé tilhæfulaus og skuli beint að Landsbanka Íslands hf. Bankinn hyggst verjast kröfunni af krafti en hins vegar er ekki hægt að segja til um endanlega niðurstöðu í málinu.

7) Í janúar 2010 höfðaði Soffanías Cecilsson hf. mál á hendur bankanum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. og fór fram á að tveir lánasamningar og ráðstöðvun andvirðis lánanna verði dæmd ógild. Lánasamningarnir eru í erlendri mynt og krafa bankans samkvæmt samningunum er nú að jafnvirði 7,4 milljarða króna. Til stuðnings máli sínu hefur stefnandi vísað til margs konar málsástæðna sem meðal annars varða möguleika fyrirtækisins til að gera lánasamninga til að fjármagna verðbrefaviðskipti og meinta ólögmeða háttsemi starfsmanna Landsbanka Íslands hf. Bankinn telur að krafan sé tilhæfulaus og mun verjast henni fyrir dómstólum. Hins vegar er ekki hægt að sjá fyrir hvernig málinu muni lykta.

Skýringar við ársreikning samstæðu

38. Veðsettar eignir

Tiltekin lánasöfn verða veðsett til tryggingar annars vegarskuldabréfum, að upphæð 260 milljarðar króna, sem verða gefin út og hins vegar skilyrta skuldabréfinu sem bankinn kann að gefa út til Landsbanka Íslands hf. sem hluta af kaupverði starfseminnar á Íslandi. Bankinn er skuldbundinn til að viðhalda 127,5% veðhlutfalli með ákveðnum aðlögunartíma.

39. Kaupleiga

Skuldbindingar vegna rekstarleigu þar sem samstæðan er leigutaki

Í þeim tilfellum þar sem samstæðan er leigutaki, voru áætlaðar lágmarksleigugreiðslur, sem falla undir óuppsegjanlega rekstarleigu, sem hér segir þann 31. desember:

	2009	2008
Innan 1 árs	169	54
Eftir 1 til 5 ár	55	207
Eftir meira en 5 ár	267	273
Samtals	491	534

Rekstarleiga þar sem samstæðan er leigusali

Hér er samstæðan leigusali samkvæmt lögum, í gegnum dótturfyrirtækið SP-fjármögnun hf., þar sem tæki og áhöld eru keypt og leigð þriðju aðilum með skilmálum sem eru í raun lán og kröfur sem færðar samkvæmt IAS 39 í reikningsskilum samstæðunnar.

Væntanlegar lágmarksleigugreiðslur sem falla undir óuppsegjanlega rekstarleigu voru sem hér segir þann 31. desember:

	2009	2008
Innan 1 árs	5.281	6.401
Eftir 1 til 5 ár	6.945	11.621
Eftir meira en 5 ár	985	1.377
Samtals	13.211	19.399

Skuldbindingar fjármögnunarleigu þar sem samstæðan er leigusali

Hér er samstæðan leigusali, í gegnum dótturfyrirtækið SP-fjármögnun hf., þar sem varanlegir rekstrarfjármunir eru leigðir þriðja aðila með fyrirkomulagi sem telst fjármögnunarleiga. Kröfur fjármögnunarleigu eru færðar meðal lána og krafna á viðskiptavinum.

Hreinar fjárfestingar í kaupleigukröfum eru eftirfarandi:

	Heildar- fjárfesting í kaupleigu	Framtíðar- fjármögnunar- tekjur	Núvirði lágmarks leigu greiðslna
31. desember 2009			
Innan 1 árs	12.962	(1.269)	11.692
Eftir 1 til 5 ár	32.850	(2.662)	30.187
Eftir meira en 5 ár	6.433	(365)	6.068
Samtals	52.245	(4.296)	47.947
31. desember 2008			
Innan 1 árs	15.750	(2.721)	13.029
Eftir 1 til 5 ár	44.598	(5.129)	39.469
Eftir meira en 5 ár	5.992	(408)	5.584
Samtals	66.340	(8.258)	58.082

Ótryggt hrakvirði í lok árs 2009 er núll (2008: núll).

Skýringar við ársreikning samstæðu

40. Fjárvarsla

Samstæðan veitir fjárvörslu-, eignastýringar-, fjárfestingastýringar- og ráðgjafabjónustu. Í því felst að samstæðan tekur ákvarðanir um ráðstöfun, kaup og sölu ýmissa fjármálagerna. Eignir í vörslu bankans eru ekki taldar fram í samstæðureikningsskilunum þar sem þær eru ekki eignir bankans. Hluti þessarar bjónustu hefur í för með sér að samstæðan samþykkir markmið og viðmið fyrir fjárfestingu eigna í hennar vörslu. Þann 31. desember 2009 námu heildareignir í stýringu 142 milljörðum króna (2008: 238 milljörðum króna). Heildareignir í vörslu í samstæðunni námu 1.209 milljörðum króna (2008: 1.403 milljörðum króna).

41. Viðskipti við tengda aðila

Bankinn var móðurfyrirtæki samstæðunnar þann 31. desember 2009. Ríkisstjórn Íslands á 81% hluta í bankanum fyrir hönd ríkissjóðs í lok árs 2009. Vörur og bjónusta samstæðunnar eru boðnar íslenska ríkinu og ríkisfyrirtækjum (þar með talið öðrum bönkum í eigu ríkisins) í samkeppni við aðra og í samræmi við almenna viðurkennda viðskiptaskilmála. Með sama hætti kaupir bankinn og aðrir aðilar tengdir samstæðunni vörur og bjónustu frá ríkisfyrirtækjum á markaðsverði og í samræmi við almenna viðurkennda viðskiptaskilmála. Ekki er hægt að rekja neinn umtalsverðan hluta af hreinum vaxtatekjum, rekstrargjöldum eða afkomu samstæðunnar til íslenska ríkisins, stofnana eða fyrirtækja þess. Viðskiptin eru á milli tengdra aðila eins og þau eru skilgreind í IAS 24, „Related-Party Disclosures“, en eru ekki gefin upp vegna umfangs viðskiptanna.

Bankinn hefur stöðu tengds aðila gagnvart hlutdeildarfélögum sínum, bankaráðinu, lykilstjórnendum bankans og þeim sem tengjast þessum aðilum nánum fjölskyldutengslum.

Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á því tímabili sem þessi reikningsskil ná til. Viðskipti við tengda aðila fóru fram eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Dótturfyrirtæki

Viðskipti á milli bankans og dótturfyrirtækja hans falla undir skilgreiningu um viðskipti á milli tengdra aðila. Öll viðskipti við dótturfyrirtæki eru máð út við sameiningu og eru því ekki gefin upp í samstæðureikningsskilum samstæðunnar. Helstu dótturfyrirtæki bankans 31. desember 2009 voru eftirfarandi:

Fyrirtæki	Eignahagsmunir	Starfsemi
Landsvaki hf.	100%	Umsjón með verðbréfasjóðum
Landsbankinn eignarhaldsfélag ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Horn fjárfestingarfélag ehf. (Ísland)	100%	Fjárfestingafyrirtæki
Reginn ehf. (Ísland)	100%	Fasteignafélag
Eignarhaldsfélagið Vestia ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Hömlur ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
SP-fjármögnun hf. (Ísland)	100%	Fjármögnunarfélag
Vörður líftrygging ehf. (Ísland)	63%	Tryggingafélag
Verðbréfun hf. (Ísland)	100%	Verðbréfunarfélag
Landsbanki Vatnsafl ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Stofnlánadeild Samvinnufélaga (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Span ehf. (Ísland)	100%	Upplýsingatækniþjónusta
Landsbanki Holdings (Bretland) plc	100%	Eignarhaldsfélag

Hlutdeildarfélög og félög undir stjórn stjórnvalda

Samstæðan veitir bankþjónustu til hlutdeildarféлага, stjórnvalda og féлага undir stjórn stjórnvalda og fær ýmsar vörur og bjónustu frá þessum aðilum. Öll viðskipti fara fram samkvæmt sömu skilmálum og viðskipti við þriðja aðila.

Skýringar við ársreikning samstæðu

41. Viðskipti tengdra aðila (framhald)

Lykilstjórnendur

(a) Greiðslur til bankaráðsmanna, bankastjóra og framkvæmdastjóra bankans

Laun og greiðslur fyrir árið 2009, í þúsundum króna	Samtals
Haukur Halldórsson, formaður bankaráðs	3.173
Erlendur Magnússon, varaformaður bankaráðs	2.295
Stefanía K. Karlsdóttir, bankaráði	1.620
Salvör Jónsdóttir, í bankaráði	1.620
Ása Richardsdóttir, varamaður í bankaráði	1.485
Varamenn í bankaráði bankans	188
Ásmundur Stefánsson, bankastjóri	17.540
Elín Sigfúsdóttir, fyrrv. Bankastjóri	19.332
Framkvæmdastjórnar í starfsdeildum bankans	102.099
Framkvæmdastjórnar dótturfyrirtækja	66.206
Stjórnarmenn dótturfyrirtækja	9.871

Ársfundur hluthafa bankans var haldinn á skrifstofu hans að Austurstræti 11, 155 Reykjavík þann 18. febrúar 2010. Á fundinum voru 5 kjörnir í bankaráð til eins árs. Þau eru Gunnar Helgi Hálfðánarson, formaður, Haukur Halldórsson, varaformaður, Guðríður Ólafsdóttir, Sigríður Hrólfsdóttir og Friðrik Pálsson.

Engar greiðslur vegna starfsloka eða greiðslur eftir starfslok voru greiddar á síðasta ári.

Laun og greiðslur fyrir tímabilið 7. október – 31. desember 2008, í þúsundum króna	Samtals
Ásmundur Stefánsson, formaður bankaráðs	540
Haukur Halldórsson, varaformaður bankaráðs	405
Stefanía K. Karlsdóttir, bankaráði	270
Salvör Jónsdóttir, bankaráði	270
Erlendur Magnússon, bankaráði	270
Varamenn í bankaráði bankans	344
Elín Sigfúsdóttir, bankastjóri	4.107
Framkvæmdastjórnar í starfsdeildum bankans	18.838

(b) Lán

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir lána til bankaráðsmanna, bankastjóra, framkvæmdastjóra og aðila þeim tengdum.

Lán í milljónum króna

Útistandandi lán þann 31. desember 2008	584
Útistandandi lán þann 31. desember 2009	587

Ekki er sértæk virðisrýrnun á lánum til bankaráðsmanna, bankastjóra, framkvæmdastjóra og aðilum þeim tengdum. Tryggingar fyrir þessum lánum voru aðallega íðbúðarhúsnæði og bifreiðar.

42. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í framhaldi af því að gengið var að veðum sem viðskiptavinir settu sem tryggingu fyrir lánum og kröfum samstæðunnar, var stærsta eignin sem samstæðan tók yfir árið 2010 100% hlutur í Icelandic Group.

Markmið samstæðunnar vegna þessa eignarhluta er að hámarka arð samstæðunnar af þessum eignum innan skynsamlegra tímamarka.

Skýringar við ársreikning samstæðu

Áhættustýring eiginfjár

43. Áhættustýring eiginfjár

(a) BASEL II

Samstæðan notar staðalaðferð innan Basel II við útreikning á eiginfjárlutfalli. Eiginfjárreglur Basel II grundvallast á eftirfarandi þremur stoðum:

- Stoð 1 – Reglur um útreikning eiginfjárlutfalls á grunni áhættuvægis útlána-, markaðs- og rekstraráhættu.
- Stoð 2 – Rammi fyrir innra mat bankans á eiginfjárbörf (ICAAP), þar sem bankinn lýsir áhættuvilja, áhættumynd og varnarúrræðum gegn áhættum. Niðurstöður ICAAP ferlisins eru mat bankans á eiginfjárbörf í nútíð og framtíð. Stoð 2 tekur auk þess til eftirlits- og matsferla opinberra eftirlitsaðila (SREP).
- Stoð 3 – Lýsing á markaðsaðhaldi og upplýsingaskyldu.

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að samstæðan skuli viðhalda minnst 12% eiginfjárlutfalli skv. eiginfjárbætti A til eigi skemmri tíma en þriggja ára frá stofnun, nema FME leggi annað til. Samstæðan þarf ennfremur að viðhalda eiginfjárlutfalli (CAD hlutfalli) yfir 16% nema FME samþykki lægra hlutfall á grunni aukins aðgengis samstæðunnar að viðbótar eigin fé. Rætt hefur verið við Bankasýslu ríkisins, sem eiganda 81% hluts í NBI hf., um formlega staðfestingu á auknu fjármagnsaðgengi.

(b) ICAAP

Skýrslan um innra matsferli bankans á eiginfjárbörf (ICAAP) er áhættumiðuð, framsýn lýsing á því hvernig bankinn metur eiginfjárbörf sína. Skýrslan fjallar um stjórnarhætti bankans, áhættur og mat á eiginfjárbörf.

Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að bankinn skuli viðhalda minnst 16% eiginfjárlutfalli. Þetta hlutfall er hærra en núverandi eiginfjárbörf út frá innra mati (ICAAP) sem bankinn framkvæmdi. Það er stefna bankans að starfa ávallt í samræmi við ákvarðanir FME.

44. Eiginfjárgrunnur og eiginfjárlutfall

Eigið fé samstæðunnar í árslok 2009 nam 157.592 milljónum króna (2008: 143.285 milljónir króna), sem samsvarar 15,2% (2008: 13,1%) af heildareignum skv. efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall, eins og það er reiknað út samkvæmt grein 84 í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, var 15,0% í árslok 2009 (2008: 13,0%). Samkvæmt ofangreindum lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Eiginfjárgrunnur	2009	2008
Hlutfé	24.000	24.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár	123.898	125.898
Lögbundinn varasjóður	741	0
Óráðstafað eigið fé (uppsafnað tap)	6.791	(6.945)
Hlutir aðrir en ráðandi hlutir	2.162	332
Eiginfjárbáttur A	157.592	143.285
Frádráttur frá upphaflegu og viðbótar eiginfjárframlagi	(2.329)	(1.870)
Eiginfjárgrunnur	155.263	141.415
Eiginfjárbörf		
Útlánaáhætta	59.971	59.223
Markaðsáhætta	18.359	25.345
Rekstraráhætta	4.666	2.663
Eiginfjárbörf samkvæmt Stoð 1	82.996	87.231
Eigið fé umfram eiginfjárbörf	72.267	54.184
Eignir leiðréttar fyrir áhættu samtals	1.037.447	1.090.390
Eiginfjárbáttur A	15,2%	13,1%
Eiginfjárlutfall	15,0%	13,0%

Skýringar við ársreikning samstæðu

Áhættustýring

45. Mikilvægar fjárhagslegar áhættur

Samstæðan stendur frammi fyrir eftirfarandi mikilvægum áhættum vegna fjármálagerna:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta
 - Gjaldeyrisáhætta
 - Vaxtaáhætta
 - Önnur verðáhætta

Samstæðan skoðar einnig aðra viðeigandi áhættuþætti, svo sem rekstraráhættu og áhættu varðandi framfylgni reglna.

Fjallað er um ofangreindar mikilvægar áhættur í skýringunum hér á eftir.

46. Áhættustýringarferli

Áhætta er eðlislæg í starfsemi samstæðunnar. Áhættu er stýrt með samfelldri greiningu, mælingu og eftirliti sem tekur mið af áhættumörkum og öðrum eftirlitsþáttum. Áhættugreining felst í að greina uppruna og gerð hugsanlegra áhættuþátta í starfsemi samstæðunnar. Áhættumæling felur í sér beitingu á viðeigandi mælikvörðum á greindum áhættuþáttum til að hægt sé að bera þá saman við viðmið. Síðast en ekki síst felur áhættueftirlit í sér notkun reglna og ferla til að hafa eftirlit með og takmarka hvers konar áhættu sem samstæðan tekur og tryggja að hún sé í samræmi við áhættuvilja og stefnu samstæðunnar.

Markmið áhættureglna og ferla samstæðunnar er að tryggja að áhætta í rekstri hennar sé þekkt, mæld og vöktuð og að hún sé stýrð með virkum hætti. Áhættu er stýrt þannig að tryggt verði að hún haldist innan þeirra marka sem samstæðan hefur sett sér og samræmist kröfum eftirlitsaðila. Samstæðan hefur innleitt stefnu í uppbyggingu áhættu í safni sínu til að tryggja að flökt sem getur haft áhrif á eigin fé og afkomu samstæðunnar sé takmarkað og viðráðanlegt.

47. Áhættustýringarrámmi

Stjórnun áhættustýringar samstæðunnar er byggð upp með eftirfarandi hætti:

Umsjón Bankaráðs	Bankaráð					
	Innri endurskoðun, Starfskjaranefnd, Áhættunefnd					
Aðal áhættustýringaæiningar og nefndir	Bankastjóri					
	Fjármálanefnd (ALCO)					
	Lánanefnd					
	Samráðsvettvangur framkvæmdastjórnar og bankastjóra					
Tegundir áhættu	Rekstrarnefnd					
	Áhættunefn					
	Áhætta í regluvörslu	Láns áhætta	Markaðs áhætta	Rekstrar áhætta	Lausafjár áhætta	

Bankaráð ber ábyrgð á framkvæmd almennrar áhættustefnu samstæðunnar. Bankastjóri er ábyrgur gagnvart Bankaráði hvað varðar öll mál sem tengjast áhættu.

Bankastjóri á sæti í fimm fastanefndum sem hver fyrir sig fjallar um mismunandi áhættuþætti: fjármálanefnd, lánanefnd, framkvæmdanefnd, rekstrarnefnd og áhættunefnd. Lánanefnd fer með lánsáhættu og fjármálanefnd (ALCO) með markaðs- og lausafjárahættu. Áhættunefnd fylgist með allri áhættu samstæðunnar og ber ábyrgð á að framfylgja mörkum sem sett eru fram í útlánareglum og reglum um markaðsáhættu samstæðunnar. Að auki sér nefndin um að yfirfara og samþykkja allar breytingar á áhættulíkönunum. Rekstrarnefnd tekur ákvarðanir um verðskrá og vaxtabreytingar, um takmarkanir á áhættu og um gæðaferli í viðskiptabankastarfsemi. Bankastjóri er einnig meðlimur í framkvæmdanefnd sem er samráðsvettvangur bankastjóra og framkvæmdastjóra þar sem tekið er fyrir það sem er efst á baugi í málefnum hvers sviðs hverju sinni. Framkvæmdanefndin tekur allar helstu ákvarðanir sem ekki er fjallað um á öðrum vettvangi eða í öðrum fastanefndum.

Tvær nefndir, starfskjaranefnd og endurskoðunar- og áhættunefnd, heyra beint undir bankaráð til að tryggja að til staðar séu ferli sem gerir bankaráðinu kleift að hafa umsjón með starfseminni.

Skýringar við ársreikning samstæðu

47 Áhættustýringarrámmi (framhald)

Regluvarsla hefur eftirlit með því að reglum um verðbréfavíðskipti, reglum um aðgerðir gegn peningþvætti og öðrum viðeigandi lögum og reglum sé framfylgt á samstæðugrundvelli. Þá hefur regluvarsla eftirlit með hagsmunaárekstrum í starfsemi bankans. Regluvarsla er ein af stoðdeildum samstæðunnar og er hluti af fyrirtækjamenningu hennar.

Innri endurskoðun er hluti af skipulagi samstæðunnar auk þess að vera þáttur í eftirlitskerfi hennar. Starfsemi Innri endurskoðunar tekur til allra starfseininga, einnig dótturfélaga. Markmið Innri endurskoðunar er að staðfesta að innra eftirlitskerfi bankans, þar með talið áhættustjórnun sé fullnægjandi og virk. Skilvirkni áhættustýringar og áhættustýringarferla samstæðunnar, þ.m.t. ICAAP ferlið, er metið af Innri endurskoðun sem skilar niðurstöðum til bankaráðs.

FME hóf í maí 2009 að leggja mat á áhættustýringu og áhættustjórnun bankans í tengslum við undirbúning að veita bankanum varanlegt starfsleyfi, og hefur bent á mikilvæga þætti sem þarf að takast á við. Bankinn hóf vinnu við að taka á þessum þáttum árið 2009 og sú vinna mun halda áfram á árinu 2010.

48 Áhættustýringarsvið

Undir Áhættustýringarsvið heyrar fjórar deildir sem hver um sig fjallar um eina af megináhættunum í starfsemi samstæðunnar, auk rannsóknar- og þróunarhóps.

- Útlánaáhættudeild ber ábyrgð á útlánaáhættu í lánasafni samstæðunnar og fjallar m.a. um stórar lánveitingar, greiningu á lánasafninu og almennt um eftirlit með útlánaáhættu.
- Markaðsáhættudeild ber ábyrgð á áhættu sem tengist veltubók samstæðunnar. Markaðsáhætta stafar af vöxtum, gengisbreytingum gjaldmiðla, hlutabréfaverði og hrávöruverði.
- Eigna- og skuldaáhættudeild ber ábyrgð á hvers konar lausafjáráhættu, gjaldeyrisáhættu og vaxtaáhættu utan veltubókar.
- Rekstraráhættudeild ber ábyrgð á að tryggja að rekstraráhætta í starfseminni sé þekkt og að samstæðan innleiði, viðhaldi og hafi eftirlit með virkum ramma um stýringu á rekstraráhættu.
- Rannsóknar og áhættugreiningardeild ber ábyrgð á að þróa áhættustýringarkerfi. Hópurinn ber ábyrgð á að greina áhættu heildstætt með þróun og uppfærslu á áhættulíkönun, áhættuspám og hönnun aðferða til að mæla áhættu. Síðast en ekki síst kemur deildin að þróun á gagnaskema fyrir áhættustýringu og er tengiliður við upplýsingatæknideild.

49 Áhættustefna og áhættuvilji

Bankaráð ber ábyrgð á almennri áhættustefnu og sér til þess að hún falli að stefnumótun samstæðunnar, markmiðum um eiginfjárhlutfall og áhættuvilja og reynslu stjórnenda. Bankastjóri ber ábyrgð gagnvart Bankaráði á daglegum rekstri samstæðunnar og stýrir áhættu samstæðunnar í gegnum áhættunefndir. Framkvæmdastjórnar gera bankastjóranum grein fyrir starfsemi hvers sviðs og framfylgni við reglur samstæðunnar um áhættu. Í tengslum við þetta samþykkti Bankaráð nýjar útlánareglur snemma árs 2010 og uppfærði einnig reglur bankans um áhættu. Árið 2009 setti samstæðan upp ferli til að skilgreina áhættuvilja og til að setja nýjar reglur fyrir allar áhættur.

Skýringar við ársreikning samstæðu

50 Áhrif fjármálakreppunnar

Efnahagsaðstæður á Íslandi í kjölfar atburðar í október 2008 valda því að óvissa um getu lántakenda til að endurgreiða lán sín til samstæðunnar er frekar mikil. Óvissan á ekki sist við um lán í erlendum gjaldmiðlum sem veitt voru lántakendum sem litlar eða engar tekjur hafa í erlendum gjaldmiðlum.

Samstæðan hefur þróað ýmsar aðgerðir til aðstoðar einstaklingum og fyrirtækjum sem eiga í greiðsluvanda. Ef gengið er út frá þeim fjölda viðskiptavina sem eiga í greiðsluvanda og nýta úrræði samstæðunnar munu fjárhagsleg áhrif á samstæðuna verða óveruleg.

Lausnir fyrir einstaklinga sem glíma við greiðsluerfiðleika

Aðstæður heimila eru mismunandi og því þarf að beita mismunandi úrræðum, sniðnum að aðstæðum hvers viðskiptavinar. Úrræðin byggja á heildstæðu mati á fjárhagsaðstæðum hvers og eins. Samstæðan býður einstaklingum sem eiga í greiðsluvanda upp á fjölda úrræða sem smíðuð eru í samræmi við lög eða þróuð innan bankans. Úrræðin fela ýmist í sér almennar lausnir og/eða sértækari aðgerðir.

Einstaklingum sem eiga í greiðsluerfiðleikum er almennt séð skipt í tvo hópa: „Endar ná ekki saman“ og „Verulegir greiðsluerfiðleikar“. Eftirfarandi úrræði eru möguleg:

- Íbúðalán í erlendri mynt og íslenskum krónum eru færð niður í 110% veðhlutfall af markaðsvirði undirliggjandi eignar. Eftirstöðvar upphaflegs láns umfram 110% af markaðsvirði fasteignar eru felldar niður. Greiðslu- og eignamat er framkvæmt.
Höfuðstóll íbúðalána í erlendum myntum er lækkaður og láninu umbreytt í íslenskar krónur með lánstíma til allt að 40 ára. Við þetta getur höfuðstóll þess lækkað um 20–27%. Hægt er að lækka greiðslubyrði enn frekar ef svigrúm er til lengingar lánsins.
- Afborganir húsnæðislána eru tengdar greiðslujöfnunarvísitölu sem Hagstofa Íslands birtir mánaðarlega. Lánið er áfram í krónum eða erlendri mynt en afborganir af láninu taka mið af greiðslujöfnunarvísitölu, sem er samsett af launavísitölu sem er vegin með atvinnustigi. Mismunurinn, þ.e. frestaðar afborganir, leggjast við höfuðstólinn. Hafi lánið ekki verið greitt að fullu þegar lánstíma lýkur er lánstíminn lengdur um allt að þrjú ár. Hafi lánið ekki verið greitt að fullu að þeim tíma liðnum fellur skuldin sem eftir stendur niður.
- Viðskiptavinir geta sótt um að greiða eingöngu vexti af lánum með veði í íbúðarhúsnæði í allt að 12 mánuði.
- Fresta má afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum með veði í íbúðarhúsnæði um allt að 3 ár ef atvinnumissir eða veruleg tekjuskurðing hefur átt sér stað. Engar greiðslur eiga sér stað á frestunartímabilinu en höfuðstóll fer hækkandi sem nemur áföllnum vöxtum og verðbótum.
- Þeir sem eru að byggja eða hafa keypt fasteign en hefur ekki tekist að selja eignina sem þeir áttu fyrir, geta óskað eftir að fresta greiðslu afborgana af höfuðstól og vaxtagreiðslum af annarri eigninni.
- Samstæðan býður viðskiptavinum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum og eru með neikvæða eignastöðu sértæka skuldaaðlögun. Gerður er samningur til þriggja ára sem byggir á eignastöðu og greiðslugetu viðkomandi. Skuldir sem eru umfram 110% af virði íbúðarhúsnæðis eru afskrifaðar í lok þriggja ára tímabilsins standi viðkomandi við samninginn.
- Samstæðan býður einnig upp á greiðslujöfnun bílalána. Tilgangurinn er að breyta greiðslubyrði bílalána/samninga í erlendri mynt þannig að hún sé sambærileg og í maí 2008. Fjárhæðir umfram greiðslubyrði leggjast við höfuðstólinn. Afborgunum fjölgar í samræmi við breytinguna en endurgreiðslutímabilið lengist þó aldrei meira en um 3 ár. Hægt er að breyta lánum einstaklinga í erlendri mynt í lán í krónum. Við það lækkar höfuðstólinn, alla jafna um 10–25%.

Skýringar við ársreikning samstæðu

50 Áhrif fjármálakreppunnar (framhald)

Lausnir fyrir fyrirtæki sem glíma við greiðsluferðileika

Samstæðan hefur samþykkt verklagsreglur er varða fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja í viðskiptum við samstæðuna og sem eiga í greiðsluferðileikum. Verklagsreglurnar eru viðbót við yfirlýsingu ríkisstjórnar, lög nr. 107/2009 og sameiginlegar verklagsreglur aðila að Samtökum fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Verklagsreglurnar eru ætlaðar til viðmiðs og leiðbeiningar til handa starfsmönnum en er ekki ætlað að þjóna sem fastmótaðar reglur.

Eftirfarandi eru möguleg úrræði fyrir fyrirtæki sem talin eru lífvænlegt til lengri tíma litið, þ.e. fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir jákvæðu sjóðstreymi og að fyrirtækið muni geta staðið við greiðsluskuldbindingar sínar þegar erfiðleikatímabilinu og endurskipulagningu lýkur:

Skuldbreyting – greiðsla á vöxtum ásamt hluta afborgana

Fyrirtækjum sem geta einungis greitt vexti og hluta afborgana m.v. uppfærð vaxtakjör stendur til boða að fá greiðslufrest á hluta eða öllum afborgunum lána í 12–24 mánuði. Miða skal við að afborganir séu greiddar eins og kostur er og að skuldsetning verði í myntum sem endurspegla tekjur fyrirtækjanna. Til lengri tíma litið verða fyrirtækin að geta staðið við allar skuldbindingar sínar við bankann m.v. eðlilegt endurgreiðsluferli að mati bankans.

Niðurfærsla á skuldum fyrirtækis á móti eiginfjárramlagi eiganda

Þegar fyrirtækið er komið í þá stöðu að það getur ekki staðið undir greiðslubyrði skuldbindinga, hvorki nú né til lengri tíma, mun fyrirtækið fara í greiðsluþrot og er hlutfé þess þá yfirleitt verðlaust. Áður en bankinn kemur að málum er rétt að eigendur fyrirtækisins reyni að auka hlutfé, t. d. með því að fá að fyrirtækinu nýja hluthafa með nýtt hlutfé, sameinast öðru fyrirtæki, að selja eignir eða gera nauðasamning. Hér þarf að hafa í huga að skuldir fyrirtækja verði ekki færðar niður án þess að eigendur komi með nýtt hlutfé inn í fyrirtækið og þá í eðlilegu samræmi við fjárhæð niðurfellingar. Samhliða þessu kemur til greina að breyta skuldum í hlutfé. Við endurskipulagningu skulda skal tryggt að nýtt eigið fé frá eigendum og eftirstöðvar skulda séu að mati bankans að lágmarki 110% af virði endurmetinna eigna eða af verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi eftir því hvort er hærra. Að viðbættu virði annarra trygginga. Miða skal við að skuldir verði í myntum sem endurspegla tekjur fyrirtækjanna. Niðurfærsla lána getur verið að hámarki 60% af höfuðstól lána.

Niðurfærsla á skuldum fyrirtækis án eiginfjárramlags eiganda

Hjá fyrirtækjum í greiðsluferðileikum með vaxtaberandi skuldir undir 500 m.kr kemur til greina í undantekningartilfellum að bankinn færi niður skuldir fyrirtækis að hluta án eiginfjárramlags eiganda, enda sé ljóst að eigandi geti ekki reitt fram nýtt eigið fé. Við slíka endurskipulagningu skal tryggt að eftirstöðvar skulda séu að mati bankans að lágmarki 125% af virði endurmetinna eigna eða af heildarvirði, eftir því hvort er hærra. Að viðbættu virði annarra trygginga. Þetta á sérstaklega við hjá fyrirtækjum þar sem reksturinn byggir á eigendum sjálfum og bankinn telur ekki raunhæft að taka yfir hlutfé í fyrirtækinu. Miða skal við að skuldir verði í myntum sem endurspegla tekjur fyrirtækjanna. Þessi leið er jafnframt háð ýmsum frekari skilyrðum. T.d. mun Landsbankinn fá 50% af söluverði umfram skuldir verði félagið selt innan ákveðins tíma frá endurskipulagningu þess. Niðurfærsla lána getur verið að hámarki 60% af höfuðstól lána.

Yfirtaka á hlutfé í fyrirtæki í samráði við eigendur

Sé engin af ofangreindum leiðum fær til að bæta stöðu fyrirtækisins getur heppilegasta lausnin verið að Landsbankinn eignist fyrirtækið með samningum við eigendur, annað hvort einn eða með öðrum stórum kröfuhöfum. Hlutfjáreign fyrri eigenda verður við það að engu, enda hlutfé þeirra verðlaust þegar hér er komið. Þegar þessari aðferð er beitt er markmið bankans að bjarga verðmætum sem myndu ella tapast við gjaldþrot og tryggja að sem mest fáið upp í skuldir þegar fyrirtækið verður selt. Í sumum tilvikum getur sú óvissa sem kann að ríkja um aðrar skuldbindingar þó komið í veg fyrir að hægt sé að breyta skuldum í hlutfé.

Nauðasamingur

Ef aðgerðir nefndar hér að framan eru ekki færar þá getur fyrirtæki óskað eftir greiðslustöðvun og/eða heimild til að gera nauðasamninga við lánardrotna sína. Tilurð nauðasamningsdraga, hvort heldur í frjálsu eða formlegu nauðasamningsferli, er gjarnan með þeim hætti að fyrirtækið, stjórn eða stjórnendur þess leita aðstoðar ráðgjafa og stærstu kröfuhafa við mótun á efni nauðasamningsins. Mótun á efni samningsins fer oft fram á meðan greiðslustöðvun fyrirtækisins stendur, en það úrræði veitir fyrirtækinu ráðrúm til þess að leggja drög að því að koma nýrri skipan á fjármál sín, án þess að kröfuhafar þess geti gengið að fyrirtækinu í því skyni að fá fullnustu krafna sinna.

Þegar tekin er afstaða til nauðasamings er m.a. horft til eftirfarandi viðmiða:

- Að eftirstöðvar skulda og nýtt eigið fé sé a.m.k. 10% umfram heildarvirði eða endurmetið eignavirði, hvort sem er hærra.
- Ef breyta á óveðtryggðum skuldum í hlutfé sem rúmast innan heildarvirðis þá sé miðað við að þær skuldir séu metnar jafnhátt og nýtt eigið fé.

Skýringar við ársreikning samstæðu

Lánsáhætta

51 Lánsáhætta

Útlánaáhætta er skilgreind sem áhættan á að samstæðan verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að aðili að fjármálagerningi, viðskiptamaður, standi ekki við skuldbindingar sínar.

Vegna fjármálakreppunar er óvissa um endurheimtur af lánasafni frekar mikil. Á árinu 2009 var stór hluti lána í greiðslufrýstingu eða í vanskilum vegna efnahagsástandsins á Íslandi. Geta viðskiptavina til að borga af skuldum sínum minnkaði vegna falls krónunnar, hárri vaxta og mikillar skuldsetningar. Talið er að endurskipuleggja þurfi útlán bankans til fyrirtækja á árunum 2010 og 2011. Slík endurskipulagning felur í sér skilmálabreytingar lánasamninga, umbreytingu skulda í hlutafé og breytingu lána í erlendri mynt yfir í lán í íslenskum krónum í þeim tilfellum þar sem viðskiptavinir hafa litlar eða engar tekjur í erlendri mynt.

Lánsáhætta er stærsta einstaka áhættan sem samstæðan stendur frammi fyrir og hún verður aðallega til vegna útlána og krafna á viðskiptavinum og fjárfestinga í skuldabréfum. Lánsáhætta verður einnig til vegna útgefna ábyrgða og bankatrygginga sem skuldbinda samstæðuna gagnvart þriðja aðila þegar viðskiptavinur getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Ábyrgðir og skjalaábyrgðir eru veðtryggðar með þeim vörusendingum sem þær tengjast og því stafar minni áhætta af þeim en af beinum útlánum. Ónotaðar lánsheimildir fela í sér skuldbindingar um að auka við útlán eða ábyrgðir. Samstæðan getur því hugsanlega orðið fyrir tapi sem nemur heildarfjárhæð ónotaðra lánsheimilda.

52 Stýring lánsáhættu

Samstæðan stýrir lánsáhættunni með því að setja mörk á ásættanlega vegna áhættu til einstakra lántakenda eða hópa tengdra lántakenda. Slík mörk eru vöktuð og endurskoðuð reglulega. Lánsáhætta er einnig stýrt með því að breyta útlánamörkum eða með því að afla æskilegra trygginga fyrir skuldbindingum viðskiptavina.

Stýring og eftirlit samstæðunnar með lánsáhættu er miðlæg. Bankaráð ákvarðar útlánastefnu samstæðunnar með það að markmiði að stýra heildaráhættu samstæðunnar með eftirliti á samantlagðri áhættu sem stafar af viðskiptavinum og beinum kröfum bankans og dótturfélaga.

Lánsáhætta er stýrt af lánanefnd og undirnefndum hennar. Áhættustýringarvið mælir lánsáhættu og útbýr ítarlegar skýrslur. Útlánastefna, samþykkt af lánanefnd, setur hámark leyfilegrar áhættu gagnvart einstökum lántakendum eða hópum tengdra lántakenda.

Lánanefnd samstæðunnar setur ítarlegar útlánareglur sem byggja á stefnumörkun bankaráðs. Útlánaheimildir eru vel skilgreindar og þrepaskiptar. Útlánaheimildir innan útibúa eru mismunandi og fara eftir stærð útibúa sem og reynslu starfsmanna. Útibússtjórar og viðskiptatenglar fyrirtækja hafa hærri útlánaheimildir. Hæstu útlánaheimild samstæðunnar hefur fyrirtækjasvið. Lán umfram mörk útlánareglanna þurfa að vera borin undir lánanefnd sem getur samþykkt útlán sem falla utan heimilda reglnanna. Lánanefnd framselur og endurskoðar útlánaheimildir starfsmanna og ber ábyrgð á endurskoðun útlánareglanna. Lánanefndin fundar reglulega til að fjalla um allar ákvarðanir tengdar útlánunum sem eru umfram útlánaheimildir útibúa og Fyrirtækjasviðs. Í lánanefnd sitja bankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og fjármálasviðs.

53 Varnir gegn lánsáhættu

Trygging útlána með veðum er hefðbundin aðferð til að lágmarka lánsáhættu. Samstæðan notar ýmsar aðferðir til að draga úr lánsáhættu með því að taka veð til tryggingar á skuldbindingum viðskiptavina þar sem við á, oftast með því að taka veð í eignum viðskiptavinar. Slík veðtaka veitir samstæðunni kröfurétt til þessara eigna til tryggingar bæði núverandi og framtíðar skuldbindingum viðskiptavinar.

Fjárhæð og tegund trygginga ræðst af mati á lánsáhættu sem tengist mótaðilanum. Samstæðan setur reglur um matsaðferðir og ásættanleika mismunandi tegunda trygginga. Útlán samstæðunnar eru m.a. tryggð með veði í íbúðar- eða atvinnuhúsnæði, jarðnæði, verðbréfum, flutningaskipum, fiskiskipum ásamt óframseljanlegum veiðiheimildum, flugvélum o.s.frv. Samstæðan tekur einnig veð í kröfum og rekstrarfjármunum, svo sem vélbúnaði, tækjum, hráefni og birgðum, til tryggingar lánunum. Húsnæðislán eru tryggð með veði í undirliggjandi fasteign. Ekki eru gerðar jafn strangar kröfur til tryggingar skammtímalána til einstaklinga á borð við yfirdráttarlán og kreditkortalán.

Þar sem því verður komið við fylgjast stjórnendur með markaðsvirði trygginga og geta krafist aukinna trygginga í samræmi við undirliggjandi lánasamning.

Núverandi umræða og pólitísk umfjöllun um hugsanlegar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfi á Íslandi, sem getur falið í sér þrepaskipta afturköllun á kvóta frá núverandi eigendum hans, kann að draga úr virði þeirra fiskiskipa sem mynda tryggingar fyrir hluta af útlánasafni bankans til fyrirtækja. Slík breyting kynni því að hafa neikvæð áhrif á virði útlánasafns bankans en sem stendur er ómögulegt að meta slík áhrif.

Samstæðan hyggst innleiða nýtt tryggingakerfi í bankanum árið 2010. Hið nýja kerfi er þróað af bankanum og gerir bankanum kleift að greina gæði og virði veða sem tryggja lánasafnið. Tryggingakerfið er hluti af viðskiptamannatengslakerfi bankans.

Til að draga frekar úr lánsáhættu fjármálagerninga gerir samstæðan jöfnunarsamninga sem gera henni kleift að skuldajafna alla samninga sem jöfnunarsamningurinn tekur til ef til vanskila kemur. Samningarnir ná almennt yfir öll markaðsviðskipti milli bankans og viðskiptavinar.

Almennt eru engar tryggingar teknar fyrir útlánunum og kröfum á fjármálafyrirtæki né heldur fyrir skuldabréfum og skuldagerningum.

Skýringar við ársreikning samstæðu

54 Mæling lánsáhættu

Samstæðan fylgist með áhættum til að greina merki um veikleika í tekjum og lausafjárstöðu viðskiptavina eins fljótt og auðið er. Á grundvelli upplýsinga um viðskiptavinir hefur samstæðan þróað líkön til að spá fyrir um líkur á því að viðskiptavinir standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart samstæðunni, eða líkur á vanskilum. Líkur á vanskilum eru líkurnar á því að lán verði 90 daga í vanskilum innan næstu 12 mánaða, samkvæmt skilgreiningu Basel II reglnanna. Útreiknaðar vanskilalíkur samstæðunnar eru fyrir hvern tíma. Viðskiptavinum samstæðunnar er skipt í útlánaflokka eftir gæðum. Matsskalinn endurspeglar líkurnar á vanskilum fyrir hvern áhættuflokk. Þetta hefur það í för með sér að áhættur færast milli flokka í samræmi við breytingar á mati á vanskilalíkum. Vinna við yfirferð og uppfærslu á matstækjum samstæðunnar í ljósi þróunar í íslenska efnahagslífinu eftir október 2008 hófst árið 2009 og mun halda áfram á árinu 2010.

Í stað þess að nota matsskala á bilinu 1 til 13 notar samstæðan aðra flokkun fyrir viðskiptavinir sem áttu lán og kröfur sem færðust til bankans frá Landsbanka Íslands hf. Einfalt kerfi var hannað með því að búa til eftirfarandi þrjá áhættuhópa: grænn, gulur og rauður. Í græna flokkinn falla viðskiptavinir sem glíma við tímabundna erfiðleika sem líkur eru á að ljúki samfara hagvexti og/eða styrkingu krónunnar. Í gula hópinn falla viðskiptavinir sem ekki geta staðið undir öllum skuldbindingum sínum og þar sem hugsanlega er búist við gjaldþroti. Lán til viðskiptavina sem falla í rauða hópinn eru metin út frá virði trygginga.

Svipaðir áhættuþættir eru notaðir til að skipta hópum lántakenda með lánaskuldbindingar yfir 500 milljónir í rauðan, grænan og gulan áhættuflokk út frá núverandi flokkunarkerfi bankans.

Áhættuhópar	Skilgreining	Líklegar aðgerðir
Grænn	Fyrirtækið getur staðið við skuldbindingar sínar.	Ekki gert ráð fyrir virðisrýrnun.
Gulur	Fyrirtækið getur ekki staðið við allar greiðsluskuldbindingar sínar. Þarfnast fjárhagslegrar endurskipulagningar.	Virðisrýrnun færð. Endurskipulagning lána, afborgunum frestað að hluta eða heild. Láni breytt í víkjandi lán. Lánun breytt í hlutafé.
Rauður	Fyrirtækið getur ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar og/eða viðskiptalíkan óraunhæft.	Gengið að veðum og fyrirtækið selt eða stjórnnun þess yfirtekin tímabundið af samstæðunni.

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun útlána og krafna til viðskiptavina miðað við áhættuflokk:

Bókfært verð 31. desember	2009	2008
Hópar lántakenda með lánaskuldbindingar yfir 500 milljónum		
Grænn	107.407	125.522
Gulur	220.150	248.930
Rauður	40.027	47.247
Hópar lántaka með lánaskuldbindingar undir 500 milljónum	299.538	283.483
Samtals	667.122	705.182

Þar sem því var komið við var lánshæfismat frá Moody's eða sambærilegt ytra mat notað til viðmiðunar við stýringu á lánsáhættu skuldabréfa. Að öðrum kosti notaði samstæðan mat á gangvirði byggt á tiltækum upplýsingum og eigið mat samstæðunnar.

55 Virðisrýrnun útlána

Samkvæmt reglum samstæðunnar eru einstaka fjáreignir umfram mikilvægismörk skoðuð að minnsta kosti ársfjórðungslega eða oftar ef aðstæður krefjast. Virðisrýrnun fyrir hvert útlán sem er umfram mikilvægismörk er ákveðin í hverju tilfelli fyrir sig með því að meta það tap sem hefur átt sér stað á reikningsskiladegi. Mat á almennri virðisrýrnun er heimilt í eftirfarandi tilfellum: (i) söfn einsleitra lána sem hvert og eitt er innan mikilvægismarka, og (ii) tap sem hefur átt sér stað en er ekki enn sérgreint, byggt á sögulegri reynslu, upplýstu mati og tölfræðilegum reikniaðferðum.

Ef endurskoðun á væntu sjóðstreymi leiðir til endurmats á núvirði sjóðstreymis (reiknað miðað við virka vexti) er mismunurinn færður í rekstrarreikning (sem virðisrýrnun eða vaxtatekjur). Virðisrýrnun er reiknuð út frá virkum vöxtum fyrir endurmat á væntu sjóðstreymi. Leiðréttingar á bókfærðu verði sem eru gerðar vegna endurmats á væntu sjóðstreymi eru færðar í rekstrarreikning. Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar viðskiptavina samstæðunnar á árinu 2009 endurspeglast í virðisrýrnun útlána enda hefur vænt sjóðstreymi viðskiptavina breyst.

Samstæðan mælir og leggur mat á áhrif gjalmiðlagensbreytinga á fjárhagslegan styrk hvers lántaka eða hóps lántaka. Hluti viðskiptamanna bankans eru með allar eða hluta sinna tekna í erlendri mynt á meðan aðrir viðskiptamenn hafa takmarkaðar eða engar tekjur í erlendri mynt. Gengisfall íslensku krónunnar hefði meiri áhrif á viðskiptavinir með engar eða litlar tekjur í erlendri mynt.

Skýringar við ársreikning samstæðu

56. Hámark lánsáhættu og samþjöppun hennar miðað við atvinnugreinar

Töflurnar hér fyrir neðan sýna hámark lánsáhættu samstæðunnar í lok árána 2009 og 2008 án tillits til veða eða annarra viðbótartrygginga. Fjárhæðir fjáreigna sem eru eignfærðar í efnahagsreikningi eru sýndar hér að neðan byggð á hreinu bókfærðu verði eins og það er fært í efnahagsreikningi. Fjárhæðir sem eru utan efnahagsreiknings sem eru sýndar í töflunum eru hámarksfjárhæðir sem samstæðan gæti þurft að greiða í tengslum við ábyrgðir, heildar lánsheimildir, ónýttar yfirdrátt og kreditkortalán. Lán til einstaklinga eru húsnæðislán og neytendalán. Neytendalán samanstanda af yfirdráttarlánum, skuldabréfalánum í krónum og lánum í erlendri mynt, svo eittthvað sé nefnt.

